SARA MARTI GUÐMUNDSDÓTTIR
*Gimsteinar leynast víða*
Tíska Heimili Heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



REBEKKA GUÐLEIFSDÓTTIR
*Fleiri myndum stolið*
Seldar í leyfisleysi á iStockphoto
FÓLK 58






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. febrúar 2008 — 37. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

# Gert að selja orðabókina og réttinn að verkum Laxness

**Meðal skilyrða Samkeppniseftirlits fyrir sameiningu JPV og Máls og menningar er að fyrirtækið selji frá sér útgáfurétt að verkum Halldórs Laxness og Íslenskri orðabók. „Alvarleg tíðindi," segir ritstjóri orðabókarinnar.**

**VIÐSKIPTI** Nýstofnuðu Forlagi hefur verið gert að selja frá sér útgáfuréttinn að Íslenskri orðabók og heildarverkum Halldórs Laxness.

Þetta er meðal 21 skilyrðis sem Samkeppniseftirlitið setti Forlaginu fyrir sameiningu JPV-útgáfu og flestra þeirra forlaga sem áður voru undir hatti Eddu-útgáfu. Þar á meðal eru Mál og menning og Vaka-Helgafell.

Heimildir Fréttablaðsins herma að útgáfuréttur orðabókarinnar geti numið hundrað milljónum króna og verk Laxness hlaupi á fleiri tugum milljóna.

Mörður Árnason, ritstjóri Orðabókarinnar, segir að útgáfa Íslenskrar orðabókar sé nú í uppnámi. Hann óttist um framtíð hennar: „Þetta eru alvarleg tíðindi því ef raunverð er sett á þessa bók og útgáfuréttinn sé ég ekki að nokkurt annað forlag geti keypt hana. Það væri þá ríkið eitt. Þessi útgáfa krefst afar þolinmóðs fjármagns og það er kominn tími til að huga að næstu útgáfu. Íslensk orðabók þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Ég er satt best að segja dauðhræddur við þetta."

Mörður telur að menntamálaráðherra ætti að láta til sín taka og annaðhvort kaupa orðabókina til ríkisins eða styðja almenna bókaútgáfu til verksins.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, vill ekki tjá sig sérstaklega um verkin sem á að selja enda sé salan trúnaðarmál. Spurður um almennar faglegar kröfur til væntanlegra kaupenda bendir hann á að í úrskurðinum sé kveðið á um að kaupandi skuli hafa „fullnægjandi þekkingu á hinum selda rekstri".

Téð þekking er ekki nánar skilgreind en sá sem kemur til með að meta hvað teljist til hennar verður svokallaður „umsjónarmaður söluandlags", skipaður af Samkeppniseftirlitinu að fengnu áliti Forlagsins.

Jóhann Páll Valdimarsson, útgáfustjóri Forlagsins, vill heldur ekki tjá sig um sölu einstakra verka. Hann gleðjist fyrst og fremst yfir því að niðurstaða sé fengin: „Við höldum okkar striki."

klemens@frettabladid.is

## FIMMTUDAGUR

### Vill frekar nota orðið mús



Ár rottunnar er hafið. Dong Qing Gua fullyrðir að gott ár sé í vændum. Ár endurnýjunar og frjórra hugmynda.

TÍMAMÓT 38

### Sendir vinjettuhöfundi tóninn



Sigurður A. Magnússon hefur ýmislegt við frásögn Ármanns Reynissonar um Indlandsför sína að athuga.

FÓLK 48

### Skakkar forsendur

Helgi Áss Grétarsson segir að íslenska ríkinu hafi ekki tekist að leiðrétta þann ófullnægjandi skilning sem Mannréttindanefnd SÞ hafði um lagastaðreyndir kvótakerfisins.

UMRÆÐAN 36

### Biðin á enda



Tryggvi Guðmundsson batt enda á markaþurrð landsliðsins undir stjórn Ólafs Jóhannessonar og landsliðið sigraði í fyrsta sinn undir hans stjórn í gær.

ÍÞRÓTTIR 52

### VEÐRIÐ Í DAG




**HVASST** Þegar kemur fram á morguninn verður hvöss suðvestan átt víðast hvar með byljóttum vindi. Snjókoma eða slydda en rigning austan til. Styttir upp eystra eftir hádegi annars él. Hiti 0-4 stig sunnan og austan til annars vægt frost.

VEÐUR 4



**LOGAR Í BRUNAGADDI** Það var í nógu að snúast hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í gær. Um miðjan dag kom upp eldur í byggingarkrana í Borgartúni og um svipað leyti kom tilkynning um eld í nýbyggingu við Hlíðarhjalla í Kópavogi. Þá kviknaði í nýbyggingu við Lambhagaveg í gærkvöldi. Engan sakaði í eldsvoðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hollendingur tekinn:

## Með rúmlega kíló af kókaíni falið í tösku

**LÖGREGLUMÁL** Hollendingur á fimmtugsaldri var tekinn við komuna hingað til lands í fyrrakvöld. Hann reyndist vera með 1,2 kíló af kókaíni vandlega falið í ferðatösku sinni.

Maðurinn var að koma frá Amsterdam þegar hann var stöðvaður af Tollgæslunni á Suðurnesjum við hefðbundið tolleftirlit. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum krafðist gæsluvarðhalds yfir honum í gær, sem Héraðsdómur Reykjaness féllst á. Maðurinn var úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald. Málið er í rannsókn en verðmæti efnisins á götuna gæti verið hátt í fimmtíu milljónir króna

Auk Hollendingsins sitja nú sex í gæsluvarðhaldi vegna fíkniefnasmygls um Leifsstöð. Þar á meðal fjórir vegna hraðsendingar sem tollgæsla lagði hald á í nóvember. Í henni voru um fimm og hálft kíló af fíkniefnum sem komu hingað til lands frá Þýskalandi. - jss

Guðlaugur Þór Þórðarsson heilbrigðisráðherra telur tóbakslög duga vel:

## Ráðherra fordæmir reykherbergi

**REYKINGAR** „Mér finnst fáránlegt að þingið sé með sitt eigið reykherbergi. Einhvern veginn finnst mér að löggjafarsamkoman verði að ganga á undan með góðu fordæmi," segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra.

Guðlaugur Þór segist hafa fengið mikil viðbrögð víða frá vegna reykingaaðstöðu þingmanna. Þó að heimilt sé gagnvart lögum, með undanþágum, að koma upp reykherbergi fyrir starfsfólk, er þetta herbergi heilbrigðisráðherra þyrnir í augum.

Meðan Reykjavík logaði í bókstaflegri merkingu, en reykinn lagði út af skemmtistöðum borgarinnar þar sem gestir höfðu kveikt sér í sígarettum, var heilbrigðisráðherra staddur í Svíþjóð. Málið er nú á hans borði en spurður að því hvort lögin megi ekki heita óskýr vísar Guðlaugur Þór í álit sérfræðings ráðuneytisins. Hann segir málið í góðum farvegi og telur viðurlög fyrir hendi þrátt fyrir álit lögmanns eigenda Barsins sem segir svo ekki vera. Guðlaugur segist, að óathuguðu máli, ekki gefa frumvarpi um rýmkun á tóbakslögum atkvæði sitt.

- jbg / sjá síðu 58



* Innifalið í verði: Flug aðra leið og flugvallarskattar.






**SPURNING DAGSINS**



*Grétar, ertu samansaumaður?*

„Já í orðsins fyllstu merkingu – allan hringinn.“

Grétar Mar Jónsson alþingismaður er að jafna sig eftir umfangsmikla lýtaaðgerð, sem skildi eftir fleiri sauma en hann hefur tölu á.

Erfiðlega gengur að farga tveimur miltisbrandssýktum kúahræjum:

# Miltisbrandshræ enn í gámi

**HEILBRIGÐISMÁL** Tveimur miltisbrandssýktum kúahræjum, sem voru grafin upp í Garðabæ í nóvember, hefur ekki enn verið fargað. Um áramótin veitti umhverfisráðuneytið undanþágu til að farga hræjunum en þau eru enn geymd í læstum gámi.

Grafa kom niður á hræin við framkvæmdir á byggingarlóð í Hraunsholti í Garðabæ, og var yfirdýralækni gert viðvart. Eiturefnakafarar slökkviliðsins voru síðar fengnir til að fjarlægja þau, og var þeim komið fyrir í vatnsþéttum skipagámi.

Í ljós kom að hræin voru af kúm sem drápust úr miltisbrandi árið 1941. Miltisbrandur er í flokki alvarlegustu smitsjúkdóma samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma.

Upphaflega átti að farga hræjunum í Sorpbrennslu Suðurnesja, en hún hafði ekki leyfi til að farga úrgangi af þessu tagi. Þá sendi matvælastofnun erindi til Umhverfisstofnunar, sem sótti um undanþágu til förgunar hjá umhverfisráðuneytinu. Sú undanþága var veitt Sorpsamlagi Þingeyinga 2. janúar en ekkert hefur gerst í málinu síðan.

„Ég hef ekki skoðað þetta mál síðustu daga, það þarf bara að rifja þetta upp,“ segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir. **- sþs**



**MILTISBRANDUR** Eiturefnakafari slökkviliðsins skolar skóflu gröfunnar sem kom niður á hræin í nóvember. Þó miltisbrandur sé í flokki alvarlegustu smitsjúkdóma í dýrum hefur hræjunum ekki enn verið fargað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hagnaður upp á 3,3 milljarða:

## Afkoma SPRON sögð viðunandi

**VIÐSKIPTI** Hagnaður hluthafa SPRON vegna ársins 2007 nemur 3.287 milljónum króna, samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær. Hagnaður á hlut er 65,7 aurar.

Arðsemi eigin fjár SPRON er 11,5 prósent á ársgrundvelli. Af grunnrekstri er arðsemin hins vegar 17,1 prósent, en þá hafa verið bakfærðir rekstrarliðir vegna fjárfestinga og leiðréttar vaxtatekjur sem nema kostnaði samstæðunnar af því að vera með hlutabréfa- og skuldabréfastöður.

Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, segir afkomuna vel viðunandi í ljósi mikilla lækkana á hlutabréfamörkuðum. **- óká**

# Skýrsla stýrihóps er harður áfellisdómur

**Skýrsla stýrihóps um málefni REI verða kynnt fyrir borgarráði í dag. Áfellisdómur yfir stjórnsýslu málsins. Ekki ljóst hver gætti hagsmuna Orkuveitunnar. Borgarfulltrúi Framsóknarflokksins harmar að skýrslan hafi komist til fjölmiðla.**

**BORGARMÁL** Í skýrslu sem stýrihópurinn um málefni REI kynnir fyrir borgarráði í dag segir að fjölmörg mistök hafi átt sér stað í samninga- og ákvarðanatökuferli um sameiningu REI og Geysis Green Energy. Ennfremur segir að sú staðreynd að endurskoða þurfi marga þætti málsins sé áfellisdómur yfir allri stjórnsýslu málsins.

Stýrihópurinn gerir það að tillögu sinni að REI verði alfarið í eigu Orkuveitunnar og hafi það hlutverk að sinna þróunar- og fjárfestingaverkefnum erlendis.

Stýrihópurinn segir að aðkoma FL-Goup hafi verið mikil og jafnvel ráðandi í málinu. Þá hafi ekki verið ljóst hver gætti hagsmuna Orkuveitu Reykjavíkur við samningsgerðina.

Auk þess er það gagnrýnt að umboð og valdsmörk stjórnenda REI hafi verið óljós. Til dæmis hafi hluthafasamkomulagið í REI við innkomu Bjarna Ármannssonar verið undirritað af hálfu Orkuveitunnar af starfandi forstjóra félagsins án þess að fyrir lægi umboð til þess frá stjórninni. Einnig er gagnrýnt að Guðmundur Þóroddsson, forstjóri REI, hafi farið utan með tiltekin fyrirheit án þess að þau hefðu verið kynnt fyrir stjórnum GGE og REI.

Í skýrslunni segir orðrétt: „Þjónustusamningur til 20 ára milli OR og REI, sem telja má að feli í sér einkavæðingu á allri starfsemi OR utan Íslands, er stefnubreyting sem kjörnir fulltrúar í þeim þremur sveitarfélögum sem eiga Orkuveitu Reykjavíkur hefðu átt að fá tækifæri til að ræða og taka afstöðu til. Jafnframt hefði að mati stýrihópsins verið eðlilegt að kjörnir fulltrúar eigenda tækju afstöðu til þess hvort kaupa ætti hlutafé fyrir 14 milljarða króna í hlutafélagi sem tæki þátt í áhætturekstri á erlendum vettvangi.“

Stýrihópurinn er einnig sammála um að í ferlinu hafi orðið trúnaðarbrestur milli æðstu stjórnenda REI og OR annars vegar og síðan ákveðinna borgarfulltrúa hins vegar.

Gísli Marteinn Baldursson, sem sæti á í stýrihópnum, vildi ekki tjá sig um skýrsluna þegar Fréttablaðið leitaði til hans í gær.

„Ég harma það að einhver skyldi leka þessari skýrslu til fjölmiðla í stað þess að leyfa okkur að vinna þetta í friði og kynna svo fyrir borgarráði,“ segir Óskar Bergsson sem einnig sat í stýrihópnum.

**jse@frettabladid.is**



**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** Í skýrslunni kemur fram að þjónustusamninga OR og REI hafi falið í sér einkavæðingu á allri starfsemi OR utan Íslands.

Alþjóðlegur samanburður:

## Hæsta verðið er hér á landi

**NEYTENDUR** Verð á mat- og drykkjarvörum var 64 prósentum hærra hér en að jafnaði í ríkjum Evrópusambandins (ESB), árið 2006, að því er fram kemur í Hagtíðindum Hagstofunnar. Verðið er hvergi hærra en hér. Miðað er við verð á matarkörfu með ýmsum vörum. Þar á meðal mjólk, kjöti, eggjum og brauði. Það fer eftir gengi krónunnar hversu miklu munar á Íslandi og meðalverði í ESB. Fram kom í skýrslu norrænna samkeppnisyfirvalda árið 2005 að innflutningshömlur á búvörum væru helsta ástæða hás vöruverðs hérlendis. **- ikh**



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Skilar vatni seinni hluta næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tóku tilboði í Hellisheiðaræð:

## Klæðning bauð 1.111.111.111 kr.

**VEITUMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á föstudag tilboð Klæðningar ehf. í lagningu svokallaðrar Hellisheiðaræðar.

Tilboð Klæðningar upp á 1.111.111.111 krónur er um 85 prósent af kostnaðaráætlun Orkuveitunnar. Lægra tilboð barst frá félaginu Urð og grjót ehf. en það stóðst ekki skilmála sem settir voru um styrkleika vertaka að sögn Eiríks Hjálmarssonar, upplýsingafulltrúa Orkuveitunnar.

Áætlað er að Hellisheiðaræð skili heitu vatni til höfuðborgarsvæðisins á seinni hluta árs 2009. **- gar**



**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON** Formaður menntasviðs Reykjavíkurborgar færði kennurum gleðitíðindi á fjölmennri kennararáðstefnu á Nordica hóteli í gær.

Menntaráð Reykjavíkur:

## Kennarar fá álagsgreiðslu

**MENNTAMÁL** Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar, sagði á kennararáðstefnu sem haldin var á Nordica hóteli í gær að borgin hygðist greiða framlag til kennara vegna aukins álags sem þeir hafa mátt þola síðustu misserin.

Hann segir í samtali við Fréttablaðið að frekari útfærsla verði að öllum líkindum kynnt á borgarráðsfundi í dag. „Mér fannst rétt að segja frá þessu svo þeir vissu að við hefðum skilning á aðstæðum þeirra. Að við værum í raun þakklát fyrir að þeir skuli hafa tekið á sig aukaálag til að sinna ýmsum verkefnum, sem hafa jafnvel hafa verið fyrir utan venjulegan vinnutíma. Kennarar hafa stigið ölduna í því ástandi sem verið hefur þar sem mannekla hefur verið.“ **- jse**

**SLÖKKVILIÐ**

### 73 sjúkraflutningar í gær

Álagið á slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var svo mikið í gær að litlu munaði að ársgamalt met yrði slegið í fjölda sjúkraflutninga. Flest útköll sem sjúkraflutningamenn á tólf tíma vakt hafa fengið er 78 en í gær fóru sjúkraflutningamenn í 73 útköll. „Þá var dælubíllinn kallaður níu sinnum út sem telst mjög mikið,“ segir Guðmundur Guðjónsson, innivarðstjóri.




Ökumaður steypubíls missti stjórn á bílnum á Grundartanga í gærkvöld:

# Rann alla leið út í sjó

**GRUNDARTANGI** Ökumaður steypubíls BM Vallár missti stjórn á bílnum við álver Norðuráls á Grundartanga í gærkvöldi. Bíllinn skautaði í hálkunni yfir vegarkant í beygju og út í sjó.

Bíllinn fór talsvert langa leið niður í flæðarmálið, yfir hliðið sem afmarkar álverssvæðið og nokkra metra út í sjóinn.

Ökumanninum tókst að opna hurðina og sjónarvottar renndu fleka til hans og hjálpuðu honum í land. Hann leitaði síðan aðstoðar í álverinu.

Steypubíllinn marar hálfur í kafi. Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri BM Vallár, segir að bílstjórinn hafi sloppið ómeiddur og það sé fyrir mestu. Hann hafi verið að koma með steypu frá Akranesi í álverið.

Lögregla var kölluð á staðinn og skýrsla tekin af manninum. Þorsteinn á von á því að bíllinn sé ónýtur en segir að það komi betur í ljós á morgun.

„Það á eftir að kanna nákvæmlega hvernig þetta bar að og hvort ökumaðurinn hafi verið á of mikilli ferð eða ekki. Það verður farið yfir málið í dag og bílnum náð upp úr sjónum. Það er ekki til neins að hætta mönnum við það í myrkri,“ sagði Þorsteinn í gærkvöld.



**Í SJÓNUM** Ökumaður steypubíls missti stjórn á honum og rann bíllinn alla leið út í sjó. Á myndinni má sjá förin eftir bílinn í snjónum. FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS MAGNÚSSON

Éljagangur var á Grundartanga þegar slysið átti sér stað. **- ghs**

# RÝMINGAR SALA

## Á ÚLPUM OG FLÍSPEYSUM

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



3.999

Úlpa
5869237-42

1.999

Flíspeysur
5860829-33 / 5860823-27

# BETRI KAUP

## Í HÚSASMIÐJUNNI



999
~~1.995~~

Hamar
**Cosmos**, 20 oz
5003075



799
~~1.299~~

Loftljós
Discos
6003250-1



56.999

Uppþvottavél
**Electrolux**, ESF 64020X, 5 þvottakerfi, Fuzzy logic þvottatækni sem aðlagar tíma, hitastig og vatnsnotkun eftir þörfum, þvotthæfni A, þurrkhæfni A, orkunýtni A, afar hljóðlát, 47 dB, 12 manna
1808860

2.999




Veggmálning
Gljástig 7, beinhvít, 10 ltr
7119800

Sniðug vara

595



Fuga Fresca
Frískar upp á litinn á fúgunni og hægt er að lita hana
8411810-6

50% afsláttur



Rúllusett
**Anza**, 23 sm
7014821

699
~~1.399~~

Sama lága verðið um land allt

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ 06.02.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,83 | 66,15 |
| Sterlingspund | 128,9 | 129,52 |
| Evra | 96,13 | 96,67 |
| Dönsk króna | 12,897 | 12,973 |
| Norsk króna | 11,932 | 12,002 |
| Sænsk króna | 10,168 | 10,228 |
| Japanskt jen | 0,6175 | 0,6211 |
| SDR | 103,98 | 104,6 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

126,9569

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tilraun til að ná kindunum sex niður úr Ólafsvíkurenni mistókst:

# Tóku strikið upp í syllur á ný

**BÚFJÁRHALD** Tilraun sem gerð var til að ná sex kindum niður úr Ólafsvíkurenni í gær tókst ekki. Þær voru komnar nokkuð neðarlega í fjallið, en tóku strikið upp á syllurnar aftur þegar þær urðu varar við mannaferðir.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá eru kindurnar búnar að vera í Enninu síðan í haust. Þær hafa ekki náðst niður þrátt fyrir tilraunir til þess. Upphaflega voru þær sjö en eru nú sex, þar sem ein er talin hafa runnið í hálku og hrapað til bana. Bæði er um að ræða fullorðnar kindur og lömb.

„Það er ein kindin sem ræður ferðinni og er eldstygg. Hún virðist ráða alveg yfir hinum og þær fara á eftir henni,“ segir Margrét Þorláksdóttir, annar eigenda kindanna. „Hún ætlar bara ekki niður hvað sem á gengur.“

Að sögn Margrétar fór hinn eigandi kindanna upp í Ennið við annan mann upp úr hádeginu í gærdag því þeir sáu að kindurnar voru komnar neðarlega í fjallið. Þótti því lag að reyna að ná þeim. Mennirnir voru með hund með sér en það dugði ekki til. Þeir urðu frá að hverfa vegna hálku ofar í fjallinu.

„Það verður reynt aftur,“ segir Margrét og bætir við að vonandi viðri vel til þess að hægt verði að ná kindunum niður. - jss



**KINDURNAR Í ÓLAFSVÍKURENNI** Eru ekki á því að láta ná sér.

Flutningur verkefna frá ríkinu:

# Sveitarfélögin fá fatlaða 2011

**ALÞINGI Miðað er við að sveitarfélögin taki yfir málefni fatlaðra í ársbyrjun 2011.**

**Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra upplýsti það á Alþingi í gær í svari við fyrirspurn Rósu Guðbjartsdóttur, Sjálfstæðisflokki. Rósa grennslaðist einnig fyrir um hug ráðherra til fjölbreytni í rekstrarformum sambýla fatlaðra og sagðist Jóhanna hlynnt athugun á slíku.**

**Árni Þór Sigurðsson, VG, varaði við að þingið fjallaði um breytt rekstrarform enda sveitarfélaganna að ákveða eftir að málaflokkurinn verður kominn á þeirra forræði.** - bþs

Grétar Mar Jónsson:

# Undrast þögn þjóðkirkjunnar

**STJÓRNMÁL** Grétar Mar Jónsson, Frjálslynda flokknum, furðar sig á að prestar þjóðkirkjunnar hafi ekki tjáð sig um álit Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið.



**GRÉTAR MAR JÓNSSON**

„Mannréttindabrot eru staðfest. Það kemur fram berum orðum að ekki megi mismuna Jóni og séra Jóni,“ segir Grétar Mar.

Hann bendir á að prestar séu duglegir við að fjalla um mannréttindabrot í fjarlægum löndum. Þeim mun háværari sé þögn þeirra nú þegar íslensk stjórnvöld eru uppvís að mannréttindabrotum. - bþs

Skrílslæti unglinga:

# Slagsmál í Kringlunni

**LÖGREGLUMÁL „Þau skiptu sér í hópa og áttu eitthvað sökótt við hvert annað,“ segir Viðar Jökull Björnsson, rekstrarstjóri Kringlunnar, um ólæti unglinga í Kringlunni í gær. Hann segir daginn hafa byrjað vel með því að yngri börn hafi sungið fyrir verslunareigendur. Upp úr hádegi hafi margir unglingar komið í Kringluna og hluti þeirra látið ófriðlega. Hafi öryggisverðir brugðist við og komið þeim út úr húsi.**

**„Þessi dagur er vinsæll hvað varðar aðsókn í húsið en svona ólæti höfum við ekki séð í nokkur ár,“ segir Viðar. Hann segir bæði öryggisverði og lögregluþjóna, sem kallaðir voru til, þekkja hvernig eigi að takast á við svona aðstæður og því hafi allt verið undir fullkominni stjórn.** - ovd

# Blæs nýju lífi í glæsivillu

## Húsið á Þingholtsstræti 29a verður endurnýjað í upprunalegri mynd. Fjárfestirinn Ingunn Wernersdóttir segist ætla að gera húsið að fjölskylduhúsi á ný. Ingunn kveðst þó ekki hafa ákveðið hvort hún búi þar sjálf.

**FASTEIGNIR** Ingunn Wernersdóttir fjárfestir er að breyta Þingholtstræti 29a aftur í fjölskylduhús.

„Það er verið að endurnýja húsið og gera það í eins upprunalegri mynd og hægt er,“ segir Ingunn.

Hið glæsilega einbýlishús Þingholtstræti 29a var byggt árið 1916 af þýska kaupmanninum Obenhaupt. Ólafur Johnsen stórkaupmaður átti húsið næst. Starfsbróðir hans Árni Jónsson eignaðist síðar húsið en seldi það árið 1952 til Reykjavíkurborgar sem rak þar aðalbókasafn sitt til ársins 2000. Þá keypti Guðjón Már Guðjónsson í OZ húsið. Hann seldi það norska listmálaranum Odd Nerdrum tveimur árum síðar. Ingunn keypti húsið síðan af Oddi í fyrra og er þar með orðinn sjöundi eigandi þess.

Ingunn segir miklar breytingar hafa verið gerðar á innviðum hússins í gegnum árin. Fyrst og fremst hafi Borgarbókasafnið lagað húsakynnin að starfsemi sinni. „Húsið var byggt sem fjölskylduhús og ég ætla að breyta því í þannig horf og gera það íbúðarhæft,“ segir Ingunn.

Reiknað er með að endurnýjun hússins taki um tvö ár. Ingunn segist hafa sér til fulltingis verktaka, arkitekt og verkfræðing sem hafi mikla reynslu af því að gera upp gömul hús.

„Húsið er því miður afar illa farið. Til dæmis eru þakrennur ónýtar og það lekur með þakinu. Það hefur skemmt út frá sér því lekanum var ekki sinnt. Eins þarf að endurnýja og lagfæra alla glugga. Hér eru voldugir og virðulegir gluggar sem voru með bæði innri og ytri gluggahlerum en einhver hefur tekið sig til og hent nánast öllum innri hlerunum. Það er líka búið að henda mörgum gömlum hurðum og ofnum. Þetta þarf að endurgera sem er auðvitað heilmikið verkefni en á endanum verður þetta mjög skemmtilegt,“ segir Ingunn.

Framkvæmdir innanhúss eru þegar hafnar. Ingunn segir mörg lög af illa förnu parketi hafa komið í ljós, hvert öðru verra. „Þannig að nú verður að finna eitthvert gamaldags parket,“ segir hún.

Aðspurð kveðst Ingunn enn ekki hafa ákveðið hvort hún flytji sjálf inn í Þingholtsstræti 29a: „Ég er ekki alveg ákveðin en þetta verður að minnsta kosti hús fyrir fjölskyldu.“

gar@frettabladid.is



**VILLA FRIDA** Hús Ingunnar Wernersdóttur hefur verið kallað ýmsum nöfnun í gegnum tíðina. Esjuberg er þekktasta heiti þess en fyrsti eigandinn nefndi það Villa Frida eftir eiginkonu sinni. Ingunn er að hugsa um að taka það nafn upp aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**NÝTT ELDHÚS** Í þessum tignarlega sal á fyrstu hæð verður eldhús.



**VERÖNDIN** Rúmgott er á veröndinni.



**STIGINN** Voldugur stigi liggur milli hæða.



**INGUNN WERNERSDÓTTIR**

**BÓKALYFTAN** Margir muna eftir lyftunni sem flutti bækur á milli hæða. Hún verður fjarlægð.








# VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VONT VEÐUR** Núna með morgninum er víða úrkoma á landinu. Snjókoma eða slydda víðast hvar en sumstaðar rigning fyrir austan. Þegar líður á morguninn snýst hann til hvassrar suðvestanáttar með mjög hviðukenndu veðri, hviðum sem geta náð hátt í 30 m/s í námunda við fjöll og háhýsi. Eftir hádegi verður úrkomulítið austan til og allra norðaustast annars él. Í fyrramálið lægir en síðan hvessir smám saman á ný og annað kvöld verður kominn suðaustan stormur með hlýindum og rigningu víða um land.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hægur vindur í fyrstu. Suðaustan stormur um kvöldið.

*» laugardagur*




Hvassviðri

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C hálfskýjað | London | 12°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 7°C hálfskýjað |
| Billund | 7°C alskýjað | París | 10°C hálfskýjað | Lúxemborg | 6°C hálfskýjað |
| Osló | 1 °C alskýjað | Amsterdam | 9°C léttskýjað | Alicante | 18°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 3°C skúrir | Frankfurt | 7°C hálfskýjað | Róm | 14°C heiðskírt |
| Gautaborg | 4°C léttskýjað | Berlín | 8°C hálfskýjað | Las Palmas | 22°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# STÓR OG STERKUR

NÝJA EURO IV COMMONRAIL 184 HESTAFLA DÍSILVÉLIN FULLKOMNAR EINN STERKASTA JEPPA SEM FYRIRFINNST. KOMDU OG PRÓFAÐU.






## Nissan Patrol

**SE** SJÁLFSKIPTUR

KOSTAR AÐEINS

**4.990.000 kr.**

**Staðalbúnaður** er m.a: Hátt og lágt drif, 100% driflæsing að aftan, ABS hemlar, loftpúðar fyrir ökumann og farþega í framsæti, NATS ræsivörn með gaumljósi, hraðastillir (cruise control), loftræsting, hiti í sætum, öll bílbelti 3ja punkta, framsæti með mjóhryggsstuðningi og hæðarstillingu, hitastokkar í afturrými, rafdrifnar rúður og útispeglar, útvarp og 6 diska geislaspilari, 6 hátalarar, 6 glasahaldarar, 12v raftengi, leðurklætt stýri, gír- og drifstangir, viðarklæðning í mælaborði, samlæsingar, litað gler, kastarar í stuðara, 17" álfelgur.

ENNEMM / SÍA / NM31939



## Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

IH
INGVAR HELGASON

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

**KJÖRKASSINN**



*Mun fasteignamarkaðurinn í Reykjavík kólna enn frekar á næstunni?*

| | |
|---|---|
| Já | 73,8% |
| Nei | 26,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Þekkir þú einhvern sem glímir við tölvufíkn?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Þingmaður Sjálfstæðisflokks vill breyta stuðningi ríkisins við mjólkurbændundur:

# Fyrirmyndin sótt í grænmetið

**ALÞINGI** Kjartan Ólafsson, Sjálfstæðisflokki, segir kvótakerfi í mjólkurframleiðslu íþyngjandi fyrir bændur og vill skoða aðrar leiðir við stuðning ríkisins við mjólkurbændur.

Hann horfir til dæmis til þess kerfis sem notað er við grænmetisframleiðslu en þar er tiltekinni fjárhæð varið til stuðnings við framleiðslu hverrar tegundar og fá bændur hlut af henni í hlutfalli við framleiðslu sína. Segir hann kerfið opið og að allir geti hafið framleiðslu.

Kjartan viðraði þessi sjónarmið á þingfundi í gær eftir að Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, hafði opinberað áhyggjur sínar af yfirlýsingum Einars K. Guðfinnssonar landbúnaðarráðherra um hugmynd Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins. Felur hún í sér að ríkið kaupi upp allan mjólkurkvóta af bændum. Einar kvaðst í Morgunblaðinu í gær tilbúinn að skoða hugmynd Vilhjálms.



**KJARTAN ÓLAFSSON** Vill skoða hvort hyggilegt sé að styðja við mjólkurbændur með sama hætti og grænmetisræktendur eru studdir. Greiðslum verið hagað í samræmi við hlutfall af heildarframleiðslu.

Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, sagðist reiðubúin að skoða allar leiðir en taldi ólíklegt að samstaða næðist um hugmynd Vilhjálms.

Birkir Jón Jónsson, Framsóknarflokki, varaði við öllum hugmyndum í þá átt að ríkið léti af stuðningi við landbúnaðinn.

- bþs

Fékk tveggja mánaða skilorð:

# Maður beit í læri annars

**DÓMSMÁL** Karlmaður um þrítugt hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás. Hann sló annan mann í andlitið, reif í auga hans og beit í lærið á honum í Vestmannaeyjum hinn 1. apríl 2006. Fórnarlambið hlaut glóðarauga, bitfar og stórt mar á innanverðu lærinu.

Árásarmaðurinn játaði að hafa veist að manninum, en kannaðist ekki við að hafa bitið hann í lærið. Til viðbótar við refsinguna var hann dæmdur til að greiða fórnarlambinu um 180.000 krónur í bætur auk sakarkostnaðar.

- sþs




# Hjartadeild lömuð vegna iðrasýkingar

**250 manns bíða eftir að komast í hjartaþræðingu á Landspítalanum. Á hjartadeild hefur verið unnið hörðum höndum að því að anna sjúklingum. Listinn lengist þó stöðugt ekki síst vegna sýkinga á deildinni en þar eru þrengsli mikil.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 250 manns bíða eftir að komast í hjartaþræðingu á Landspítalanum. Það eru um fimmtíu fleiri en biðu í desember og þótti ástandið þá óviðunandi. Ástæða tafanna er að skæðar niðurgangssýkingar hafa smitast milli sjúklinga á deildinni auk þess sem plássleysi á gjörgæslu hefur ítrekað orðið til þess að fresta þarf aðgerðum á hjartadeild.

Mikil þrengsli hafa verið á hjartadeild og sjúklingar hafa iðulega þurft að liggja á göngunum og allt í upp í fjórtán manns þurft að deila með sér einu klósetti. Við slíkar aðstæður eykst hætta á smiti milli sjúklinga verulega.



GESTUR ÞORGEIRSSON



ÞÓRARINN GUÐNASON

Þórarinn Guðnason, hjartasérfræðingur á Landspítalanum, segir að þó hjarta- og æðasjúkdómar séu langalgengasta dánarorsök Íslendinga sé vandamálinu of lítill gaumur gefinn en árlega deyja 700 manns af fyrrgreindum sjúkdómum hér á landi. Hann segir biðlistann eftir hjartaþræðingu nú um átta mánuði og lengjast stöðugt.

„Ég þekki til aðstæðna á sjúkrahúsum í Svíþjóð. Þar er hreinlega bannað að fólk liggi á göngum vegna reglna um eldvarnir. Þetta er svo auðvitað líka afar slæmt þegar grípa þarf til endurlífgana, sem ekki eru óalgengar á hjartadeildum, því erfitt er að koma tækjum eftir ganginum þegar sjúklingar liggja þar,“ segir hann.

Í grein sem Þórarinn ritar í nýjasta hefti Læknablaðsins deilir hann auk þess hart á þær aðstæður sem heilbrigðisstarfsmenn og sjúklingar þurfi að búa við á hjartadeildinni. Sjúklingar sem séu í sjúkrarúmi á gangi spítalans þurfi að pissa í bekken eða flösku liggjandi þar sem umferð gesta og sjúklinga sé stöðug. Þá sé deildin meðal annars fjársvelt og háð gjafafé til að endurnýja tækjakost. Gestur Þorgeirsson, yfirlæknir hjartadeildar, segir tvö hjartaþræðingartæki nú í notkun á deildinni, annað sé frá árinu 2001 en hitt nokkuð eldra. „Það eldra er meira en tíu ára gamalt og ef okkur á að takast að anna öllum þeim sjúklingum sem bíða þyrftum við þriðja tækið,“ segir Þórarinn en slíkt tæki myndi kosta á bilinu 70 til 100 milljónir.

„Á Íslandi hefur náðst einn besti árangur í heimi á ýmsum sviðum hjartalækninga. Þrátt fyrir það má þessi sjúkdómaflokkur ekki gleymast enda er hann aðaldánarorsök Íslendinga,“ segir hann.

karen@frettabladid.is



**ÞRENGSLI Á HJARTADEILD** Í þrengslum eykst hættan á smiti milli sjúklinga. Þórarinn Guðnason hjartasérfræðingur bendir á að erfitt sé að koma endurlífgunartækjum eftir göngunum þegar sjúklingar þurfa að liggja þar í rúmum. Þrátt fyrir aðstæðurnar er árangur íslenskra lækna á ýmsum sviðum hjartalækninga með því besta sem gerist í heiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## SKÆÐ IÐRASÝKING

Á hjartadeildinni hafa sjúklingar smitast af svokallaðri Noro-veirusýkingu en hún veldur uppköstum og niðurgangi. Veiran er ekki hættuleg þeim sem eru frískir en aldraðir og sjúkir geta veikst alvarlega og því ekki komist í aðgerðir.







Úthlutað var 35 og hálfri milljón úr styrktarsjóði Baugs í gær:

# Fjölskyldur og listir í fyrirrúmi

**STYRKUR** „Það hefur virkilega vantað upplýsingar um stjúptengsl en ég vona að ég geti nú bætt úr því,“ segir Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi, sem var ein þeirra sem hlaut styrk úr styrktarsjóði Baugs Group í gær.

Þetta var í fimmta sinn sem úthlutað var úr sjóðnum en samtals numu styrkirnir 35 og hálfri milljón króna. Tæplega 350 umsóknir bárust að þessu sinni en 46 einstaklingar og félög fengu styrk í þetta sinn.

Styrkinn hyggst Valgerður nota til að vinna handbók um málefni stjúpfjölskyldna sem hún telur gleymda stærð í samfélaginu. Meðal annarra verkefna sem fengu styrk var til að mynda gerð námsgagna sem vinna á fyrir börn sem hafa íslensku sem annað tungumál. Þá var fyrirtækinu Ad Astra, sem veitir bráðgerum börnum í efri bekkjum grunnskóla verkefni við hæfi, veittur styrkur til að halda námskeið með fjölbreyttum námsfögum.

Verkefnum Listahátíðar var einnig gefinn gaumur. Arkitektarnir og ljósmyndararnir Anna Leoniak og Fiann Paul fengu styrk til að fara fara um landið, taka ljósmyndir af íslenskum börnum á aldrinum þriggja til sjö ára og klæða húsin við Lækjargötu, sem brunnu á liðnu ári, með myndunum af þeim.

- kdk



**STUTT VIÐ BAKIÐ Á FJÖLSKYLDUM** Áslaug Ósk Hinriksdóttir tók við hálfrar milljónar króna styrk sem veittur var til þess að styðja við fjölskyldu hennar en Þuríður Arna Óskarsdóttir, dóttir hennar, glímir við alvarleg veikindi sem reynt hafa á fjölskylduna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. febrúar 2008.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




Vegamálastjóri vonast til að tvöföldun Reykjanesbrautar ljúki í haust:

# Nýtt útboð nauðsynlegt

**FRAMKVÆMDIR** Bjóða þarf út á ný það sem út af stendur við tvöföldun Reykjanesbrautar. Fyrirtækið Jarðvélar þurfti að segja sig frá verkinu vegna fjárhagsörðugleika.



JÓN RÖGNVALDSSON

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri segir að kannað hafi verið hvort gerlegt væri að undirverktakar Jarðvéla héldu verkinu áfram á grundvelli samninga en slíkt hafi ekki reynst mögulegt. Því verði að efna til útboðs. „Það er verið að vinna að undirbúningi við að bjóða út það sem eftir er,“ segir Jón og vonast til að það verði hægt nú í febrúarmánuði. Málið sé unnið af eins miklum krafti og unnt er.

Eftir eru framkvæmdir fyrir um eða yfir 500 milljónir króna. Stærsti einstaki liðurinn er lagning malbiks en einnig á eftir að reisa tvær brýr.

Upphaflega voru verklok áætluð 1. júlí í sumar en nú er ljóst að þau dragast fram á haustið. „Því miður seinkar þessu um hverja vikuna sem líður en við reynum eins og hægt er að flýta ferlinu,“ segir Jón Rögnvaldsson. - bþs



**ALLT STOPP** Upphaflega átti að ljúka tvöföldun Reykjanesbrautar 1. júlí í sumar en nú er ljóst að verklok dragast fram á haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

Framkvæmdastjóri Samkaupa gagnrýnir keppinauta og borgarfulltrúa í Reykjavík:

# Segir keppinauta hafa keypt markaðshlutdeild fyrir milljarða

**SAMKEPPNISMÁL** „Ég hef gagnrýnt það áður að markaðsráðandi aðilar beiti undirverðlagningu til að koma sér betur fyrir á markaði,“ segir Sturla Gunnar Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Samkaupa.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að að Samkeppniseftirlitið telji að Bónus hafi misbeitt markaðsráðandi stöðu í verðstríði lágvöruverðsverslana árin 2005 og 6. Eftirlitið hefur ekki lokið málinu. Hagar, móðurfélag Bónusverslananna, hafa nýlega sent eftirlitinu röksemdir sínar og mótmæla því að lög hafi verið brotin.

Verðstríðið hófst með því að mjólkurlítrinn var seldur á sjö krónur í verslunum Krónunnar. Aðrir fylgdu í kjölfarið og innan dags hafði verðið lækkað niður í eina krónu á lítrann.

Sturla Gunnar er ósáttur við framgöngu keppinauta á matvörumarkaði. „Þeir hafa keypt sér markaðshlutdeild fyrir milljarða.“ Þar vísar hann til þess að keppinautar hafi komið sér fyrir á stöðum úti á landi þar sem verslanir Samkaupa voru fyrir. „Við höfum tapað tugum milljóna á slíkum rekstri, og höfum þurft að loka verslunum, eins og á Akranesi.“

Haft var eftir Finni Árnasyni, forstjóra Haga í blaðinu í gær, að neytendur hefðu ekki skaðast af lágu mjólkurverði.

„Ég veit ekki hvort neytendur hagnast á svona löguðu til lengri tíma litið ef þetta verður til þess að draga úr samkeppninni,“ segir Sturla Gunnar.

Sturla segir ábyrgð stjórnmálamanna mikla í þessum efnum. „Hvernig á að hafa samkeppni ef aðili á markaðnum fær ekki að reisa verslun í höfuðborginni? Við höfum sótt um lóðir árum saman. Ég hef rætt við marga borgarstjóra og skrifað borgarfulltrúum og samt fáum við engin svör.“ - ikh



**MJÓLK Í KÆLI** Samkeppniseftirlitið telur að Bónus hafi misbeitt stöðu sinni með því að selja mjólk á krónu fyrir um þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

TRAUSTUR GRUNNUR
ÖFLUG ÞEKKING





Microsoft Dynamics NAV

Microsoft Dynamics NAV er traustur viðskipta- og bókhaldshugbúnaður sem hefur reynst fyrirtækjum afar vel hér á landi í mismunandi atvinnugreinum og sífellt fleiri fyrirtæki hafa innleitt Microsoft Dynamics NAV með góðum árangri.

Landsteinar Strengur hf. hefur áratuga reynslu af sölu, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar fyrir íslenskan markað. Fyrirtækið hefur verið í forystuhlutverki í hugbúnaðargerð, ráðgjöf og innleiðingu á Microsoft Dynamics NAV, áður betur þekkt undir heitinu Navision.

**Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar.**

LS LANDSTEINAR STRENGUR
Ármúla 7 · 108 Reykjavík · Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is

VOTTUN HF ÍST ISO 9001
IPMA
Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

DAGSVERK.IS / LSNAV08155

OFURHETJUR KYNNA EINSTAKAN MENNINGARVIÐBURÐ



Hringbrot / Ljósmynd © Apple Corps Ltd.

# MEISTARAVERK BÍTLANNA

## Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band

Ein merkasta hljómplata allra tíma flutt í heild sinni ásamt vinsælustu lögum Bítlanna á glæsilegum sinfóníutónleikum í Laugardalshöll laugardaginn 22. mars 2008

**Daníel Ágúst Haraldsson | Stefán Hilmarsson**
**Sigurjón Brink | Björgvin Halldórsson**
**Eyjólfur Kristjánsson | KK**

**Rokksveit Jóns Ólafssonar**
**ásamt 40 hljóðfæraleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands**

píanó Jón Ólafsson | gítar Guðmundur Pétursson | gítar Stefán Már Magnússon | orgel Pétur Örn Guðmundsson | hljómborð Haraldur Vignir Sveinbjörnsson
sítar Júlíus Guðmundsson | tabla-trommur Steingrímur Guðmundsson | bassi Róbert Þórhallsson | ásláttur Ólafur Hólm | trommur Jóhann Hjörleifsson

útsetningar Haraldur Vignir Sveinbjörnsson | konsertmeistari Sigrún Eðvaldsdóttir | hljómsveitarstjórn Bernharður Wilkinson | kynnir Þorgeir Ástvaldsson
hljóð Ívar Ragnarsson | lýsing Agnar Hermannsson | myndvinnsla Helgi Jóhannesson | sviðssetning Sigurður Kaiser | tónlistarstjórn Jón Ólafsson

**MasterCard forsala hefst í dag á midi.is**
Handhafar MasterCard greiðslukorta geta keypt miða með 20% afslætti

Carlsberg | KAUPÞING | MasterCard | RÁS 2 | LAUGARDALSHÖLLIN | EXTON | OFUR HETJUR | midi.is

# Tannheilsa 12 ára barna á Íslandi Hvert stefnum VIÐ?

Og hver voru markmiðin?




**Stefnuskrá ríkisstjórnarinnar:**
"Tannvernd barna verði bætt með gjaldfrjálsu eftirliti, forvarnaraðgerðum og auknum niðurgreiðslum á tannviðgerðum barna" !

Tannlæknafélag Íslands
**tannsi.is**



512 50 50 Auglýsingasími - Mest lesið




**ÁRIÐ GENGIÐ Í GARÐ** Miklum óróa er spáð á ári rottunnar.

Vissara er að hafa vara á sér næsta árið:

# Svartsýn spá á ári rottunnar

**KÍNA, AP** Fjárhagslegur og pólitískur órói, flóðbylgjur og sjúkdómsfaraldrar eru meðal þess sem kínverskir spekingar spá á ári rottunnar sem gengur í garð í dag, samkvæmt kínversku tímatali. Vissara er því að hafa allan vara á sér næstu tólf mánuðina taki fólk mark á slíkum spám á annað borð.

Orsök þessara válegu atburða sem eru í kortunum segja þeir þá að vatn og jörð, tvö af fimm frumefnum sem talin eru uppspretta alls, rekast á þetta árið. „Jörð er venjulega vatni yfirsterkari en hún er of veik til að stjórna rottunni, sem er sterkasta táknmynd vatnsins," segir Raymond Lo, meistari í feng shui, aldagamalli kínverskri speki sem snýst um að ná heilsu, jafnvægi og velgengni með tilhögun dagsetninga og talna, byggingarhönnunar og uppröðun hluta.

Ár rottunnar er hið fyrsta í tólf ára hringrás kínverska tímatalsins og bera öll árin dýraheiti. Sagan segir að rottan sé fyrst eftir að hafa sigrað hin dýrin ellefu í kapphlaupi, ekki vegna þess að hún var fljótust, heldur vegna kænsku.




### Ár rottunnar

Hátíðarhöld í Kína vegna nýja ársins hefjast 7. febrúar, á öðru nýju tungli eftir vetrarsólstöður. Samkvæmt kínversku tímatali bera árin dýraheiti og ganga í tólf ára hring. Ár rottunnar er fyrst í röðinni.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Rotta** | **2008** | Hestur | 2014 |
| Uxi | 2009 | Kind | 2015 |
| Tígrisdýr | 2010 | Api | 2016 |
| Kanína | 2011 | Hani | 2017 |
| Dreki | 2012 | Hundur | 2018 |
| Snákur | 2013 | Svín | 2019 |

Eftir að hafa logið að tígrisdýrinu um dagsetningu keppninnar fór rottan mesta hluta leiðarinnar á baki uxans áður en hún stökk af og hljóp lokaspölinn í mark fyrst allra.

**- sdg**





# Við eigum 40 ára afmæli

Fyrir 40 árum tók Árbæjarútibú Landsbankans til starfa. Við ætlum að fagna þessum tímamótum með afmælisveislu fyrir alla viðskiptavini, gesti og gangandi, á morgun föstudaginn 8. febrúar.

Fjölbreytt dagskrá og veitingar frá kl. 10 – 17

10.00 Sproti kíkir í heimsókn
13.00 Sproti kíkir í heimsókn
14.00 Landsbankinn veitir styrk til SÍBS
14.30 Fimleikadeild Fylkis sýnir listir sínar
15.00 Söngkvartettinn OPUS
16.00 Birgitta Haukdal, Hreimur og Vignir Snær taka lagið

Við hlökkum til að sjá ykkur.

Landsbankinn
Árbæjarútibú

Landsbankinn

Milljónir strandaglópar í Kína:

# Vetrarveður loks í rénun

**KÍNA, AP** Vetrarhörkur í Kína hafa skapað mikið álag á samgöngur og hafa milljónir manna ekki komist leiðar sinnar á mesta ferðatíma ársins í kring um tunglársáramótin. Nú sér þó fyrir endann á vetrarveðrinu og var helsta samgönguæð landsins sem liggur frá norðri til suðurs opnuð eftir að hafa verið lokuð vikum saman.

Er þetta versta veður sem geisað hefur í mið- og austurhluta Kína í yfir hálfa öld. Húsakostur er víða illa búinn til að þola slíkt vetrarveður og í mörgum bæjum eru engin tæki til snjómoksturs. Sums staðar hefur verið rafmagnslaust í tólf daga. - sdg



**ÓFÆRÐ** Unnið að því að losa bíl sem festist á járnbrautarteinum í ófærðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**2+1 Í SVÍNAHRAUNI** Vegarkaflinn á Suðurlandsveginum er umdeildur en hefur reynst afar vel. 61 bíll hefur keyrt á vegriðið sem aðskilur akreinarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# 2+1 vegur góð og ódýr lausn

**Öryggi vegfarenda er álíka vel tryggt á 2+1 vegi og þar sem tvær akreinar eru í hvora átt. 70 einstaklingar hafa farist í bílslysum á áratug; flestir í framanákeyrslum á stofnbrautum út frá Reykjavík.**

**SAMGÖNGUMÁL** Nýr vegarkafli um Svínahraun á Suðurlandsvegi hefur gefið góða raun, en það er svokallaður 2+1 vegur. Engin alvarleg slys hafa orðið á vegarkaflanum síðan hann var tekinn í notkun haustið 2005. Vegrið hafa komið í veg fyrir alvarleg slys. Reynsla Svía af 2+1 vegum er afar góð og öryggi er litlu minna en á vegum þar sem tvær akreinar eru í hvora átt. 2+1 vegur er samt margfalt ódýrari.

Þetta var meðal þess sem kom fram á fundi sem Lýðheilsustöð stóð fyrir í gær. Tekin var fyrir spurningin hvaða vegagerð hentaði á stofnbrautum út frá borginni og almennt á Íslandi, út frá öryggi vegfarenda og með tilliti til kostnaðar.

Haraldur Sigþórsson, verkfræðingur hjá Línuhönnun, hélt því afdráttarlaust fram að 2+1 vegir væru allt eins góð lausn og að leggja tvær akreinar í hvora átt. Vitnaði hann til reynslu Svía sem hafa valið 2+1 lausnina víða í sínu vegakerfi. „Sænskar rannsóknir sýna að ef tveggja akreina þjóðvegi er breytt í 2+1 veg má búast við allt að 70 prósent fækkun alvarlega slysa og banaslysa.“

Ágúst Mogensen, forstöðumaður rannsóknarnefndar umferðarslysa, hélt erindi um framanákeyrslur. Þær eru helsta orsök alvarlegra umferðarslysa hér á landi en 70 einstaklingar hafa farist í 54 slíkum slysum síðan 1998 á öllu landinu. Niðurstaða Ágústs var afdráttarlaus. „Það verður að aðgreina umferð úr gagnstæðum áttum á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi sem fyrst. Hvert ár í töf þýðir fleiri banaslys og slys með miklum meiðslum.“

Ágúst minntist einnig á að þrátt fyrir að mikið væri búið að kvarta yfir 2+1 vegarkaflanum í Svínahrauni væri samt ljóst að hann hefði komið í veg fyrir mörg slys.

Í fyrirlestri Haraldar kom fram að í Svíþjóð hafa dæmin sannað að 2+1 vegir koma jafnt í veg fyrir framanákeyrslur og tvær akreinar í gagnstæðar áttir. Aðalatriðið er miðjuskipting vegarins með vegriði.

Á fundinum var nokkuð fjallað um kostnað þessara tveggja lausna til vegalagningar. Kom fram að 2+1 vegur er margfalt ódýrari. Ef kostnaður við tvöföldun Suðurlandsvegar er tekinn sem dæmi þá má leggja 2+1 veg frá Hvalfjarðargöngum að Borgarnesi fyrir það fé sem sparast við að velja 2+1 í þeirri leið.

svavar@frettabladid.is

Breytingar á færeyska þinginu:

# Stóraukið hlutfall kvenna

**FÆREYJAR** Í nýskipaðri landstjórn Færeyja eru þrír af átta ráðherrum konur, en engin kona var í stjórninni á síðasta kjörtímabili. Þá voru sjö konur kjörnar á Lögþingið í kosningunum 19. janúar.



**KRISTINA HÁFOSS**

Þar sem þeir þingmenn sem setjast í landstjórnina segja af sér þingmennsku setjast varamenn þeirra á þing; við það fjölgar um eina konu og eru þær nú átta af alls 33 þingmönnum. Áður sátu aðeins þrjár konur á þingi.

Kristina Háfoss, nýr menntamálaráðherra úr Þjóðveldisflokknum, var ekki í framboði í lögþingskosningunum. - aa

www.ellingsen.is

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 9080150

FLEETWOOD



# Upp til fjalla
## í Fleetwood Evolution E1

### Staðalbúnaður

- Saumlaust Fílon®-þak með áföstum þakbogum
- Sveiflueldhús með djúpum postulínsvaski, skúffu og áhaldabakka
- Útvarp með AM, FM, CD-spilara og hátölurum inni og úti
- BackSaver™ áfastir rúmfætur
- Útdraganlegur rampur í flutningspalli
- „Utan vega“-bygging og stíll
- A-grind úr 5” stálrörum með varinni raflögn
- 6” dufthúðaður afturstuðari
- Hjólhlífar úr stáli
- Aðalgrind úr 6” stálrörum
- Fram- og afturplötur úr tígulstálplötum
- Hlutar hliðarplatna úr tígulplötum
- Dufthúðaðar stálstyrkingar á húsi
- Höggþolnar hjólhlífar
- Innfelld afturljós með stálrömmum
- Stöðuljós að framan og á hliðum með burstahlífum
- Drullusokkar
- Höggdeyfar
- 15” dekk með utanvegamynstri á álfelgum
- Svart og silfrað innra byrði
- Vatnsþolnar eldhúsborðplötur með saumlausum köntum
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum sem bera má út
- Rúmgóður farangurspallur
- Veðurþolinn skrikfrír frampallur með festingum úr ryðfríu stáli
- Sætisgrindur úr dufthúðuðu stáli
- Slipper-blaðfjaðrir
- Fjórir stuðningstjakkar fyrir stöðugleika
- LP-gastenging fyrir útieldunartæki
- Fóðruð gluggatjöld og 2 sett af rúmtjöldum
- Rafgeymisfesting af bátagerð með leiðslufestingum
- Samskeytalaust Structurwood-gólf og rúmpallur
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Álrammar kringum rúm
- Fínofið glugganet
- 53 l ísskápur
- Útdraganlegt tvöfalt dyraþrep
- Rafhemlar
- Eldhús með skúffu og sveiflast út
- Sunbrella 302 tjalddúkur
- Útiljós
- Varahjól með vínylhlíf
- Miðjufestur kerrutjakkur með hjóli
- EZ Lube-öxull með 5 bolta nöfum
- Gagnsæir vínylgluggar
- Tveir 9 kg gaskútar með vínylhlífum
- Hurð með álramma í einu lagi
- 3 gashellur í E1
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V vatnsdæla
- Djúpur postulínsvaskur
- LP-gasskynjari/viðvörun, CO-skynjari/viðvörun
- Truma®-gashitari




### Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Árgerð | 2008 |
| Rafgeymir | 12 V 115 amp |
| Stærð opinn (lxb) | 640x262 cm |
| Stærð lokaður (lxb) | 505x226 cm |
| Lengd kassa | 9½ fet |
| Eigin þyngd | 1024 kg |
| Heildarþyngd | 1586 kg |

Verðdæmi
Verð 1.730.000 kr.
Útborgun 346.000 kr.
Mánaðargreiðsla
19.959 kr.
miðað við 84 mánuði

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Opið mánudaga–föstudaga 10–18, laugardaga 10–16

# Sjötta sæti!!!....neðan frá!
## ER ÞETTA ÁSÆTTANLEGT?




**TANNHEILSA 12 ÁRA BARNA INNAN OECD**
TANNVERNDARVIKA 3.-9. FEBRÚAR

Tannlæknafélag Íslands
**tannsi.is**






**N1 VERSLANIR** WWW.N1.IS

N1 býður úrval af legum og tengdum vörum fyrir iðnað, bifreiðar og sjávarútveg. Hafðu samband við fagmenn okkar í síma **440 1233.**



**Hringdu í síma**
# 512 50 60
**ef blaðið berst ekki**


Blaðamaður frá Hong Kong:
# Laus úr kínversku fangelsi

**KÍNA, AP** Blaðamaður frá Hong Kong hefur verið látinn laus úr fangelsi í Kína þar sem hann hafði verið látinn dúsa í nærri þrjú ár, sakaður um njósnir.

Ching Cheong, fréttaritari Singapore-blaðsins The Straits Times í Hong Kong, neitaði að tjá sig við blaðamenn eftir heimkomuna úr fangelsisvistinni í Guangzhou í Suður-Kína.

Í ágúst 2006 var Ching dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir njósnir í þágu Taívans. Að Ching skyldi látinn laus nú er gjarnan sett í samhengi við viðleitni Kínastjórnar til að bæta ímynd landsins erlendis vegna Ólympíuleikanna í Peking í sumar. **- aa**


**FRJÁLS** Þessa mynd birti fjölskylda Chings þar sem hann sést ásamt systur sinni í Hong Kong. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**FÆR SITT FRAM** Silvio Berlusconi væntir þess að komast aftur til valda þegar kosið hefur verið á ný. Móðir hans dó á sunnudag, 97 ára að aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ítalir kjósa þing í apríl

**Ítalíuforseti rauf þing í gær og boðaði til kosninga 13. og 14. apríl næstkomandi. Ekki tókst að mynda bráðabirgðastjórn til að breyta stjórnarskránni.**

**ÍTALÍA, AP** Giorgio Napolitano, forseti Ítalíu, sá sig nauðbeygðan til að rjúfa þing í gær og boða til kosninga, aðeins tveimur árum eftir að stjórn Romanos Prodis tók við völdum.

Eftir að stjórn Prodis missti meirihlutann í síðustu viku hefur Napolitano lagt mikla áherslu að fá formenn flokkanna til að mynda bráðabirðgastjórn sem sæti þangað til kosningareglum stjórnarskrárinnar hefði verið breytt. Hann fékk Franco Marini, forseta þingsins, til að ræða við formennina, en þær tilraunir mistókust og því var ekki annað til ráða en að boða kosningar.

Núverandi kosningafyrirkomulag var samþykkt á síðustu mánuðum stjórnar Silvios Berlusconis, leiðtoga stjórnarandstöðunnar, sem hefur lagt áherslu á að gengið verði strax til kosninga. Það var einkum andstaða hans við breytingar á kosningafyrirkomulaginu sem varð til þess að myndun bráðabirgðarstjórnar tókst ekki.

Kosningafyrirkomulagið þykir ýta undir óstöðugleika með því að auka vægi lítilla flokka þannig að erfitt er að mynda starfhæfan meirihluta í öldungadeild þingsins. Stjórn Prodis féll einmitt vegna þess hve meirihluti hennar stóð tæpt í öldungadeildinni.

Hægriflokkabandalag Berlusconis nýtur nú meira fylgis en miðju- og vinstriflokkarnir sem stóðu að naumum stjórnarmeirihluta Prodis. Mótframbjóðandi hans verður væntanlega Walter Ventroni, sem er borgarstjóri í Róm og er jafnframt leiðtogi Lýðræðisflokksins, sem nýlega var stofnaður með sameiningu tveggja vinstri- og miðjuflokka.

Veltroni, sem er rúmlega fimmtugur, þykir eiga möguleika á að ná miklu fylgi með nýja flokkinn sinn, en almennt er þó talið að Berlusconi, sem er 71 árs, fari létt með að sigra í kosiningunum.

Prodi, sem er 68 ára, situr áfram sem forsætisráðherra þangað til kosningar hafa verið haldnar og ný stjórn mynduð. Hann staðfesti í gær að hann muni ekki bjóða sig fram til þings aftur. **- gb/aa**

Stjórnmál í Færeyjum:
# Staðfest samvist ekki á dagskrá

**FÆREYJAR** Frumvarp um lögleiðingu staðfestrar samvistar eða um ættleiðingarrétt samkynhneigðra verður ekki lagt fram á nýhöfnu fjögurra ára kjörtímabili færeyska Lögþingsins.

Yrði tilraun gerð til þess áliti Miðflokkurinn, einn stjórnarflokkanna þriggja í nýju landstjórninni, það vera brot á stjórnarsáttmálanum og tilefni stjórnarslita. Þetta hefur fréttavefur færeyska útvarpsins eftir Jenis av Rana, formanni Miðflokksins.

„Við sömdum um það frá fyrsta fundi að þessi mál yrðu látin liggja í fjögur ár. Það verða engar breytingar,“ segir Jenis av Rana. **- aa**


**JENIS AV RANA**

SAMNINGALOTA UM HELGINA: AÐEINS Í BÍLAÞINGI HEKLU Á KLETTHÁLSI.

# ÞESSA EINU HELGI HAFA SÖLUMENN ÓTAKMARKAÐ LEYFI TIL AÐ SEMJA VIÐ ÞIG!

Frá fimmtudegi til laugardags verða sölumenn Bílaþings HEKLU á Kletthálsi ekki aðeins í óvenju góðu samningaskapi heldur hafa þeir leyfi til að lækka verðið meira á ÖLLUM bílum – en aðeins um þessa helgi! Komdu við í Bílaþingi HEKLU á Kletthálsi og gerðu góð kaup á nýlegum notuðum bílum.
**Sérstakur 15% afsláttur af öllum Skoda bifreiðum.**

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKODA BIFREIÐUM Í KLETTHÁLSI UM HELGINA •
15%
AFSLÁTTUR




HEKLA

Opið 10-18 virka daga og 10-14 laugardaga

Kletthálsi 11 | sími 590 5044 | www.bilathing.is | bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*



**Í BÚNINGI** Verðbréfamiðlari við þýsku kauphöllina í Frankfurt er hér mættur í búningi í lögreglustíl. Hefð hefur skapast fyrir því að starfsmenn kauphallarinnar klæðist búningum í einn dag í tilefni kjötkveðjuhátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Tsjad lýsti í gær yfir að yfirvöld væru komin með stjórnina í landinu öllu:

# Uppreisnin brotin á bak aftur

**FRAKKLAND, AP** Idriss Deby, forseti Tsjad, kom í gær fram opinberlega í fyrsta skipti frá því átök uppreisnarmanna og stjórnarhers hófust síðustu helgi. Sagði hann að tekist hefði að brjóta uppreisnina á bak aftur og að yfirvöld hefðu stjórn á öllu landinu.

Varnarmálaráðherra Frakklands, Herve Morin, kom til Tsjad í gær. Koma Morins þykir til marks um sterkan stuðning Frakklands við ríkisstjórnina í Tsjad. Daginn áður sagði Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti að Frakkar væru reiðubúnir að hefja hernað gegn uppreisnarmönnum í Tsjad ef þörf krefur.

Frakkar hafa nú þegar rúmlega þúsund manna herlið í Tsjad, sem er fyrrverandi nýlenda Frakka. Árið 2006 hjálpaði franski herinn Deby að bæla niður uppreisn. Hann komst sjálfur til valda í uppreisn snemma á síðasta áratug. Stjórn hans hefur þótt meðal þeirra spilltustu í heimi.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fordæmdi á mánudag harðlega árásir uppreisnarsveitanna og gaf bæði Frökkum og öðrum ríkjum grænt ljós á að hjálpa stjórninni.

Í gær og fyrradag héldu uppreisnarmennirnir sig að mestu í útjaðri höfuðborgarinnar. Þúsundir manna hafa flúið átökin og meira en þúsund manns særst. - gb/sdg



**HERVE MORIN VARNARMÁLARÁÐHERRA FRAKKLANDS OG IDRISS DEBY FORSETI TSJAD** Hittust á fundi í N'Djamena, höfuðborg Tsjad, í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Kraftaverkabarn:

# Barni neitað um læknisaðstoð

**NÝJA-SJÁLAND, AP Mikið vanskapað ungabarn frá Samóa-eyjum hefur fengið landvistarleyfi í Bandaríkjunum til að komast í aðgerð. Þetta gerðist eftir að spítalar á Nýja-Sjálandi höfnuðu barninu um meðferð. Stúlkubarnið fæddist fyrir hálfu ári með engin augu, enga fingur og aðeins með hluta af heila.**

**Nýsjálenska ríkisstjórnin neitaði barninu og foreldrum þess inngöngu inn í landið í desember síðastliðnum.**

**Skurðlæknar á barnaspítala á Miami hafa boðist til þess að aðstoða stúlkuna foreldrunum að kostnaðarlausu.** - kka

www.volkswagen.is




Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

## JAPAN

### Árás á ráðuneyti

Maður kastaði bensínsprengju að byggingu japanska utanríkisráðuneytisins í Tókíó í gær og reyndi því næst að svipta sig lífi með hnífi. Var hann fluttur á sjúkrahús þar sem gert var að sárum hans. Óljóst er af hverju hann kastaði sprengjunni á ráðuneytið. Engar skemmdir urðu.

## ALÞINGI

### Birkir Jón spurull

Birkir Jón Jónsson hefur lagt fram nokkrar fyrirspurnir á þingi. Hann spyr meðal annars hvort umhverfisráðherra ætli að beita sér fyrir eflingu Akureyrarseturs Náttúrufræðistofnunar, hvenær búast megi við að lenging Akureyrarflugvallar verði boðin út, hver þróun kornræktar hafi verið síðasta áratug, hvað líði undirbúningi Vaðlaheiðarganga, hvort menntamálaráðherra ætli að beita sér fyrir að námsbækur í framhaldsskólum verði ókeypis fyrir nemendur og hvað líði endurskoðun á framfærslugrunni LÍN.

Mjög mikil úrkoma í vetur hefur sett áætlanir margra sveitarfélaga úr skorðum:

# Kostnaður við mokstur hátt í 50 milljónir

**ÁRBORG** „Þetta hefur gengið vel. Bæði starfsmenn sveitarfélagsins og verktakar hafa unnið langa vinnudaga og eiga hrós skilið,“ segir Guðmundur Elíasson, framkvæmdastjóri Framkvæmda- og veitusviðs Árborgar, um mikinn snjómokstur í sveitarfélaginu nú í vetur. Víða um land eiga starfsmenn sveitarfélaga fullt í fangi með að moka snjó af götum.

Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri Árborgar, segir að kostnaðurinn sé kominn hátt í fimmtíu milljónir króna en 6,2 milljónir voru áætlaðar í snjómokstur árið 2008. Hún segir erfitt að áætla kostnaðinn. „Þetta er verkefni sem verður að fara í hvað sem maður áætlar,“ segir Ragnheiður.

„Dýrustu dagarnir núna hafa verið í kringum þrjár milljónir á dag,“ segir Guðmundur og bætir við að unnið sé á allt að fjórtán tækjum í einu þegar mest lætur.

„Í svona tíð biðjum við fólk að sýna þolinmæði og tillitsemi því það er heilmikið mál að vera með svona stór tæki inni í bænum,“ segir Ragnheiður sem tekur undir orð Guðmundar um að vel hafi gengið að ryðja snó af götum bæjarins. „Þetta gerist ekki nema með samhentu átaki.“ - ovd



**SNJÓMOKSTUR Á SELFOSSI** Sveitarfélagið Árborg á fimm tæki til snjómoksturs og eru tvö þeirra höfð á Eyrarbakka og Stokkseyri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gæsluvarðhald framlengt:

## Stal fyrir rúmar fjórar milljónir

**DÓMSMÁL** Íslenskur karlmaður hefur verið dæmdur í Hæstarétti í áframhaldandi gæsluvarðhald til 29. febrúar vegna stórfelldra þjófnaðarmála. Er talið að hann hafi slegið eign sinni á muni að verðmæti rúmlega fjórar milljónir króna.

Maðurinn hefur verið ákærður fyrir fjögur brot. Hann á að baki talsverðan sakaferil og hefur hlotið sex dóma. Á síðasta ári var hann dæmdur í 28 mánaða fangelsi fyrir fjölda þjófnaðarbrota. Hann áfrýjaði til Hæstaréttar. Maðurinn er fíkniefnaneytandi, samkvæmt rannsókn lögreglu, og fjármagnar fíkn sína með afbrotum. - jss

Fimleikastúlkurnar þurfa enn að fara í einkabíl eða yfir Reykjanesbrautina:

# Stúlkur í Vogum fá enga rútu

**SAMGÖNGUR** „Bærinn gerir ekkert og við keyrum þær bara í hvert skipti. Ég vil ekki sjá að þær fari yfir Reykjanesbrautina til að taka rútu,“ segir Drífa Gunnlaugsdóttir, íbúi í Vogum á Vatnsleysuströnd og móðir stúlku sem æfir fimleika í Hafnarfirði.

Greint var frá því hér í blaðinu í nóvember að tíu ára fimleikastúlkur í Vogum töldu sig sviknar um rútuferðir SBK og komust ekki í þær lengur, nema með því að setja sig í hættu við að fara yfir Reykjanesbrautina. Mæður í Vogum fengu fund með Róberti Ragnarssyni bæjarstjóra og báðu hann að koma til móts við þær.

„Bæjarstjórinn hefur afsakað sig með því að hann niðurgreiði matinn í skólanum og því standi ekkert eftir í svona mál,“ segir Drífa.

Fimleikafélag stúlknanna, Björk í Hafnarfirði, sé eini aðili málsins sem hafi brugðist við vandræðum stúlknanna, meðal annars með því að ræða hvort breyta megi stundatöflum. - kóþ



**ANNA KRISTÍN OG KOLBRÚN** Stúlkunum hafði verið gefið vilyrði fyrir rútuferðum úr Vogum, sem breyttust með tilkomu Keilis. Þeim var boðið að taka rútuna hinum megin Reykjanesbrautar í staðinn. Þar er hvorki gangbraut né göngustígur. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Sjórán við strendur Sómalíu:

## Rændu áhöfn á dönsku skipi

**DANMÖRK, AP** Áhöfn á dráttarbát í eigu dönsku útgerðarinnar Svitzer var tekin í gíslingu af sjóræningjum úti fyrir strönd Sómalíu á föstudag. Áhöfnin er heil á húfi og hefur aðgang að mat og vatni að því er kom fram í tilkynningu frá útgerðinni í gær.

Fjórir Rússar, einn Breti og einn Íri voru um borð í Svitzer Korsakov þegar sjóræningjarnir gerðu áhlaup. Útgerðin neitar að tjá sig um samningaviðræður við sjóræningjana.

Sjórán eru að færast í aukana við strendur Sómalíu. Í fyrra voru yfir tuttugu skip rænd á þessu svæði. - sdg


ALVÖRU 6 ÞREPA SJÁLFSKIPTING
EYÐIR AÐEINS FRÁ 5.0 l/100 KM
KOLEFNISJAFNAÐUR Í EITT ÁR
GOLF GTI® BÍLL ÁRSINS 2008 Car&driver
DÚXAÐI Á EURO NCAP PRÓFINU
HLAUT GULLNA STÝRIÐ
SVEIGJANLEGIR SÖLUMENN

á öryggisprófinu.

**Komdu og prófaðu betur búinn Golf á frábæru verði.**

Það er höfuðatriði að vera á öruggum bíl í umferðinni og fáir standa Golf framar í þeim efnum, enda fékk hann hæstu einkunn á Euro NCAP prófinu. Í Golf tvinnast saman hágæðahönnun, framúrskarandi aksturseiginleikar og nýstárleg tækni. Kraftalegur afturhluti og sportlegar línur í bílnum gefa fyrirheit sem aksturseiginleikarnir standa fyllilega undir.

**Golf Trendline kostar aðeins frá**

**2.098.000 kr.**

Eða **24.740 kr. á mánuði** miðað við bílasamning til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 7,06%. Aukabúnaður á mynd: Álfelgur og samlitur.

Bættu við Sportpakka fyrir **290.000 kr.** Álfelgur, samlitur, armpúði á milli framsæta og rafstýrð sóllúga.

Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi


Flokkur Khaders í vanda:

## Nýtt bandalag að leysast upp

**DANMÖRK** Nýtt bandalag, flokkurinn sem stofnaður var í fyrravor að frumkvæði sýrlensk-ættaða þingmannsins Nasers Khader, er í upplausn. Tveir af fimm þingmönnum flokksins hafa nú yfirgefið hann og fleiri menn sem gegna trúnaðarstöðum innan hans eru að íhuga sinn gang.



NASER KHADER

Þrýst hefur verið á Khader sjálfan að segja af sér formennskunni, að því er greint er frá á Politiken.dk.

Fyrst sagði Gitte Seeberg skilið við þingflokkinn í janúar og á mánudag ákvað Malou Aamund að ganga í þingflokk Venstre. Það var stjórnarliðinu mikið fagnaðarefni þar sem nú hafa stjórnarflokkarnir aftur tryggan þingmeirihluta. - aa

Slökkvilið reykræsti veitingastaðinn Nings við Suðurlandsbraut:

# Kviknaði í út frá rafmagni

**LÖGREGLUMÁL** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að veitingahúsi Nings við Suðurlandsbraut um klukkan níu í gærmorgun. Svo virðist sem kviknað hafi í út frá rafmagni í hitaskáp sem notaður er til að halda mat heitum. „Það var eiginlega enginn eldur þegar við komum á staðinn heldur bara reykur,“ segir Óli Ragnar Gunnarsson, varðstjóri hjá slökkviliðinu.

Hárrétt viðbrögð starfsfólks voru að taka skápinn úr sambandi en brunaviðvörunarkerfi gerði slökkviliði viðvart sem og öðru fólki í húsinu. Vel gekk að rýma húsið en slökkvilið leyfði fólki þó fljótlega að fara aftur inn. Engum varð meint af. - ovd



**SLÖKKVILIÐSMENN AÐ STÖRFUM** FJölmennt lið var kallað á vettvang en fljótlega var stærstum hluta þess snúið frá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fellibylur Í Bandaríkjunum:

## Mikið manntjón í fárviðri

**BANDARÍKIN, AP Fellibylur reið yfir miðríki Bandaríkjanna síðastliðinn þriðjudag. 26 manns fórust og eignatjón var mikið. Fellibylurinn gekk yfir Tennessee, Arkansas, Kentucky og Mississippi-fylki og var einn af mörgum sem gekk yfir svæðið.**

**Yfirvöld í Arkansas gengu hús úr húsi í gær í leit að fleiri fórnarlömbum.**

**Norðaustur af Nashville varð mikil sprenging í gasstöð af völdum eldsvoða. Manntjón varð en þó er ekki vitað hversu margir fórust.**

**Yfirvöld telja líklegt að upptök eldsins megi rekja til fellibylsins.**

**Forsetaframbjóðendur landsins gerðu hlé á kosningabaráttu sinni til að minnast fórnarlambanna.** - kka



**KÁT Á KJÖTKVEÐJUHÁTÍÐ** Þessi unga snót skemmti sér konunglega á kjötkveðjuhátíðinni í Rio Janeiro.

Bandaríska leyniþjónustan CIA viðurkennir að hafa beitt pyntingum:

# Þrír fangar voru pyntaðir

**BANDARÍKIN, AP** Demókratar í öldungadeild Bandaríkjaþings krefjast þess að rannsókn verði gerð á því hvort pyntingar, sem starfsmenn leyniþjónustunnar CIA hafa beitt fanga í vörslu sinni, brjóti í bága við bandarísk lög.

Michael Hayden, yfirmaður CIA, viðurkenndi á þriðjudag, fyrstur bandarískra embættismanna, að vatnspyntingum hafi verið beitt á þrjá fanga á árunum 2002 og 2003.

Fangarnir þrír eru Khalid Sheikh Mohammed, Abu Zubayda og Abd al-Rahim al-Nashri. Þeir voru allir handteknir í tengslum við svokallað stríð Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum, sem hófst í kjölfar árásanna á New York og Washington hinn 11. september 2001.

Vatnspynting er fólgin í því að fangi er bundinn niður, klæði er strekkt yfir andlit hans og vatni hellt ofan á þannig að fanginn fær það sterklega á tilfinninguna að hann sé að drukkna.

Þessi aðferð hefur öldum saman talist til pyntinga. Jafnt mannréttindasamtök sem stjórnvöld lýðræðisríkja hafa fordæmt hana.

Hayden bannaði notkun þessarar aðferðar árið 2006, en Mike McConnell, æðsti yfirmaður allra leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna, segir enn mögulegt að starfsmenn CIA beiti henni, en þá að fengnu samþykki forseta og dómsmálaráðherra. - gb



**VATNSPYNTING** Í nóvember síðastliðnum sýndu nokkrir mótmælendur hvernig umrædd pyntingaraðferð er framkvæmd fyrir utan dómsmálaráðuneytið í Washington. NORDICPHOTOS/AFP

Talibanar í Afganistan:

## Hagnast á aukinni ópíumrækt

**TÓKÝÓ, AP** Ópíumræktun á svæðum uppreisnarmanna í suður- og suðvesturhluta Afganistans mun aukast til muna á þessu ári og fjármagna baráttu talibana, segir í nýrri skýrslu Sameinuðu þjóðanna.

Um níutíu prósent af ólöglegu heróíni á heimsmarkaði koma frá Afganistan og áætla Sameinuðu þjóðirnar að hlutur talibana nemi um hundrað milljónum Bandaríkjadala.

Alþjóðlegir aðilar hafa bent á niðurstöður skýrslunnar og gagnrýna aðgerðir stjórnvalda.

Herða þurfi á baráttunni gegn eiturlyfjasölum, spilltum stjórnmálamönnum og skæruliðum. - gsh









**Í BÁTNUM** Smábátaeigendur gera athugasemdir við það að hafa ekki frjálsar hendur um hvernig aflaverðmæti skiptist milli skipstjóra og háseta. Þá telja þeir óvissu um það hvert iðgjald af slysatryggingu verður.

# Felldu kjarasamning á smábátum

**Fyrsti kjarasamningur smábátaeigenda og sjómanna hefur verið felldur í þeim svæðisfélögum smábátaeigenda þar sem atkvæði hafa verið greidd. Aðeins þrír samningamenn hafa greitt atkvæði með honum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Allt bendir til þess að fyrsti kjarasamningurinn sem gerður hefur verið milli Landssambands smábátaeigenda og Sjómannasambandsins hafi verið felldur. Búið er að greiða atkvæði um samninginn í tíu af fimmtán svæðisfélögunum hjá smábátaeigendum og hefur samningurinn verið felldur í þeim öllum.

„Ég reikna ekki með að það verði nein breyting þar á en við munum samt funda með fulltrúum sjómanna á næstunni,“ segir Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda.

Kjarasamningurinn hefur verið felldur með öllum greiddum atkvæðum með þremur undantekningum. Þrír smábátaeigendur, sem sitja í samninganefnd, hafa greitt atkvæði með samningnum „enda er mönnum skylt að styðja samning sem þeir hafa sjálfir tekið þátt í að gera“, segir Örn.

Smábátaeigendur hafa einkum gert tvær athugasemdir við samningsdrögin. Í þeim eru ákveðin atriði sem gefa útgerðarmönnum ekki frjálsar hendur um það hvernig aflaverðmæti er skipt á milli skipstjóra og háseta. Þá segir Örn að mikil óvissa sé um það hvert iðgjald af slysatryggingu verður þar sem bæturnar taki mið af skaðabótalögum. „Þeir telja að þetta iðgjald sé það hátt að það sé betra að bjóða upp á hefðbundna tryggingu,“ segir hann.

Örn vonast til að samninganefndinni takist að laga þessi atriði verði samningurinn felldur í öllum félögum. Hann bendir á að þetta sé í fyrsta skipti sem farið sé í þá vinnu að gera kjarasamninga enda hafi útgerðarmenn talið að flest réttindi sem lúta að sjómönnum séu tryggð í lögum. Ríkur vilji sé til að gera kjarasamning.

„Aðalástæðan fyrir því að gera kjarasamning er sú að breyting hefur orðið á útgerðarmynstrinu. Fyrir tíu til fimmtán árum gerðu flestir út einir en nú hafa bátarnir stækkað og fleiri eru um borð. Þá er að sjálfsögðu ástæða til að tryggja kjör launþega með samningum,“ segir hann.

Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambandsins, segir að atkvæði hafi verið greidd í öllum tuttugu félögum innan Sjómannasambandsins. Ekkert verði gefið upp um niðurstöðuna strax en útgerðarmenn hafi fellt samninginn.

ghs@frettabladid.is

### SAMNINGSDRÖGIN

Samningurinn nær til þriggja veiðiaðferða; netaveiða, línuveiða þar sem beitt er í landi og línuveiða á vélbát.

- Ákveðin prósenta af aflaverðmæti á öllum þessum veiðiaðferðum á að fara í laun. Ákveðin prósenta af þessari prósentu tryggir lágmarkskjör háseta.
- Einnig er í samningnum ákvæði um mánaðarlega kauptryggingu.
- Ákvæði er um slysa- og veikindarétt sem er að nokkru leyti þegar tryggður í lögum.
- Fæðispeningar og hlífðarfatnaður.




# Sængin sem breytir öllu

## TempraKon hitajöfnunarsængur úr 100% hreinum gæsadún




Dúnsokkarnir komnir aftur!



## Af hverju hitajöfnun?

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.
Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni.
Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.

**Betra BAK**

| Reykjavík | Ísafirði | Akureyri |
|---|---|---|
| Faxafeni 5 | Skeiði 1 | Tryggvabraut 24 |
| Sími 588 8477 | Sími 456 4566 | Sími 462 1410 |

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# FORKOSNINGAR Í BANDARÍKUNUM



**MÆÐGUR FAGNA** Hillary Clinton faðmar dóttur sína Chelsea á kosningafundi í New York á þriðjudaginn þar sem hún vann yfirburðasigur.



**BROSMILDIR Í ÞOTUNNI** John McCain spjallar við félaga sinn, öldungadeildarþingmanninn Joe Lieberman, í kosningaþotu sinni á þriðjudaginn. Á bak við Lieberman situr Charlie Christ, ríkisstjóri í Flórída. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ROMNEY Á KJÖRSTAÐ** Mitt Romney og Ann eiginkona hans greiddu atkvæði í ráðhúsinu í Belmont í Massachusetts. Romney hefur aðeins tryggt sér 269 kjörmenn hjá repúblikönum en gæti endað sem varaforsetaefni McCains.



**Í FAÐMI NÁGRANNA** Barack Obama stillti sér upp fyrir myndatöku með nágrönnum sínum fyrir utan kjörstað í Shoesmith-grunnskólanum í Chicago þar sem hann greiddi atkvæði í forkosningum demókrata á þriðjudaginn.






# Draumóramaðurinn Obama



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON** skrifar frá San Francisco

„Já, við getum það,“ kallaði stuðningsfólk Barack Obama þegar hann talaði til þeirra á kosninganótt Þriðjudagsins mikla. Viðhafnarsalurinn á Fairmont-hótelinu í San Francisco var þéttsetinn af fólki í léttu skapi og það tók vel undir þegar frambjóðandinn talaði til þess af stóru tjaldi. Auðvitað voru vonbrigði yfir úrslitum í einstökum ríkjum, eins og Kaliforníu. En Obama blés baráttuanda í brjóst allra þegar hann flutti bestu ræðu allra frambjóðenda þetta kvöldið.

Obama er líka flokkaður sem Draumóramaðurinn hjá demókrötum eða jafnvel Draumaframbjóðandinn. Hann talar um möguleika fólks, drauma þess og vilja sinn til þess að uppfylla óskir. Hann er góður í því að slá á tilfinningar fólks og nær til þess í ræðum sínum. Hann sýndi það á kosningavöku stuðningsmanna sinna. „Já, þið getið það,“ er endurtekningin í ræðum hans sem kveikir vonarneista í brjóstum margra. Það mátti sjá í augum fólksins sem nánast felldi tár um leið og það fagnaði forsetaefni sínu.

Hillary Clinton er innanbúðarmaðurinn samkvæmt flokkun sem Bill Whalen í Hoover Institution í Stanford setti fram á fundi okkar. Það á bæði við um pólitískar áherslur og skipulag framboðs hennar. Hillary er nátengdari pólitíkinni í Washington en Obama á ekki eins langa sögu að baki. Hún leggur líka áherslu á reynslu sína til að takast á við erfið málefni. Obama leggur áherslu á að hann sé óháður hagsmunahópunum sem telja sig geta dregið upp seðlaveskið til að fá einhverju framgengt.

Mark D. Hill, einn trúnaðarmaður repúblikana í Kaliforníu, sagði að líklega yrði auðveldara að vinna Hillary en Obama í forsetakosningunum í nóvember. Um 42 prósentum kjósenda er illa við Hillary og munu aldrei kjósa hana. Það eru mun fleiri en er illa við Obama. Hann sagði að allir repúblikanar myndu sameinast gegn Hillary en Obama gæti náð til stuðningsmanna á jaðrinum. Obama væri því hættulegri andstæðingur.

Úrslit Þriðjudagsins mikla benda ekki til að stuðningsmenn demókrata ætli að láta Draumóramanninn taka sig á flug. Meiri líkur eru á því að innanbúðarmaðurinn í flokki demókrata muni sigra eins og í Repúblikanaflokknum. Þótt fjöldi fólks haldi í vonina eru fleiri sem kalla: „Nei, við getum það ekki.“




379.900
GRL218SSKA
LG tvöfaldur ísskápur
175x90 cm
169.900
GWL227XLQK
LG tvöfaldur ísskápur
175x90 cm
137.900
FRSU20DAI
Daewoo tvöfaldur ísskápur
179x90 cm
119.900
2FC-47XED
Fagor kæliskápur
185x60 cm
ÚRVALS RAFTÆKJAÚRVAL
79.900
GCB359BTQA
LG kæliskápur
170x60 cm
79.900
NFR34X
Nardi kæliskápur
180x60 cm
38.900
L-1036
Edesa þvottavél
6kg
1000 snúninga
85.900
FEA2703X - PVL4DTCX
Nardi helluborð og ofn
144x60 cm
NFR34RA
Nardi
kæliskápur
159x60 cm
74.900
GCB359BVQA
LG
kæliskápur
170x60 cm
69.900
AT300
Nardi kæliskápur
til innbyggingar
177x54cm
89.900
KSW346
Bomann
vínkælir
49x47
24.900
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG
Lífið er gott

## Svona erum við

> Fjöldi lögskilnaða á árunum 1971 til 2006




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: „SUPER BOWL"-ÚRSLITALEIKURINN Í AMERÍSKUM FÓTBOLTA

# *Áhorfsmesta sjónvarpsefnið vestra*

Hvaða lið sem keppir í bandarísku meistaradeildinni í amerískum fótbolta verður Bandaríkjameistari ræðst árlega í svonefndum Super Bowl-leik, sem er jafnan áhorfsmesta sjónvarpsefnið á hverju ári vestra. Sunnudagurinn sem leikurinn fer fram á (Super Bowl Sunday) er þjóðhátíðardagur í reynd; til að mynda neyta Bandaríkjamenn ekki meiri matar á neinum einum öðrum degi ársins nema á þakkargjörðardaginn. Vinsælustu söngvarar Bandaríkjanna keppast um að fá að troða upp fyrir leikinn og í leikhléinu.

**Hver er uppruni Super Bowl?**
Fyrsti svonefndi Super Bowl-leikurinn var leikinn 15. janúar 1967, en þar áttust við meistaralið þeirra tveggja fótboltasambanda sem þá störfuðu í Bandaríkjunum, National Football League (NFL) og American Football League (AFL). Samböndin tvö sameinuðust formlega árið 1970 og síðan þá hefur Super Bowl-leikurinn verið bikarmeistaraleikur NFL, þar sem við eigast meistaralið beggja deilda sambandsins, American Football Conference (AFC) og National Football Conference (NFC).

**Hvert er fyrirkomulagið?**
Super Bowl-meistaratitill hvers árs er númeraður með rómverskum tölustöfum í stað þess að vera kenndur við ártalið. Þannig eru New York Giants, sem unnu leikinn nú á sunnudag, meistarar Super Bowl XLII. Þeir eru þar með meistarar leiktíðarinnar árið 2007, þótt úrslitaleikurinn sjálfur hafi ekki farið fram fyrr en komið var fram á árið 2008. Hver leiktíð hefst að jafnaði í lok ágúst; leiknar eru 16 umferðir, þrjár útsláttarumferðir áður en kemur að úrslitaleiknum Super Bowl.



Sigurvegari hvers Super Bowl-leiks fær Vince Lombardi-bikarinn svonefnda, sem er nefndur eftir þjálfara Green Bay Packers, liðinu sem vann fyrstu tvo Super Bowl-leikina og þrjá af fimm meistaratitlum NFL á sjöunda áratugnum, áður en Super Bowl kom til. Vince Lombardy lést í september 1970 og í kjölfarið var bikarinn nefndur eftir honum.

## SPURT & SVARAÐ
NÆTUROPNUN Á LÖGREGLUSTÖÐ

### *Álag minnkað vegna farsíma*



**STEFÁN EIRÍKSSON**
Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins

Ákveðið hefur verið að hafa afgreiðslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu lokaða á næturna. Í staðinn kemur dyrasími sem kemur gestum í samband við lögreglumann. Með þessu sparar lögreglan 20 milljónir króna á ári. Stefán Eiríksson er lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

**Hvers konar verkefni komu til lögreglumanna á næturna?**
Það voru alls konar mál. Til dæmis fólk sem hefur verið að óska eftir því að gista í fangageymslum, til dæmis útigangsfólk. Þangað hefur líka komið fólk sem er að leita að öðru fólki sem það grunar að sé í fangageymslum.

**Hefur heimsóknum fjölgað eða fækkað á síðustu misserum?**
Almennt séð hefur heimsóknum fækkað mikið. Eftir þessa miklu farsímavæðingu er auðveldara fyrir fólk að ná sambandi við lögreglu hvar sem það er statt. Menn óska í yfirgnæfandi meirihluta tilvika eftir aðstoð lögreglu í gegnum síma.

**Hverjir munu sinna fólki sem kemur á stöðina að nóttu til?**
Lögregluvarðstjórarnir sem eru inni og sinna málum sem eru þar. Ef það verður mikið álag verður því einfaldlega mætt með því að kalla lögreglumenn inn til starfa.

# Barátta demókrata heldur áfram

**Hillary Clinton og Barack Obama þurfa næstu vikur eða jafnvel mánuði að berjast áfram um útnefningu Demókrataflokksins. John McCain virðist hins vegar næsta öruggur um að verða forsetaefni repúblikana.**

Forkosningabaráttan í Bandaríkjunum snýst um að tryggja sér nægilegan fjölda kjörmanna, sem greiða atkvæði á flokksþingum repúblikana og demókrata í haust þar sem forsetaefni flokkanna verða endanlega valin.

Eftir þriðjudaginn mikla, þegar kjörmenn voru samtímis valdir í rúmlega 20 af 50 ríkjum Bandaríkjanna, hefur Hillary Clinton tryggt sér atkvæði 845 kjörmanna á flokksþingi Demókrataflokksins í lok ágúst, en Barack Obama hefur tryggt sér atkvæði 765 kjörmanna.

Munurinn er vel innan við hundrað atkvæði, sem er ekki mikið þegar horft er til þess að á flokksþinginu sitja 4.049 kjörmenn og til þess að ná sigri þarf frambjóðandi að fá að minnsta kosti 2.025 atkvæði.

**Risinn úr öskustónni**
Meðal repúblikana virðist hins vegar fátt ætla að koma í veg fyrir sigur Johns McCain, sem hefur tryggt sér 613 kjörmenn og er því kominn með verulegt forskot – bæði á Mitt Romney, sem er með 269 kjörmenn, og Mike Huckabee, sem nokkuð óvænt hefur tryggt sér 190 kjörmenn.

„Ég hef ekkert á móti þessu," segir McCain, greinilega hæstánægður með að standa loksins með pálmann í höndunum eftir að hafa mánuðum saman mátt þola það að vera hálfpartinn utangarðs í forkosningabaráttunni hjá repúblikönum.

McCain náði samt ekki alveg þeim góða árangri sem honum hafði verið spáð í skoðanakönnunum. Á flokksþingi repúblikana í byrjun september verða 2.380 kjörmenn, þannig að hann vantar enn 578 kjörmenn til að tryggja sér sigur.

Romney gerir sér því enn vonir um að ná upp forskoti McCains, og á þar helst von í því að geta gert sér mat úr þeirri hörðu andstöðu við McCain sem finna má í hinum harða hægrikjarna Repúblikanaflokksins. Romney tapar hins vegar á því að Mike Huckabee ætlar ekki heldur að gefast upp alveg strax, þannig að nú slást þeir tveir um fylgið sem ekki fer til McCains.

**Hlakka til baráttunnar**
Bæði Clinton og Obama voru hæstánægð með úrslit þriðjudagsins og ætla að berjast áfram af krafti. Hvorugt þeirra vill taka af skarið strax og lýsa sig reiðubúið til að verða varaforsetaefni hins, enda möguleikar beggja til sigurs enn góðir.

„Ég hlakka til að halda áfram kosningabaráttunni og umræðunni um það hvernig við eigum að skilja við þessa þjóð handa næstu kynslóð," sagði Clinton við stuðningsmenn sína í New York. Úrslitin hljóta þó að hafa orðið henni nokkur vonbrigði því hún hefur lengst af staðið miklu betur en Obama í skoðanakönnunum.

Obama var reyndar töluvert sigurvissari í Chicago þar sem hann sagði háværum stuðningshópi sínum: „Tími okkar er kominn. Hreyfing okkar er raunveruleg. Og breytingar eru að verða í Bandaríkjunum."

**Óvissa áfram**
Ekki er útlit fyrir að málin muni skýrast mikið hjá demókrötum næstu vikurnar. Svo mjótt er á mununum að hvorki Obama né Clinton græða í raun mikið á því að vinna einn og einn sigur á hinu nema yfirburðirnir séu þeim mun meiri.

Takist þeim Clinton og Obama að halda kosningabaráttunni á vingjarnlegu nótunum eins og nú upp á síðkastið þá getur líklega fátt komið í veg fyrir sigur þeirra saman í forsetakosningunum í nóvember, þar sem annað yrði varaforsetaefni hins.

Færist hins vegar aukin harka í baráttu þeirra, eins og sjá mátti fyrir nokkrum vikum, þá á McCain tvímælalaust eftir að græða á því að geta fylgst með þeim draga hvort annað í svaðið. Bandarískum kjósendum hugnast slíkt lítt.

Nú þegar eru menn farnir að horfa til forkosninganna í Louisiana, Nebraska og Washingtonríki á laugardaginn, en síðan kemur röðin að Maryland og Virginíu þriðjudaginn 12. febrúar og svo Washingtonborg viku síðar.

Síðustu forkosningarnar verða 3. júní í Suður-Dakóta, Montana og Nýju-Mexíkó.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is



**Í MIÐRI KOSNINGAVÍMUNNI** Hillary Clinton þurfti ekki að hafa mikið fyrir því að brosa í fyrrinótt þegar úrslitin voru að tínast inn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## KJÖRMENN OG OFURKJÖRMENN

Á flokksþingi demókrata í lok ágúst greiða 4049 kjörmenn atkvæði þegar forsetaefni flokksins er valið. Þessi hópur skiptist í 3253 „skuldbundna" kjörmenn, sem eru bundnir af úrslitum forkosninga og greiða atkvæði samkvæmt því, og svo 796 „ofurkjörmenn", eins og þeir eru kallaðir, en það eru þingmenn flokksins, ríkisstjórar, fyrrverandi forsetar og aðrir helstu leiðtogar flokksins. Þeir ganga óbundnir til atkvæða á flokksþinginu.

Á flokksþingi Repúblikanaflokksins, sem haldið verður í byrjun september, eru kjörmennirnir töluvert færri, eða 2380 í heild. Eins og hjá demókrötum ganga flestir þeirra bundnir til atkvæða, en 463 eru óbundnir af úrslitum forkosninga og geta því varið atkvæði sínu að vild þegar að úrslitastundu kemur á flokksþinginu.

Eftir því sem niðurstöður forkosninganna verða jafnari þá harðnar jafnframt baráttan um hylli óbundnu kjörmannanna, og er þá hart sótt að þeim með loforðum um framkvæmdir og hagsmunagæslu heima í héraði hvers og eins.

Frambjóðendur, sem detta út úr baráttunni eftir að hafa tryggt sér einhverja kjörmenn, geta haft auk þess haft áhrif á niðurstöðuna á flokksþinginu með því að lýsa yfir stuðningi við annan frambjóðanda. Kjörmönnum þeirra er þó frjálst að greiða atkvæði óháð þeirri stuðningsyfirlýsingu.

## Úrslit þriðjudagsins

**Atkvæði sem greidd voru í forkosningum demókrata og repúblikana á þriðjudaginn skila sér í kjörmönnum á flokksþingunum í haust. Hjá demókrötum þarf 2025 kjörmenn af 4049 til að hljóta útnefningu sem forsetaefni flokksins, hjá repúblikönum þarf 1191 kjörmann af 2380.**




*Í tölum um fjölda kjörmanna eru bæði bundnir og óbundnir kjörmenn taldir með.
Myndir: Getty Images © GRAPHIC NEWS

Steinsagir og kjarnaborvélar

Sagarblöð og kjarnaborar



Mikið úrval.
Hagstætt verð.

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Opið
mán.-fös. kl. 8-18
laugardaga 9-16

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

www.murbudin.is
Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is




# **Dagskráin í dag,** 7. febrúar

**19:30 Vetrarkarnival.**
Brasilískir karnivalmenn ásamt fjölmörgum innlendum listamönnum gæða Skólavörðustíginn og Þingholtin iðandi ljósalífi við upphaf Vetrarhátíðar. Gangan endar við Reykjavíkurtjörn þar sem fransk – japanski sirkusinn Oki Haiku Dan leikur listir sínar við Ráðhús Reykjavíkur. Borgarstjóri setur hátíðina í Tjarnarhólmanum að göngu lokinni. Sannkölluð vetrarkarnival stemning markar upphaf hátíðarinnar í ár og tilvalið að mæta í öskudagsbúningnum. Safnast verður saman á Skólavörðuholti kl. 19:30 lagt af stað kl. 19:45. Listhópurinn Norðanbál hannar gönguna. **Skólavörðuholt.**

**19:00 Friðarsúla Yoko Ono á Vetrarhátíð.**
Í tilefni af Vetrarhátíð verður kveikt á Friðarsúlu Yoko Ono og mun loga á ljósinu yfir hátíðina á kvöldin frá kl. 19:00-01:00.
**Viðey.**

**20:00 - 22:00 Kvöldkirkja í Dómkirkjunni.**
Dómkórinn flytur þjóðlög, gömul ástarlög, madrígala og lög eftir Brahms. Dómkirkjuprestarnir Hjálmar Jónsson og Þorvaldur Víðisson flytja bæn og blessun. **Dómkirkjan, Lækjargata 14a.**

**20:00 - 22:00 Gallerí Tukt.**
Sigrún Guðmundsdóttir nemandi við myndlistardeild Listaháskóla Íslands sýnir málverk.
**Gallerí Tukt Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3 – 5.**

**20:00 - 22:00 Hönnuður dagsins.**
Guðný Hafsteinsdóttir, leirlistakona. Gunnar Þórðarson leikur fyrir gesti. **Kraum, Aðalstræti 10.**

**20:00 - 22:00 START ART.**
Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir sýnir landslagsmálverk sem vísa öll til veðurfarsins á landinu í haust og vetur.
**START ART, Laugavegi 12b.**

**20:00 - 24:00 Myndbandsverk í glugga á þriðju hæð.**
Samtvinnuð verk videolistamannanna Sebastian Nollet og Chooc Ly Tan. **Gatnamót Bergstaðastrætis og Baldursgötu.**

**20:15 Ljóðaslamm 2008.**
Ungt fólk á aldrinum 14 - 22 ára etur kappi í orðlist í fyrsta ljóðaslammi Borgarbókasafnsins. Spennuljóðalestur, leiklestur, ljóðlist og dans, rapp, einþáttungur í bundnu máli, ljóð og hljóð o.fl. **Borgarbókasafn, Tryggvagata 15.**

**21:00 Léttur vetrarjazz.**
**Fríkirkjan í Reykjavík v/Fríkirkjuveg.**

**21:00 Vín, grín og fíólín.**
Fiðlutónlist frá 17. öld. Martin Frewer, Lilja Hjaltadóttir og Dean Ferrell flytja. Þeim til liðsinnis eru dansarar úr Listdansskóla Íslands undir leiðsögn Ingibjargar Björnsdóttur.
**Iðnó, Vonarstræti 3.**

**21:00 - 23:00 "Auður" Miðborgar og Hlíða.**
Regnbogakórinn, Retro Stefson, skemmtiatriði frá grunnskólum í Miðborg og Hlíðum, línudans og margt fleira.
**Ráðhús Reykjavíkur.**

**21:00 Uppihvað? og Hundur í óskilum.**
Eðalhúmor, gæðaleikur og algjör snilld! Á einni kvöldstund gefst gestum kostur á að njóta hárbeitts húmors Hjólastólasveitarinnar og Hundur í óskilum mun fara á kostum með söng og gríni.
**Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, Tryggvagötu 17.**

**21:00 Samverustund á Smíðaverkstæðinu.**
Opin dagskrá tengd sýningum á leikritinu Vígaguðinn eftir Yasminu Reza. Létt spjall og ljúf stemmning, leiklestur og fleira skemmtilegt.
**Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins, v/Lindargötu.**

**21:00 Fimmtudagsforleikur.**
Hitt Húsið rokkar af krafti við upphaf Vetrarhátíðar á Fimmtudagsforleik. **Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5.**

**21:00 Heitt og Kalt.**
Opnun á ferðatöskusýningu í Fógetastofum. 17 ferðatöskur með 17 bútasaumsverkum frá 17 löndum ferðast nú um alla Evrópu og nú er ein taskan stödd á Íslandi.
**Fógetastofur, Aðalstræti 10.**

**21:00 Himneskir herskarar.**
Páll S. Garðarsson rekur handverkstæðið Himneskir herskarar þar sem tálgað er í tré, unnið með pappír, vír og ýmis önnur efni.
**Handverk og hönnun, Aðalstræti 10.**

**21:15 Dansveisla Kramhússins.**
Kramhúsið býður upp á fjölbreytta og alþjóðlega danssýningu auk þess sem fram koma sirkuslistamenn. Dansveislunni lýkur með hinni frábæru hljómsveit The Reel Thing.
**Nasa við Austurvöll.**

**Ljós og litadýrð.**
Börnin í frístundaheimilum Kamps bjóða til listasýningar sem unnin er útfrá þemanu ljós og hreyfing.
**Ingólfsnaust, Aðalstræti 2.**

**Mynstur -Myndlistarsýning.**
Eyjólfur P. Kolbeins hefur unnið að myndlist síðastliðin 20 ár og stundar nú nám á vegum Fjölmenntar við Myndlistaskólann í Reykjavík. Eyjólfur kallar myndir sínar litmyndir og vinnur útfrá innblæstri hverju sinni. Sýningin er sett upp í samstarfi við listahátíðina List án landamæra. **Ingólfsnaust, Aðalstræti 2.**

**Norðurlandamótið í listhlaupi á skautum** fer fram í Egilshöll 7.-10 febrúar 2008. Einstakt tækifæri til þess að sjá listhlaupara á skautum á heimsmælikvarða. Nánari upplýsingar um mótið: www.skautasamband.is. **Egilshöll, Fossaleyni 1.**
*Aðganseyrir 700 kr. fyrir fullorðna og 300 kr. fyrir börn.*

Kynntu þér dagskrána á **www.vetrarhatid.is**

Reykjavíkurborg

spron

Orkuveita Reykjavíkur

zetor

**Útgjöldin**

> Heildarvelta kreditkorta á Íslandi árið 2006.




HEIMILD:HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** MATTHÍAS HALLDÓRSSON AÐSTOÐARLANDLÆKNIR

## *Hús með vínkjallara bestu kaupin*



„Bestu kaupin eru án efa hús sem ég á í Frakklandi með fjölskyldunni. Húsið er um 150 ára gamalt og við skiptum með okkur verkum við að gera það upp. Aðrir í fjölskyldunni sjá um að gera við húsið en ég sé um vínkjallarann," segir Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir.

Matthías segir að húsið hafi hækkað mjög í verði þann áratug sem liðinn er síðan það var keypt. „Við keyptum það á afar heppilegum tíma. Húsið er staðsett við svissnesku landamærin og um svipað leyti voru settar reglur um að Svisslendingar gætu keypt eignir í Frakklandi. Svissneskir auðmenn nýttu sér þetta í stórum stíl og verðið á húsum á þessu svæði hefur hækkað hratt á þessum tíma." Fjölskyldan nýtir húsið í Frakklandi í hvert sinn sem tækifæri gefst til, enda húsið fínt og svæðið kjörið til þess að verja frítímanum, segir Matthías.

„Það er líka skýrt í mínum huga hvað voru verstu kaupin. Ég og nágranni minn tókum okkur saman og keyptum gervihnattamóttakara einn mikinn. Hann var mjög dýr og uppsetningin ekki síður því það þurfti her manns til að setja hann upp. Við stóðum í þeirri trú að með því að setja upp móttakara þá hefðum við aðgang að fjölda sjónvarpsrása gegnum svokallaðar sjóræningjastöðvar. Aðgangurinn dugði hins vegar ekki nema í mánuð og eftir það var gjörsamlega lokað fyrir. Það held ég að hljóti að vera versta fjárfesting sem ég hef lagt í."

# GÓÐ HÚSRÁÐ

## AÐ HALDA ÖLLU HREINU

■ *Að nota tannkrem og matarsóda er besta húsráðið sem Dóra Guðrún Pálsdóttir veit um.*



„Ég nota tannkrem eða matarsóda á allt sem kemur upp á heima hjá mér," segir Dóra Guðrún Pálsdóttir, ritari þingmanna á Alþingi. „Matarsódi virkar á alla lykt og tannkrem á alla bletti," segir Dóra og bætir við að flestöll slys á heimili hennar séu því leyst með þessum hætti. Grænsápan vinni svo á restinni. „Fótboltatreyjurnar hans Tómasar sonar míns fara í grænsápuþvott. Það er það eina sem virkar."

Þessi góðu ráð segist Dóra hafa lært smátt og smátt. „Eflaust er þetta komið frá mömmu og ömmum. Lærir maður ekki allt hjá mömmu?"

**MATUR & NÆRING** ELVA GÍSLADÓTTIR NÆRINGARFRÆÐINGUR

## Fólat - sérstaklega fyrir konur á barnseignaaldri



Fólat er nauðsynlegt fyrir fólk á öllum aldri en það er sérstaklega mikilvægt fyrir konur á barneignaraldri. Fólat er B-vítamín, oft nefnt fólasín eða fólinsýra, sem gegnir fjölda mikilvægra hlutverka í líkamanum. Rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl lítillar inntöku fólats fyrir þungun og á fyrstu vikum meðgöngu og hættu á alvarlegum skaða í miðtaugakerfi fóstursins, svo sem klofnum hrygg, heilaleysi og vatnshöfði. Á Íslandi greinast árlega um sex slík tilvik.

Dagleg inntaka fólats í töfluformi í fjórar vikur fyrir þungun og á fyrstu tólf vikum meðgöngu dregur úr líkum á alvarlegum skaða í miðtaugakerfi fósturs um meira en helming.

Þar sem þungun er ekki alltaf skipulögð fyrirfram er öllum konum sem geta orðið barnshafandi ráðlagt að taka 400 míkrógramma (0,4 mg) fólattöflu daglega. Þeim konum sem hyggja á barneignir er ráðlagt að taka fólattöflu daglega í að minnsta kosti fjórar vikur fyrir þungun og halda því áfram að minnsta kosti fyrstu tólf vikur meðgöngu. Að auki er þeim ráðlagt að borða fólatríkt fæði sem viðbót við fólattöflur.



Fólat er einkum að finna í grænmeti, hnetum, baunum, sumum tegundum ávaxta og í vítamínbættum matvörum, til dæmis morgunkorni.

**Ávextir:** Jarðarber, kíví, appelsínur.

**Grænmeti:** Spínat, spergilkál, steinselja, spergill, rósakál, blómkál, kínakál, blaðsalat, blaðlaukur, graslaukur, grænkál, rauð paprika, avókadó, rauðkál, hvítkál.

**Korn, fræ og hnetur:** Vítamínbætt morgunkorn, múslí, haframjöl, gróf brauð, hveitikím, hveitiklíð, sesamfræ, hörfræ, hnetur, möndlur, hnetusmjör.

**Baunir:** Kjúklingabaunir, sojabaunir, nýrnabaunir.

Barnshafandi konur ættu að forðast að borða lifur og lifrarafurðir, jafnvel þótt fólatrík sé, vegna þess hversu mikið er af A-vítamíni í lifur.

Frekari upplýsingar má fá í bæklingnum Fólat – fyrir konur sem geta orðið barnshafandi sem meðal annars er hægt að nálgast á heimasíðu Lýðheilsustöðvar - www.lydheilsustod.is.

**www.mni.is**








**LYF** Verðið var kannað á þeim tuttugu lyfjategundum sem apótekin selja mest af í krónum talið. Þar á meðal eru krabbameinslyf, augndropar, þunglyndislyf og lyf sem lækka blóðfitu. Að meðaltali voru lyfin dýrust í Danmörku en ódýrust í Noregi.

# Lyfin ódýrari í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi

**Lyf eru um átta prósentum dýrari í Danmörku en hér, samkvæmt könnun SVÞ. Fréttablaðið bar Ísland saman við hin Norðurlöndin, og þar eru lyfin ódýrari. Höfum yfirleitt borið okkur saman við Danmörku, segir formaður lyfsalahóps SVÞ.**

Lyfjaverð er hærra á Íslandi en í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, en lægra en í Danmörku. Verðið var kannað á þeim tuttugu lyfjum sem apótekin selja mest af í krónum talið.

Að meðaltali eru lyfin um átta prósentum dýrari í Danmörku en hér, 6,1 prósenti ódýrari í Noregi og 5,5 prósentum ódýrari í Finnlandi. Munurinn var minnstur á Íslandi og Svíþjóð, en þar eru lyfin 0,6 prósentum ódýrari.

Samanburðurinn á milli Íslands og Danmerkur var gerður af lyfsalahóp Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ). Fréttatilkynning barst frá þeim í gær þar sem lyfjaverð er sagt 7,5 prósentum lægra hér en í Danmörku. Það jafngildir því að lyfin séu um átta prósentum dýrari þar en hér.

Í tilefni af tilkynningu SVÞ kannaði Fréttablaðið verð á sömu lyfjum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi og bar saman við íslensku verðin. Niðurstaðan var að þótt lyfin séu ódýrari á Íslandi en í Danmörku, eins og kemur fram í tilkynningunni, þá eru þau dýrari hér en í hinum löndunum. Þessi fjögur lönd eru viðmiðunarlönd Íslands þegar kemur að lyfjaverði samkvæmt reglugerð um lyfjagreiðslunefnd.

**VERÐSAMANBURÐUR**

**Samanlagt verð þeirra tuttugu lyfja sem Íslendingar kaupa mest af í krónum talið:**




* Samtök verslunar og þjónustu báru saman verðin á Íslandi og í Danmörku. Fréttablaðið bætti hinum löndunum við.

Sé tekið meðaltal af verði þessara lyfja í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi kemur í ljós að verðið á Íslandi er einu prósenti hærra.

„Við vorum fyrst og fremst að svara gagnrýni þar sem verið er að bera saman verð í Danmörku og hér," segir Þórbergur Egilsson, formaður lyfsalahóps SVÞ, aðspurður hvers vegna hópurinn hafi ekki líka borið saman íslensku verðin við þau sænsku, norsku og finnsku. „Við höfum undanfarin ár verið að bera okkur saman við Dani."

Tekið skal fram að íslensk apótek mega ein veita afslátt af opinberu verði, sem ákveðið er af ríkinu í hverju landi, en í hinum fjórum viðmiðunarlöndunum er það bannað. Í einhverjum tilvikum gæti verðið því verið lægra hér en kom fram í könnuninni.

**salvar@frettabladid.is**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Ali
499
Ali ferskur svínabógur 499 kr/kg.
Ali
1019
40% afsláttur
Ali ferskar svínakótilettur 1019 kr/kg.
MERKT VERÐ' 1698 KR/KG.
ALI FERSKT SVÍNAKJÖT
Ali
1259
30% afsláttur
Ali ferskur svínahnakki úrb. 30% afsláttur
1259 kr/kg. MERKT VERÐ 1798 KR.
Ali
1189
30% afsláttur
Ali bajonskinka 30% afsláttur
1189 kr/kg. MERKT VERÐ 1698 KR/KG.
BÓNUS KJÚKLINGUR
315
30% afsláttur
Bónus ferskir kjúklingabitar 30% afsláttur
315 kr/kg. MERKT VERÐ 449 KR.
Rågkaka
Polarkraft
139
259
Polarkökur 6 stk.
139 kr.
Polar brauðbollur 6 stk.
259 kr
359
Brúnegg 10 stk.359 kr. bakkinn
ORKA
49
Egils Orka í álflösku 250 ml 49 kr.
999
Lambalæri frosið í sneiðum
999 kr/kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

**Grunnskólar**

> Fjöldi nemenda árið 2006 með viðkomandi erlend móðurmál.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# menntun
*nám, fróðleikur og vísindi*

**FRÆÐIMAÐURINN:** SÓLVEIG ANNA BÓASDÓTTIR GUÐFRÆÐINGUR

## *Fjallar um ástina með hliðsjón af kristni*

Sólveig Anna Bóasdóttir guðfræðingur vinnur nú að útgáfu bókar með greinum eftir hana sem fjalla til dæmis um ástina, skilning á manninum sem kynveru og hjónaband í nútímanum með hliðsjón af kristni. „Ég er búin að vera í þessu í sjö ár,“ segir Sólveig Anna. „Ég er með doktorsgráðu í siðfræði í guðfræði. Doktorsritgerðin fjallaði um heimilisofbeldi en undanfarin ár hef ég farið meira út í að skoða ást, kynlíf og hjónaband með hliðsjón af kristni. Ég hef blandað mér mikið í umræðuna um hvort hjónaband samkynhneigðra sé rétt eða ekki og skrifað margar greinar á því sviði, sem hafa birst bæði á Íslandi og erlendis.“ Sólveig vinnur nú að því að safna þessum greinum saman í eina bók, sem hún væntir að komi út með vorinu.

Um hjónaband samkynhneigðra segir Sólveig Anna sína niðurstöðu vera í stuttu máli að það sé lýðræðiskrafa samtímans að hópar á borð við samkynhneigða eigi fullan rétt á því að ganga í hjónaband. „Þar af leiðandi tel ég ekki rétt að takmarka hjónaband eingöngu við karl og konu. Ástæðan er sú að innihald hjónabands er ást; ást samkynhneigðra er jafn góð og ást gagnkynhneigðra.“



Sólveig kveðst hafa fengið sterk viðbrögð við greinum sínum. „Yfirstjórn kirkjunnar er ekki par hrifin, enda komst hún að þveröfugri niðurstöðu á síðasta kirkjuþingi, þar sem samþykkt var að hinn ævaforni skilningur á hjónabandinu skyldi standa. Það sem mér finnst athugavert við þá niðurstöðu er að engu er haldið opnu. Það er ekki sagt að þetta megi skoða síðar heldur er eins og þetta sé síðasta orðið. Það finnst mér ekki vera góð guðfræði; að ætla að ákveða það fyrir alla framtíð hvernig hjónabandið eigi að vera.

Mér finnst að samtíminn, sá andi mannréttinda, frelsis og lýðræðis sem svífur yfir vötnum í bæði fræðunum og samfélaginu, knýi fram þessar breytingar.“

■ **Málþing**

## Virkt nám – sterkari sjálfsmynd

Félagsstofnun stúdenta (FS) stendur fyrir málþingi föstudaginn 29. febrúar, um samfellu á yngsta skólastiginu með virkt nám að leiðarljósi. Segir um dagskrá málþingsins að í ljósi umræðu um kröfu í samfélaginu um fjölgun ungbarnaleikskóla sé ljóst að marka þurfi skýra stefnu þess skólastigs og brúa það bil sem myndast milli mismunandi leikskóla.



Málþingið fer fram á Háskólatorgi við Háskóla Íslands og hefst klukkan 13.30. Er það öllum opið og er þátttökugjald 4.500 krónur en 2.500 krónur fyrir nema. Skráning fer fram á slóðinni www.congress.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Ískalt íslenskt vatn
- hvenær sem er

**GE kæliskáparnir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir**

**GCE23LGTFLS**
Stærð: h 176 x b 90,9 x d 63 sm
372 ltr. kælir og 180 ltr. frystir
Með stálhurðum
Orkuflokkur A
**Verð áður kr. 299.700 stgr.**

General Electric

**Verð frá:**
**Kr. 209.790 stgr.**

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200



**MARK DUDEK** Breski arkitektinn fær nokkra útrás í þessu íslenska verkefni en hann segir landa sína helst til íhaldssama þegar kemur að skólabyggingum. Á Urriðaholti er hins vegar verið að byggja skóla með kröfur og þarfir fólks á 21. öld í huga. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Blómahúsið á holtinu

**Breski arkitektinn Mark Dudek er sérfræðingur í hönnun skólahúsnæðis. Hann tekur nú þátt í byggingu skóla á Urriðaholti sem kemst nálægt því að gera draumabyggingu hans að veruleika jafnvel þótt skólabörn leggi til hugmyndir um það hvernig hún eigi að vera.**

„Þeim mun fleiri sem koma að hönnun byggingarinnar, þeim mun betur nýtist hún samfélaginu,“ segir Mark. „Ég hef fengist við að hanna skólabyggingar í heimalandi mínu, Bretlandi. Þar eru menn þó nokkuð fastir í hugmyndunum um hinn hefðbundna skóla. En við hönnun skólans á Urriðaholti förum við óhefðbundnar leiðir enda viljum við reisa skóla eins og þeir eiga að vera á 21. öldinni. Við viljum að skólinn verði nýttur allan sólarhringinn alla daga vikunnar. Á Bretlandi er venjan sú að fólk hittist á torginu sem síðar verður eins konar félagsmiðstöð bæjarins. Við ætlum að fela skólanum svipað hlutverk. Til dæmis höfum við rætt um að þarna verði kaffihús þar sem eldri borgarar geta hist, fengið sér að borða og að aðstaða verði fyrir tölvukennslu fyrir þá svo dæmi séu nefnd. Satt að segja hef ég ákveðna hugmynd um draumaskólabyggingu sem verður eitt með náttúrunni og ég hef tröllatrú á því að þessi bygging verði nálægt þeirri draumsýn.“

Fjölmargir leggja hugmyndir sínar í púkk sem vinnuhópurinn tekur svo mið af. Þeirra á meðal eru börn sem spurð voru hvernig þau vildu hafa skólann sinn. Vitanlega er ekki hægt að verða við öllum þeim hugmyndum. Til dæmis vildi einn þeirra að unglingum væri bannaður aðgangur að skólanum þar sem meðal þeirra leyndust mörg hrekkjusvín. En öðrum hugmyndum er hægt að verða við og ekki er loku fyrir það skotið að glæsilegur þakgluggi verði í miðri skólabyggingunni rétt eins og einn ungur nemandi stakk upp á.

Mikil áhersla verður lögð á að skólar á Urriðaholti verði í fararbroddi í almennri þróun umhverfisvænna skóla og á byggingin sjálf að bera því glöggt vitni. Á holtinu finnst hin sjaldgæfa jurt sóldögg og ekki ber á öðru en að hún hafi veitt hönnuðum innblástur því allt bendir til þess að byggingin verði eins og jurtin sú þar sem byggingar vísa frá miðju rétt eins og krónublöð blómsins. jse@frettabladid.is

Í ár eru hundrað ár liðin frá því að formleg kennaramenntun hófst á Íslandi:

# Breytt viðhorf og framfaravilji

„Fram undir árið 1940 líktist kennaramenntun meira gagnfræðaskólanámi,“ segir Kristín Aðalsteinsdóttir, deildarforseti kennaradeildar Háskólans á Akureyri, aðspurð um helstu breytingar á grunnskólakennaramenntun á Íslandi.

Kristín er höfundur bókarinnar Að styrkja haldreipi skólastarfsins, Menntun grunnskólakennara á Íslandi í 100 ár, en eins og titillinn ber með sér kemur bókin út í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá því að kennaramenntun hófst á Íslandi.

Í bókinni fjallar Kristín meðal annars um baráttu fyrir formlegri menntun kennara og átök á milli



**KENNARAMENNTUN Á ÍSLANDI** Þróun og staða kennaramenntunar á Íslandi er rakin í nýrri bók.

stjórnvalda, stjórnenda menntastofnana og fagfólks um skipulag og markmið kennaramenntunar.

Kristín segir lög um kennaramenntun alltaf vera að breytast. „Árið 1947 koma lög sem áttu að stuðla að kennslufræðilegum rannsóknum,“ segir Kristín sem telur ótrúlegt að slík lög skuli koma svo snemma fram á Íslandi. „Ég tel þau hafa markað tímamót þar sem þau sýndu nýjan skilning á hlutverki skóla. Með þessum lögum koma fram breytt viðhorf og vilji til framfara.“

Þá segir Kristín önnur tímamót vera árið 1963. „Þá er farið að tala um að nemendur þurfi að þroska með sér sjálfstæð vinnubrögð og að leiðsögn sé í samræmi við hæfileika nemenda,“ segir Kristín og að við það hafi verið sleginn nýr tónn. - ovd


30% AFSLÁTTUR!
AF VÖLDUM INNRÉTTINGUM!
BAÐ
INNRÉTTINGAR
Hvítt háglans innrétting
142 x 48 sm
Ölur á MDF 125 x 48 sm
Hvíttaður askur 120x48 sm
Hvíttuð eik 120x48 sm
Eplaviður á MDF 152x48 sm
Ölur á MDF 182x48 sm
Hnota á MDF 120 x 48 sm
Kirsuberjaviður á MDF 162 x 48 sm
Hvítt háglans 120x48
20% AFSLÁTTUR!
AF GRANÍT- OG MARMARA- BORÐPLÖTUM
Fáanlegar á
ákveðnar stærðir innréttinga
Black Galaxy
Imperial Brown
Blue Pearl
Black Absolute
East White
Mocca Crema
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.102 **-2,48%**

**Fjöldi viðskipta:** 907
**Velta:** 8.191 milljónir

MESTA HÆKKUN

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **BAKKAVÖR** | 4,75% |
| **EXISTA** | 4,61% |
| **GLITNIR** | 3,43% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 8,02 -1,60% ... Bakkavör 45,15 -4,75% ... Eimskipafélagið 31,25 -0,48% ... Exista 12,43 -4,61% ... FL Group 9,75 -2,99% ... Glitnir 18,30 -3,43% ... Icelandair 26,50 -1,85% ... Kaupþing 723,00 -1,63% ... Landsbankinn 29,00 -2,85% ... Marel 99,30 -0,40% ... SPRON 5,92 -1,33% ... Straumur-Burðarás 13,00 -1,89% ... Teymi 5,37 -1,83% ... Össur 92,50 -1,70%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Rannsóknarblaðamennska rædd

Blaðamaðurinn Agnes Bragadóttir sótti nýverið heim nemendur á Bifröst og uppfræddi um launhelgar rannsóknarblaðamennskunnar. Að auki voru þar fyrirspurnir og bar á góma forsíðufrétt blaðsins þar sem slegið var upp eftir Enskildabankanum sænska að Exista væri í verulegum kröggum. Skýrðist daginn eftir að útreikningar Enskilda voru rangir. Á Bifröst var höfundur fréttarinnar, sem birtist ómerkt, inntur skýringa á því hvers vegna ekki hefði verið leitað viðbragða strax hjá Existumönnum, sem þá hefðu væntanlega strax getað bent á rangfærslurnar. En það var víst ekki hægt af ótta við að þeir lækju málinu í Viðskiptablaðið, þar sem Exista á hlut. Viðskiptablaðið fer raunar mun fyrr í prentun en Mogginn, en það var ekki rætt.



### Rangindi rétt eftir höfð

Aukinheldur var að því spurt hvort ekki hefði þótt tilefni til að birta leiðréttingu vegna uppsláttarins frá greiningardeild SEB Enskilda, en þess mun ekki hafa þótt þurfa. Enda var hárrétt eftir bankanum haft í fréttinni. Þá sagði Agnes líka ekkert búið að sýna fram á neinar rangfærslur hjá Enskilda, einungis væri deilt um reikningsaðferðir. Er það svo sem í takt við viðbrögð blaðsins vegna athugasemda við önnur viðskiptaskrif. Staðið er við frétt um bréfaskriftir Fjármálaeftirlitsins til Kaupþings vegna NIBC, þrátt fyrir neitun FME og þá væntanlega við frétt um kaup araba á tveggja prósenta afsláttarhlutar í Kaupþingi, sem menn þar á bæ kannast ekki við.



## MARKAÐSPUNKTAR

Heildarvelta með skuldabréf nam 683 milljörðum króna í janúar og hefur aldrei verið meiri í einum mánuði. Viðskipti með íbúðabréf námu ríflega helmingi viðskiptanna.

Stefnt er að skráningu Skipta, móðurfélags Símans, í Kauphöll Íslands í mars, að því er Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta, segir. Upphaflega átti að skrá félagið á markað fyrir áramót, en því fékkst frestað vegna tilboðs Skipta í slóvenska símafélagið, Telekom Slovenija.

Volvo hagnaðist minna á fjórða ársfjórðungi 2007 en búist var við. Greiningardeild Glitnis segir hagnað hafa numið 5.509 milljónum sænskra króna fyrir skatta, þegar búist var við 6.176 milljónum. Tekjur voru samt umfram væntingar, 84,6 milljarðar sænskra króna.

# Besta ár Iceland Express

„Þetta var mjög góður árangur. Við stefnum nú að betra ári,“ segir Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, en farþegum flugfélagsins fjölgaði um tuttugu prósent í fyrra miðað við árið á undan. Ætla má að þetta jafngildi því að um 450 þúsund manns hafi flogið með vélum félagsins á síðasta ári. Þetta er jafnframt besta rekstrarár Iceland Express.

Flugfélagið flaug til fimmtán áfangastaða í Evrópu á síðasta ári, auk þess að fljúga beint frá Akureyri og Egilsstöðum til Kaupmannahafnar síðasta sumar. Stefnt er að því að auka sætaframboð á nokkrum áætlunarleiðum á þessu ári; þar á meðal til London og Kaupmannahafnar.

Matthías segir að auk þess að fjölga ferðum og bæta sætanýtinguna hafi markaðssetning félagsins verið að skila sér. „Félagið er að festast verulega í sessi sem fyrsti valkostur hjá mörgum,“ segir hann. **- jab/jsk**



**ICELAND EXPRESS-FLUGVÉLAR** Farþegum hjá Express fjölgaði um tuttugu prósent milli ára í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Bankarnir standast álagspróf

Fjórir stærstu viðskiptabankarnir standast allir reglulegt álagspróf Fjármálaeftirlitsins (FME).

Í gær var birt niðurstaða slíks prófs og segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME, hana sýna að eiginfjárstaða bankanna sé sterk og þeir geti staðið af sér veruleg áföll. „Sterk eiginfjárstaða er sérlega mikilvæg í ljósi þess óróa sem verið hefur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum,“ segir hann.

Álagsprófið miðar við stöðu mála hjá bönkunum í árslok 2007, en þá endurspegla eiginfjárhlutföll þeirra þegar áhrif af óróa á fjármálamörkuðum á seinni hluta ársins.

Eftir að reiknuð höfðu verið inn margvísleg áföll og gengisfall krónu (eða annarra miðla en evru í tilviki Straums) nam lækkun á eiginfjárhlutfalli bankanna frá 0,6 til 2,5 prósentustiga. **- óká**

# Bankarnir nánast lokaðir fyrir lánum

**Verulega hefur dregið úr veltu á fasteignamarkaði. Formaður Félags fasteignasala segir næstum útilokað að fá íbúðalán hjá bönkum. Aðeins er lánað fyrir íbúð á dag. Greiningardeild Kaupþings gerir ráð fyrir stýrivaxtalækkun í mánuðinum.**

„Bankarnir eru nánast lokaðir fyrir lánum til íbúðakaupa,“ segir Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala.

Hún bendir á að bankarnir hafi dregið úr lánshlutfalli sínu, en ekki er langt síðan þeir lánuðu fyrir öllu kaupverðinu. „Það er erfitt fyrir fólk að komast inn. Það hefur þurft að brúa bilið með yfirdráttarlánum og allir vita hvað þau kosta.“

Verulega hefur hægst um á fasteignamarkaðnum. Samkvæmt nýjum tölum frá Fasteignamati fækkaði kaupsamningum um næstum 40 prósent í síðasta mánuði, samanborið við janúar í fyrra. Þá dróst velta saman um hátt í þriðjung milli janúar í ár og janúar í fyrra.



**EIGNIR SKOÐAÐAR** Dregið hefur úr fjölda kaupsamninga á fasteignamarkaði. Formaður Félags fasteignasala segir að bankarnir séu svo gott sem hættir að lána.

Þá varð einnig töluverður samdráttur í janúar miðað við mánuðinn á undan.

„Nú ríkir ákveðin óvissa, bæði vegna kjarasamninga og kauphallar. Það er ekkert óeðlilegt að þetta endurspeglist á fasteignamarkaðnum.“

Fram kemur í Hálffimmfréttum Greiningardeildar Kaupþings að lán bankanna í janúar hafi jafnaði numið 28 milljónum á dag, sem svari til einnar íbúðar. Þegar mest var hafi lánin hins vegar numið milljarði króna á dag.

Greining Glitnis telur að haldi þessi þróun á fasteignamarkaði áfram heyri helsti drifkraftur verðbólgunnar sögunni til. Greiningardeild Kaupþings telur að vaxtalækkunarferli Seðlabankans hefjist við næstu vaxtaákvörðun, 14. febrúar. **ingimar@frettabladid.is**

# Vísitölurnar skríða til baka eftir fall

Hlutabréfamarkaðir víða um heim skriðu til baka eftir fall á þriðjudag. Úrvalsvísitalan tók hins vegar dýfu en hún hefur ekki hækkað síðan á þriðjudag í síðustu viku þegar hún rauk upp um 2,57 prósent. Vísitalan hefur nú fallið um rúm 19,2 prósent frá áramótum. Á sama tíma hækkaði samnorræna OMXN-40 vísitalan um rúm 0,3 prósent í gær.

Takturinn var sem fyrr sleginn í Bandaríkjunum í fyrradag eftir birtingu ISM-vísitölunnar, sem mælir gang viðskipta, nýjar pantanir, innflutning og stöðu starfsmannahalds í þjónustugeiranum. Vísitalan féll úr 54,4 stigum í janúar í 41,9 stig nú en greiningardeild Glitnis benti á í gær að viðlíka lækkun hafi ekki sést í sjö ár, eða frá því hryðjuverkaárásir voru gerðar í Bandaríkjunum árið 2001. Við þetta féll Dow Jones-vísitalan um 2,93 prósent og Nasdaq-vísitalan um rúm þrjú prósent í gær.

Fjárfestar vestanhafs og austan telja nú meiri líkur en meiri á að samdráttarskeið vofi yfir Bandaríkjunum. Ræist verstu spár getur það leitt til minni innflutnings frá helstu viðskiptalöndum Bandaríkjanna, ekki síst frá Asíu. Í kjölfarið féllu markaðir í álfunni. **- jab**

**ÞRÓUN Á MÖRKUÐUM Í GÆR**

| Vísitölur | Breyting |
|---|---|
| Dow Jones (Bandar.)* | +0,60% |
| Nasdaq (-)* | +0,71% |
| Nikkei (Nikkei) | -4,70% |
| FTSE (Bretland) | +0,13% |
| C20 (Danmörk) | -0,11% |
| OMX30 (Svíþjóð) | +0,66% |
| OMXI15 (Ísland) | -2,48% |
| OMXN40 (Norðurlönd) | +0,58% |

* Um sexleytið í gær.


Straumur

Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf., kt. 701086-1399, hefur birt Lýsingu vegna víxlaflokks sem tekinn hefur verið til viðskipta hjá OMX Nordic Exchange Iceland hf. (hér eftir OMX ICE) og gert aðgengilega almenningi frá og með 7.2.2008. Eftirfarandi víxlaflokkur hefur verið gefinn út:

**Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 5.000.000.000 var gefinn út þann 1.12.2007 og tekinn til viðskipta hjá OMX ICE þann 7.2.2008. Nafnsverðeiningar 5.000.000 ISK. Auðkenni flokksins í OMX ICE er STRB 08 1201. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 1.12.2008.**

Umsjónaraðili skráningarinnar í OMX ICE er Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf.

Lýsingu er hægt að nálgast á vefsetri OMX ICE: www.omxgroup.com/nordicexchange. Einnig má nálgast Lýsingu á skrifstofu Straums - Burðaráss að Borgartúni 25 eða á vefsetri Bankans: www.straumur.com.

Reykjavík, 7.2.2008.


# Árétting um upplýsingagjöf

Vegna vangaveltna í leiðara Markaðarins í gær um upplýsingagjöf á markaði áréttar Exista að fá félög hafi gefið jafn ítarlegar upplýsingar um eigin stöðu og það hafi gert í síðustu viku þegar farið var yfir uppgjör félagsins, sem og stöðu eiginfjár og lausafjárstöðu í janúarlok. Hlutdeildaraðferð er beitt á tvær eignir Existu, Kaupþing og Sampo, sem eru langtímaeignir í kjarnastarfsemi félagsins, fjármálaþjónustu. „Hlutdeildaraðferð er ekki mat á virði eigna, eins og stendur í leiðara, heldur er tekin hlutdeild í hagnaði viðkomandi félags. Þessi aðferð endurspeglar því mun betur undirliggjandi rekstur langtímaeigna en verðþróun hlutabréfa. Markmið hlutdeildaraðferðar er ekki síst að draga úr markaðssveiflum, hvort sem þær eru upp á við eins og á fyrri parti 2007 eða niður á við eins og á síðari helmingi ársins,“ segir í áréttingu félagsins. Exista hefur lagt sérstaka áherslu á að draga fram mismun á bókfærðu virði og markaðsvirði hlutdeildarfélaga í reikningum, sem og afkomutilkynningu og uppgjörsfundum félagsins. Loks bendir félagið á að engar óskráðar eignir hafi verið færðar upp á fjórða ársfjórðungi. Í Vegvísi Landsbankans fyrir helgi, sem vitnað er til í leiðara, eru slíkar uppfærslur nefndar sem möguleg skýring á ólíkri niðurstöðu greiningardeildarinnar og Existu hvað varðar eiginfjárhlutfall í janúarlok.

# Byr má kaupa VSP segir FME

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur samþykkt kaup Byrs á rekstri Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna hf. (VSP). Jafnframt fær Byr heimild til að fara með ráðandi hlut í Rekstrarfélagi sparisjóðanna.

Í tilkynningu kemur fram að kaupin séu liður í aukinni þjónustu við viðskiptavini sparisjóðsins, en til þessa hefur Byr boðið viðskiptavinum verðbréfaþjónustu í gegnum dóttur- og hlutdeildarfélög sín.

„Engar breytingar eru fyrirhugaðar á þeirri þjónustu sem viðskiptavinum VSP hefur fram til þessa verið veitt. Sú starfsemi VSP sem Byr hefur fest kaup á, þ.e. eignastýring og verðbréfamiðlun, verður nú hluti af heildarstarfsemi Byrs,“ segir í tilkynningunni. **- óká**

# Panasonic

## GÆÐI Á BETRA VERÐI




- **V-Real Engine** tæknin tryggir bestu upplausn og bjartari og betri mynd
- **Advanced 3D Colour Management** og allir litir verða skýrari og skarpari en áður
- **Motion Pattern Noise Reduction** tryggir betri litaaðgreiningu við mikla hreyfingu
- **Real Black Drive** og þú færð meiri aðgreiningu í svartan lit
- **VIERA Link** og þú getur stýrt öllum Panasonic tækjum með einni fjarstýrinu

**Panasonic TH42PV7F**
42" V-Real 2 PLASMA BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., V-Real Engine, Advanced 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive 8.000:1 skerpu, VIERA Link, 20w Nicam Stereó, V-Audio Surround, 2 x Scart (með RGB), 1 HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC, heyrnatólstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 149.990
FULLT VERÐ kr. 189.990




**Panasonic TX26LE7F**
26" V-Real LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni (einstök myndgæði), HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 99.990




**Panasonic TX32LE7F**
32" HD 16:9 LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni - einstök myndgæði, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ 79.990
FULLT VERÐ kr. 129.990




**Panasonic TX32LX70F**
32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real 2 tækni (einstök myndgæði), HD Ready, IPS Alpha skjá, 100Hz Motion Picture Pro, Progressive Scan, 8.500:1 skerpu, Sub-Pixel Control, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ 129.990
FULLT VERÐ kr. 149.990




**Panasonic TX37LZD70F**
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, V-Real Pro 2 Engine tækni, IPS Alpha skjá, Intelligent Scene Controller, Advanced 3D Colour management, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatt., textavarpi ofl.

TILBOÐ 189.990
FULLT VERÐ kr. 229.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Staðan í forkosningaslagnum vestra eftir „þriðjudaginn mikla“:

## Allt opið enn

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Barátta frambjóðenda um forsetaframboðsútnefningu stóru flokkanna tveggja vestanhafs, demókrata og repúblikana, mun teygjast meira á langinn en búizt var við fyrir fáeinum vikum. Enginn afgerandi sigurvegari stóð uppi eftir „þriðjudaginn mikla“ þegar forkosningar fóru fram í 22 ríkjum Bandaríkjanna.

Jafnvel John McCain, sem náði að vísu góðu forskoti á keppinauta sína í Repúblikanaflokknum, stendur greinilega veikt að vígi í mörgum ríkjum sem veldur því að báðir keppinautar hans neita enn að játa sig sigraða og halda baráttunni áfram. Hjá demókrötum má kalla niðurstöðuna jafntefli með smávægilegu forskoti fyrir Hillary Clinton á Barack Obama. Allt er enn opið.

Að báðir keppinautar McCains, baptistaklerkurinn Mike Huckabee frá Arkansas og auðkýfingurinn Mitt Romney frá Massachusetts, skuli halda áfram baráttunni styrkir reyndar stöðu hans þar sem Huckabee og Romney taka fylgi frá hvor öðrum. Það er fylgi kristilegra íhaldsmanna sem jafnan hafa reynzt ráða miklu um það hver velst til forsetaframboðs fyrir Repúblikanaflokkinn.

Það er nánast fordæmislaust í sögu forsetakosninga vestra að framboðsbaráttan skuli vera svona opin eftir að forkosningar hafa farið fram í svo mörgum ríkjum. Bandarískir kjósendur fá óvænt meiri tíma til að velta fyrir sér kostum og göllum frambjóðenda.

Í grófum dráttum má segja að konur og aldraðir hafi hallað sér að Hillary en svartir og yngri kjósendur að Obama. Það kemur ekki á óvart. Þegar skoðuð eru þau gögn sem safnað hefur verið um kosningahegðun ólíkra hópa kjósenda í forkosningunum hingað til er reyndar ekkert klippt og skorið um það hvernig hinir ýmsu kjósendahópar standa gagnvart frambjóðendunum – en það óvenjulega er jú að þar takast á annars vegar frambjóðandi sem vonast til að verða fyrsta konan í valdamesta embætti heims, og hins vegar frambjóðandi sem vonast til að verða fyrsti þeldökki maðurinn í embættinu. Hillary hefur til að mynda afgerandi meira fylgi en Obama meðal Bandaríkjamanna af rómansk-amerískum uppruna, sem nú eru 16 prósent allra kjósenda, og fylgi hvítra karla skipta þau með sér að jöfnu. Átta af tíu svörtum kjósendum kjósa aftur á móti Obama.

Í þeim ríkjum þar sem forkosningar fara fram á næstunni – þar á meðal í Louisiana, Nebraska, Washington-ríki og Washington-borg – álíta kosningarýnar að samsetning kjósenda geri það sennilegt að Obama geti þar saxað eitthvað á forskot Hillary. Hvort þeirra muni, þegar upp verður staðið, tryggja sér meirihluta hinna alls rúmlega 2.000 fulltrúa sem kjósa munu forsetaframbjóðanda Demókrataflokksins í sumarlok kann jafnvel að ráðast í röðum þeirra fulltrúa sem ekki eru kjörnir í forkosningum – það eru hinir svonefndu „ofurfulltrúar“, þingmenn, ríkisstjórar og háttsettir flokksmenn – sem ráða því hvernig þeir verja atkvæði sínu á flokksþinginu.

Hvað sem líður óánægju kristilegra íhaldsmanna í Repúblikanaflokknum með John McCain virðist nú fátt geta hindrað að hann tryggi sér útnefningu flokksins. Og þeir repúblikanar sem vilja gera sér raunhæfar vonir um að þeirra frambjóðandi eigi möguleika í forsetakosningunum sjálfum í nóvember hljóta að sjá að enginn annar en McCain en vænlegri til að höfða til nógu breiðs kjósendahóps til að það verði raunin. McCain er jafnframt sá repúblikani sem með trúverðugustum hætti getur firrt sig ábyrgð á óvinsældum Bush-stjórnarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

www.nathan.is

**Notuð skrifstofuhúsgögn til sölu**

Við erum að flytja og því höfum við til sölu notuð skrifstofuhúsgögn, þ.e. skrifborð, skápa, skrifstofustóla ofl.

Einnig ísskápa, borð, stóla o.fl. í eldhúsið.

Selst ódýrt.

Upplýsingar á skrifstofutíma gefur Hanna Dóra Haraldsdóttir í síma 530-8400 eða hdh@1912.is

1912 Nathan & Olsen hf Ekran

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Góðar hugmyndir

Árni Johnsen telur að engum sé betur treystandi til að segja fréttir af Alþingi en Alþingi sjálfu. Hann hefur því viðrað þá hugmynd að Alþingi haldi úti eigin sjónvarpsstöð sem flytji þá betri og réttari fréttir af störfum þingsins en fjölmiðlar gera í dag. Á sama tíma leggur Össur Skarphéðinsson til að forseti Íslands færi sér tæknina í nyt og birtist sem almynd þegar hann þarf að halda ræður en á ekki heimangengt. Hvort tveggja eru þetta góðar hugmyndir, svo góðar að rithöfundurinn George Orwell sló þeim saman í eitt í skáldsögunni 1984. Þar greindi ríkismiðillinn í Eyjaálfu frá ástandi mála og hvarvetna blöstu við almyndir af þjóðhöfðingjanum. Össur og Árni eiga það eitt eftir að búa til „nýmæli“ eða „newspeak“ eins og það hét í bókinni. Árni hefur þó unnið þakklátt brautryðjendastarf í þeim efnum, til dæmis þegar hann umbreytti orðinu „afbrot“ í „tæknileg mistök“.



### Atvinnustefnunni framfylgt

Samfylkingin hefur lítt fjallað um álit Mannréttindanefndar SÞ, sem komst að þeirri niðurstöðu að kvótakerfið bryti á mannréttindum. Þó hafa sjávarútvegsmálin verið Samfylkingunni hugleikin. Mannréttindanefndin telur kvótakerfið meðal annars brjóta í bága við jafnræðisreglu því það tryggi jafnan aðgang að auðlindinni, sem er skilgreind sem sameign þjóðarinnar í lögum um stjórn fiskveiða. Álitið rímar vel við ályktanir sem samþykktar voru á landsfundi Samfylkingarinnar í fyrra og finna má í atvinnustefnu flokksins. Þar er meðal annars kveðið á um að þjóðareign á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar verði bundin í stjórnarskrá og að nýliðun í útgerð verði auðvelduð. Þetta eru varla orðin tóm. Í ljósi álits Mannréttindanefndarinnar hlýtur Samfylkingin að láta til skarar skríða.



bergsteinn@frettabladid.is

# Löglaust og siðlaust

Árin í kringum 1970 vöktu hagfræðingar og aðrir máls á nauðsyn þess að hafa stjórn á fiskveiðum við Ísland, þar eð fiskstofnar þyldu ekki lengur frjálsa sókn á miðin. Lagt var til, að veiðum væri stjórnað með gjaldheimtu, þannig að útgerðir greiddu ríkinu fyrir aðgang að fiskimiðunum. Takmarkaður aðgangur hlaut að kalla á aðgangseyri, veiðigjald. Annar viðtakandi gjaldsins en ríkið kom ekki til álita, þar eð fiskimiðin hlutu að teljast vera sameign þjóðarinnar, þótt ekkert ákvæði þess efnis væri þá komið í lög. Þessi einfalda markaðslausn á ofveiðivandanum mætti strax þungum mótbyr í því markaðsfirrta andrúmslofti, sem þjóðin þurfti enn að búa við, þótt viðreisnarstjórnin 1959-71 hefði leyst eða losað suma hörðustu hnútana, einkum með því að leiðrétta gengisskráningu krónunnar og afnema beina styrki til sjávarútvegsins. Stjórnmálamenn héldu þó áfram að skammta lánsfé og gjaldeyri, og fiskverð var ákveðið í reykfylltum herbergjum. Þvæla var allsráðandi í umræðum um efnahagsmál, og hagstjórnin og hagskipulagið voru því marki brennd, kollsteypurnar ráku hver aðra, verðbólga og verkföll. Þess var naumast að vænta, að skynsamleg markaðslausn á ofveiðivandanum næði fram að ganga við þessar aðstæður. Ég man eftir fundi, þar sem prófessor í Háskóla Íslands benti áheyrendum sínum á, hversu fráleitt það myndi þykja að veita veiðimönnum ókeypis aðgang að laxveiðiám. Þá reis einn helzti virðingarmaður útvegsins og alþingismaður upp úr sæti sínu og spurði með þjósti: Er prófessorinn að líkja þorski við lax? Umræður á Alþingi voru á svipuðu stigi.



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Mannréttindabrot

### Skipuleg mannréttindabrot

Landssamband íslenskra útvegsmanna féllst á að draga úr sókn á miðin gegn því, að þeir fengju þá að hirða allan ávinninginn af hagsbótunum. Þeir hjá LÍÚ sömdu lagafrumvarpið, sem Alþingi samþykkti nánast án nokkurrar vitrænnar umræðu í desember 1983. Í lögunum, sem þá voru samþykkt, var kveðið á um ókeypis úthlutun aflakvóta til skipa miðað við veiðireynslu 1980-83, sem hvíldi sumpart á fyrri úthlutunum. Þá lá þó fyrir lögfræðiálit Gauks Jörundssonar prófessors þess efnis, að lagaheimild hefði brostið til slíkrar úthlutunar árin næst á undan, en það álit kom ekki fyrir sjónir almennings fyrr en nú um daginn, 25 árum of seint. Svo virðist sem upphafleg úthlutun aflaheimilda á grundvelli veiðireynslu 1980-83 hafi því ekki aðeins verið ranglát, eins og margir hafa æ síðan haldið fram, þar eð fiskimenn og aðrir sátu ekki allir við sama borð, heldur einnig beinlínis ólögleg. Lögmæti heimildar sjávarútvegsráðuneytisins til ókeypis kvótaúthlutunar 1983 og eftirleiðis er einnig umdeilt.

Förum fljótt yfir sögu. Kvótakerfið var fest í sessi með úthlutun varanlegra veiðiheimilda til skipa 1990, og var þá enn miðað við veiðireynslu 1980-83. Samkvæmt dómi Hæstaréttar 1998 stríðir kvótakerfið gegn jafnræðis- og atvinnufrelsisákvæðum í stjórnarskránni (Valdimarsmál), en rétturinn skipti um skoðun 2000 undir þrýstingi frá ríkisstjórninni (Vatneyrarmál). Síðari dómurinn og annar eins voru kærðir til Mannréttindanefndar SÞ, en þar sitja 18 af fremstu mannréttindasérfræðingum heims. Nefndin úrskurðaði, að fiskveiðistjórnarkerfið stríddi gegn alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða, og þá steytir kerfið einnig á jafnræðisákvæðinu í stjórnarskránni. Úrskurði Mannréttindanefndarinnar verður ekki áfrýjað. Alþingi hefur orðið uppvíst að skipulegum mannréttindabrotum langt afur í tímann með fulltingi Hæstaréttar.

Villa Alþingis var að taka sérhagsmuni útgerðarinnar fram yfir almannahag. Kvótakerfið er reist á innbyrðis þversögn. Það er reist á upphaflegri úthlutun, sem var ranglát og líklega einnig ólögleg, og síðan var útvegsmönnum leyft að láta kvótana ganga kaupum og sölum. Frjálst framsal var æskilegt af hagkvæmnisástæðum, en það krafðist réttlátrar og löglegrar úthlutunar í upphafi. Þarna liggur undirrót lögleysunnar og mannréttindabrotanna, sem hafa kallað ómældar hörmungar yfir fjölda fólks um allt land og leyft öðrum að maka krókinn. Vandinn liggur með öðrum orðum ekki í tilvist aflakvótanna, heldur í tilurð þeirra. Kvótakerfið virðist að auki hafa ýtt undir önnur lögbrot, bæði brottkast og löndun fram hjá vikt, í ríkari mæli en yfirvöld hafa fram að þessu fengizt til að viðurkenna.

### Sama heygarðshorn

Sigurður Líndal prófessor heldur því enn fram opinberlega, að eignarréttarákvæði í 72. grein stjórnarskrárinnar réttlæti kvótakerfið. Þessi skoðun var snar þáttur í málsvörn ríkisins fyrir Mannréttindanefndinni, en nefndin hafnaði henni með þeim rökum, að gera þyrfti greinarmun á lögmætum eignum og öðrum, eins og Aðalheiður Ámundadóttir laganemi í Háskólanum á Akureyri lýsir vel í lærðri ritgerð, sem mun birtast fljótlega í Lögfræðingi, tímariti laganema fyrir norðan.

# Hvað gera Guðlaugur og Jóhanna?

**UMRÆÐAN**

Kjaramál



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Tónninn í láglaunahópum samfélagsins er að harðna. Skiljanlega og sem betur fer. Starfsmenn á velferðarstofnunum samfélagsins eru ýmsir við það að gefast upp, bæði vegna óforsvaranlegs álags og lágra launa. Ástandið er fyrir löngu orðið ólíðandi og nú ríður á að ríkisstjórnin axli ábyrgð. Ég er sannfærður um að ef ekki verður samið af raunsæi við starfshópa innan þeirra geira sem búa við ófullnægjandi kjör þá mun velferðarkerfið springa í skipulegum og óskipulegum launauppreisnum fyrr eða síðar. Áframhaldandi ástand bitnar á þeim sem síst skyldi, börnum, öldruðum, veikum og fötluðum.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði nýlega að í komandi kjarasamningum yrði að hækka laun kennara verulega. Orð í tíma töluð, en nú þarf líka að láta verkin tala. Laun grunnskólakennara ganga einfaldlega ekki upp.

Allir flokkar lýstu því yfir í síðustu Alþingiskosningum að eindreginn vilji væri til staðar við að hækka ekki einungis laun grunnskólakennara heldur einnig annarra starfsmanna almannaþjónustunnar, og þá allra helst í umönnunargeiranum. Að þessu er meira að segja vikið sérstaklega í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Öllum hlýtur því að vera ljóst að ekki verður lengur við svo ósanngjörn laun búið. Það verður einfaldlega ógerlegt að reka velferðarstofnanir samfélagsins án róttækra breytinga í launaumhverfinu. Ég sakna þess að þeir ráðherrar, sem fara með heilbrigðismál og félagsmál, þau Guðlaugur Þór Þórðarson og Jóhanna Sigurðardóttir, séu líkt og menntamálaráðherra spurð hvað þeim finnist um laun starfsfólks á dvalarheimilum aldraðra, sjúkrahúsum og stofnunum fyrir fatlaða.

Það verður fylgst með því að ríkisstjórn Þorgerðar Katrínar geri yfirlýsingar menntamálaráðherrans um bætt laun kennara ekki ómerkar. Neyðarástandi í grunnþjónustu samfélagsins verður að ljúka. Hvað ætla Guðlaugur Þór og Jóhanna að gera?

*Höfundur er formaður BSRB og alþingismaður.*

# MAX fimmtudagur

Þú sparar kr. 6.500



**Philips FC8602**
1800w ryksuga ExPression • Vönduð gúmmíhjól • 5 filtera kerfi með HEPA Super Clean Air filter • 7m snúra • 2 fylgihlutir

**9.489 kr.**
Fullt verð ~~15.989~~



**139.989 kr.**
Fullt verð ~~199.989~~

40 tommur

Þú sparar kr. 60.000

10 STYKKI

LCD

**Samsung LE40S62**
40" LCD • HD Ready • DNIe stafræn myndvinnsla • Upplausn: 1366 x 768 • Mynd í mynd (1 tuner) • HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video • Game mode • Textavarp ofl.

## Uppþvottavél

10 STYKKI



Þú sparar kr. 30.000

**Siemens SE35M554ED**
60sm uppþvottavél • 12 manna • Hljóðlát 47 dB (A) • 5 kerfi • Rafeindastýrður kerfisveljari • Lætur vita ef gljáefni vantar • Skjár sýnir tíma sem eftir er • Má stilla fram í tímann • Vatnsflæðivörn • Þvotthæfni A • Þurrkhæfni A • Orkunýting A

**59.989 kr.**
Fullt verð ~~89.989~~

Þú sparar kr. 5.000



## Míkrósamtæða

**Philips MC146**
8w míkrósamstæða • Geislaspilari • Spilar CD-R/RW • Dynamic Bass Boost • FM útvarp með 20 stöðvaminnum • Heyrnartól

**8.989 kr.**
Fullt verð ~~13.989~~

Þú sparar kr. 10.000



## Heimabíó

**Philips HTS3357**
Heimabíókerfi með fjölkerfa DivX DVD spilara • 600w (4x75w og 2x150w RMS) Digital magnari • Video Upscaling í 720p/1080i • 2 framhát. á gólf, miðja, 2 bakh. og bassabox • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • FM útvarp með 40 stöðvaminnum • USB og Line-In að framan • SCART (með RGB) og HDMI tengi • Digital Coaxal tengi • Fjarstýring

**29.989 kr.**
Fullt verð ~~39.989~~

# Opið til kl. 22 í kvöld

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI



## Þvottavél

**10 STYKKI**

**39.989kr.**

Fullt verð ~~58.989~~

**Þú sparar kr. 19.000**

**Indesit WIL145**
1400 snúninga og 5kg þvottavél • Rafeinda/Mekanískur kerfisveljari • Ullarvagga/Handþvottur • Time4You, 4 hraðkerfi • Sportkerfi fyrir skó og íþróttaföt • Hitastillir 0-90° • Þvotthæfni A • Orkunýting A+ • Vinduhæfni B

## Baðvog



**Melissa 631020**
Vönduð baðvog með fitumælingu

**4.989kr.**

Fullt verð ~~6.989~~

**Þú sparar kr. 2.000**



## Keramik

**Philips HP4661**
Keramik sléttujárn • Nær 180°C hitastigi • Plötur með keramik húð • Tekur aðeins 3 mín. að hitna

**2.989kr.**

Fullt verð ~~4.989~~

**Þú sparar kr. 2.000**

## Skrefateljari



**OBHNordica 4995**
Skrefateljari • Telur skref og kaloríur • Hægt að slá inn þyngd • Innbyggð klukka • Tekur 1 stk. LR43 rafhlöðu

**Þú sparar kr. 500**

**1.989kr.**

Fullt verð ~~2.489~~

## Vöfflujárn

**Melissa 643104**
850w vöfflujárn • Ljós kviknar er vaffla er tilbúin



**Þú sparar kr. 2.000**

**1.989kr.**

Fullt verð ~~3.989~~

## Með frysti

**Whirlpool ARC5554IX**
188cm Kæliskápur með Frysti • Kámfrítt stál • 319 lítrar brúttó • Kælir 210 lítrar • Frystir 91 lítrar • 2 Hurðir • 4 glerhillur í kæli • Frystir fyrir neðan kæli • Orkunýting A



**54.989kr.**

Fullt verð ~~69.989~~

**Þú sparar kr. 15.000**



**Dantax M17L**
17 lítra og 700w örbylgjuofn

## Örbylgja

**Þú sparar kr. 2.000**

**4.989kr.**

Fullt verð ~~6.989~~

MAX RAFTÆKI

**Opið til kl. 22 í kvöld**

Tilboðin gilda til 13. 02. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.



**BLÓMATÍMI LISTA**
Biedermeier-tímabilið gat af sér fjölda sérstæðra húsgagna.
HEIMILI 4



**TÓLF SPORA MEÐFERÐ FATNAÐAR**
Klæðskerinn og kjólameistarinn Selma Ragnarsdóttir getur breytt gömlum frakka í tískujakka og saumað dýrindis kjóla úr gardínum.
TÍSKA 2



HÚSGAGNA LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgaflar

ALLTAF BESTA VERÐIÐ

Verðdæmi:
Leðursófasett áður 239,000 kr
Nú 119,900 kr
Hornsófar tau áður 198,000 kr
Nú 103,000 kr
Hornsófar leður áður 249,000 kr
Nú frá 159,000 kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510
Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16



Sara keypti kragann, sem hún heldur að sé búinn til úr gardínu, á Portobello-markaðnum í London. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Gimsteinar leynast víða

***Sara Marti Guðmundsdóttir hefur yndi af fallegum fötum en sníður sér þó stakk eftir vexti og kaupir megnið af fötunum sínum erlendis.***

Leikkonan Sara Marti Guðmundsdóttir er hrifin af hvers konar mörkuðum og þar reynir hún að finna litla gimsteina. „Ég kaupi yfirleitt fötin í útlöndum ef frá eru taldir skór. Þar sem ég er ekki á neinum forstjóralaunum reyni ég að forðast sérstakar hönnunarverslanir og fer frekar á markaði þar sem ýmislegt fallegt leynist,“ útskýrir Sara.

Fyrir tveimur árum fann hún fallegan hálskraga á Portobello-markaðnum í London. Hann keypti hún af stelpu sem var að læra fatahönnun og seldi eigin flíkur fyrir lítinn pening. „Hann er svona beis-litaður með silfurlituðu blómamunstri og örugglega búinn til úr gardínu þegar ég hugsa út í það. Kraginn er svo tekinn saman með blúndu og fallegri nælu,“ lýsir Sara en hún notar hann aðallega við kápur og frakka.

Sara segist eiga troðfullan skáp af fötum og tímir engu að henda. „Sumt er löngu hætt að passa á mig en ég get ekki fyrir mitt litla líf hugsað mér að henda eða gefa flíkur sem ég keypti til dæmis í Hong Kong eða á öðrum eftirminnilegum stöðum.“

Í kvöld mun Sara frumsýna leikritið „Norway today“ í Kúlunni ásamt Þóri Sæmundssyni. Þetta er farandsýning Þjóðleikhússins í ár og síðustu daga hafa þau ferðast með hana um landið. Leikritið, sem á að höfða til ungs fólks, er byggt á sannsögulegum atburðum sem gerðust í Noregi. Það fjallar um tvo unga krakka sem hittast á netinu og ákveða að fremja sjálfsmorð. „Þó að þetta hljómi þungt þá er það ekki raunin,“ segir Sara. „Þetta er mjög vel skrifað verk,“ bætir hún við en það verður sýnt í Þjóðleikhúsinu fram að páskum.

*vera@frettabladid.is*






**Kate Moss** er vinsæl sem aldrei fyrr. Í mars mun hún ná þeim áfanga að vera á forsíðu glanstímaritsins Vogue í 25. skipti.

# Tólf spora meðferð fatnaðar gefur fötum nýtt líf

***Klæðskerinn og kjólameistarinn Selma Ragnarsdóttir getur breytt gömlum frakka í tískujakka og saumað dýrindis kjóla úr gardínum.***



Selma á vinnustofunni þar sem hún fæst við að breyta flíkum og leigja búninga af ýmsu tagi til bæði einstaklinga og hópa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Jakkinn hans Emils fyrir breytingu.



Alexander og Emil í jökkum sem Selma hefur breytt með því að setja á þá stroff og rennilás. Alexander átti upphaflega hugmyndina að breytingunni en Selma hefur síðan útfært hana á ýmsa vegu.

Hver kannast ekki við það að eiga nokkrar flíkur inni í skáp sem ekki má henda? Kannski eitthvað frá afa eða ömmu eða bara eitthvað sem ekki passar.

Selma Ragnarsdóttir, kjólameistari og klæðskeri, sérhæfir sig í fatabreytingum af ýmsu tagi og býður upp á tólf spora meðferð fatnaðar sem getur gefið fötum nýtt líf. Hún breytir þeim á eftirfarandi vegu:

1. Stytta/síkka – þrengja/víkka
2. Umskipti: Skipta til dæmis um rennilás, tölur og smellur.
3. Fjarlægja: Taka af vasa, tölur, hluta af flíkinni.
4. Bæta: Til dæmis göt, rifur og saumsprettur.
5. Skreyta
6. Prenta/þrykkja
7. Lita: Heillita, úða, stensla, skvetta á og fleira.
8. Aflita/klóra: Skvetta, úða, leggja í bleyti.
9. Sjúska: Rispa, nudda og vinda.
10. Skera: Með hníf, skærum eða sprettara.
11. Skjóta: Með pílum, örvum, haglabyssu.
12. Yfirkeyrsla: Keyra yfir til dæmis á nagladekkjum og spóla.

Selma er nýflutt með vinnustofu sína að Skúlagötu 10 en þar rekur hún einnig búningaleigu ásamt systur sinni Guðbjörgu Ragnarsdóttur. „Ég hef fengist við að breyta fötum síðan ég var unglingur. Í fyrstu var ég að fikta með flíkur af ömmu og langömmu en svo hefur það þróast út í alhliða fatabreytingar,“ segir Selma.

Hún segir fólk oft eiga mikið af verðmætum flíkum sem gaman er að gefa nýtt líf. „Kápan hennar ömmu eða jakkinn hans afa passar kannski ekki við eigið vaxtarlag en er ef til vill úr flottu efni og hefur tilfinningalegt gildi,“ útskýrir Selma. „Það má síðan þess vegna koma með gardínur sem maður vill breyta í kjól,“ bætir hún við og segir að slík endurnýting sé auðvitað líka umhverfisvæn. *vera@frettabladid.is*

Gæðastólar á góðu verði fyrir fagfólk!




S. Gunnbjörnsson ehf. Iðnbúð 8 S. 565 6317 ecopostural






Nú eru að koma nýjar vörur
www.vefta.is
Vefta
Tískuföt Hólagarði
s: 557 2010

ÚTSALA



Pelskápur 26.900 kr
NÚ 5.900 kr

Vattkápur 19.900 kr
NÚ 5.900 kr

Úlpur 17.900 kr
NÚ 5.900 kr

......og mörg fleiri tilboð.

ATH Ný sending af dúnkápum
Kr. 25.900 5 síddir

Opið:
Laugardaga 10-16
SUNNUDAG 12-16

Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6, s. 588 5518

Ferming í Flash



Kjólar
Ermar
Leggings
Skart
Skór

FLASH
Laugaveg 54,
sím 552 5201



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Stutt milli skáldskapar og veruleika

Á eftir herratísku næsta vetrar var hátíska komandi sumars á sýningarpöllunum í París á dögunum. Christian Lacroix sýndi nokkra tugi hátískukjóla, hvern öðrum glæsilegri. Sýningin fór fram í Georges Pompidou-safninu í miðborginni þar sem tískuhúsið lagði undir sig alla jarðhæð safnsins. Kjólarnir voru líkt og málverk úr suðri, svipmyndir innblásnar meðal annars af stúlkunum frá Arle, heimaborg hönnuðarins. Mikið af sterkum litum og formum frá ýmsum tímum, jafnt frá barokki með miklum pilsum til áranna milli 3.-4. áratugarins á tuttugustu öldinni með beinar línur. Falleg sýning en eins og vantaði einhverja heildarmynd, rauðan þráð sem gengi í gegnum sýninguna, líkt og mátti finna hjá Gaultier og Dior.

Á fremsta bekk mátti sjá Önnu Wintour frá bandaríska Vogue með sín kunnuglegu svörtu sólgleraugu, þá hina sömu og hinn illgjarni ritstjóri í kvikmyndinni „Djöfullinn klæðist Prada“ er byggður á. Með horaða og föla stúlku sér við hlið sem hafði ekki borðað í viku og tók niður athugasemdir ritstjórans. Stundum stutt á milli skáldskapar og veruleika.



Hjá Jean-Paul Gaultier var þemað hafmeyjur. Stigu þær upp úr sjónum á land með hárið síða blautt eins og hæfir prinsessum hafsins. Hreistur sem minnti á hafið og sporður hafmeyjunnar einkenndi hönnunina og ýmiss konar glitrandi efni, hvort sem var í skóm eða fatnaði.

Gaultier blandar einnig saman Swarovski-steinum og blúnduefni. Brúðurin, sem eins og hefðin vill er síðasta fyrirsætan sem stígur fram á sviðið, átti við ákveðið vandamál að stríða enda með sporð. Hún mætti því að sýningarpallinn með gylltar hækjur í stíl við brúðarkjólinn! En kraftaverk gerast enn og á miðju sviðinu fleygði hún hækjunum og gekk um eins og landkrabba sæmir.

Hinn ítalski Valentino kvaddi með virktum í París með sinni síðustu hátískusýningu en hann dregur sig nú í hlé eftir 45 ár í bransanum. Ekki var að sjá að Valentino vantaði innblástur. Hver kjóllinn var öðrum glæsilegri enda hann þekktur fyrir fágaða hönnun og klassíska. Sýning hans var óður til kvenlegrar fegurðar og boðsgestir risu úr sætum og heiðruðu hönnuðinn með löngu lófaklappi að henni lokinni. Hann var af þessu tilefni sæmdur orðu Parísarborgar af Bertrand Delanoë borgarstjóra, fyrir framlag sitt til tískunnar sem er mikilvægur hluti af menningunni hér í borg. Valentino þakkaði fyrir sig með orðum úr lagi Josephine Baker frá þriðja áratug síðustu aldar, „j´ai deux amour, mon pays et Paris“, ég elska tvennt, landið mitt og París. Enda kjólarnir saumaðir í Róm og fluttir til Parísar fyrir sýninguna á Rodin-höggmyndasafninu.

*bergb75@free.fr*

## Augu ársins



TVEGGJA BURSTA MASKARI GERIR FALLEG AUGU ENN FEGURRI Á STÓRUM STUNDUM.

Elizabeth Arden hefur sett á markað nýjung sem er tveggja bursta maskari með nærandi formúlu sem mýkir augnhárin og gefur þeim glans.
Stærri burstinn lengir, þykkir og aðskilur augnhár á meðan smærri burstinn greiðir úr hárum og lagar, auk þess að ná til svæða sem erfitt er að nálgast.

## Lýst eftir sundskýlu

LUMI FÓLK Á SUNDSKÝLUM, SÓLGLERAUGUM OG FERÐATÖSKUM FRÁ SEVENTÍS-TÍMABILINU GETA SLÍKIR MUNIR GENGIÐ Í ENDURNÝJUN LÍFDAGA Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU.



Ragnar Kjartansson, leikmynda- og búningahönnuður, leitar þessa dagana dyrum og dyngjum að búningum fyrir leikritið Sólarferð sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu 15. febrúar. Hann vantar sundskýlur, bikiní, sólgleraugu og ferðatöskur frá áttunda áratugnum. Leikritið gerist árið 1976 en svo virðist sem sundfatatískan á þeim tíma hafi verið það vandræðaleg að skýlum og bikiníum hafi hreinlega verið fargað. Að minnsta kosti er ekki um auðugan garð að gresja í búningadeild Þjóðleikhússins og biður Ragnar fólk sem á til dæmis litríkar sundskýlur og ferðatöskur frá þessum tíma, sem það má sjá af, að koma þeim til dyravarðar Þjóðleikhússins. - ve


Síðasti dagur útsölunnar
Guðrún Tískuhús
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077


VORUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR
OPIÐ Í DAG FRÁ 11-16
BIRNA
Skólavörðustígur 2.
Sími: 445-2020
www.birna.net


Nýjar gallabuxur frá PAS
Str. 36-56
Rita
Bæjarlind 6 • s. 554 7030
Eddufelli 2 • s. 557 1730
Opið virka daga 10 - 18
Opið laugard. í Bæjarlind 10 - 16
og Eddufelli 10 - 14

Útsala
enn meiri verðlækkun
60% Afsláttur
af öllum útsöluvörum
maïa
laugavegur 86-94, sími 552 6066



síðustu dagar
útsölu
enn meiri
verðlækkun
Selena
Síðumúla 3 • Reykjavík • s. 553 7355
Hæðasmára 4 • Kópavogi • s. 555 7355


**Sorpa** breytti gjaldskrá sinni 1. janúar síðastliðinn. Hækkunin er samkvæmt vísitölu. www.sorpa.is

# Blómaskeið listamanna

***Húsgögn frá hinu svokallaða Biedermeier-tímabili eru hagnýt og fáguð.***



Biedermeier-tímabilið vísar til byggingalistar, húsgagnahönnunar og ýmissa listgreina frá árunum 1815 til 1848 í Evrópu. Það er frá því Vínarþingið var haldið í lok valdatíma Napóleóns Bonaparte og þar til borgarastéttirnar gerðu uppreisn.

Biedermeier sem nafn á tímabili varð þó ekki til fyrr en um 1900. Nafnið vísar til dulnefnisins Gottlieb Biedermair, en undir því skrifuðu læknirinn Adolf Kussmaul og lögfræðingurinn Ludwig Eichrodt ljóð í blaðið Fliegende Blätter í München árið 1855. Oft voru þetta gamansamar vísur og ádeilur. Nafnið settu þeir saman úr tveimur ljóðum eftir Joseph Victor von Scheffel sem höfðu verið birt í sama blaði árið 1848.

Biedermeier-stíllinn hafði mikil áhrif á húsgagnagerð í hinum þýskumælandi heimi en breiddist þaðan til Skandinavíu.

Í upphafi var áhersla á skýrar línur, mínimalisma í skreytingum og fágun. Húsgögnin áttu ekki að endurspegla íburð heldur lýsa þægindum og vera hagnýt.

Fyrstu húsgögnin af þessari gerð urðu til í Vínarborg og voru ensk húsgögn höfð sem fyrirmynd. Mikil áhersla var lögð á gæði handverksins. Síðar færðist stíllinn meira í áttina að rómantík og íburðarmikill útskurður og skreytingar urðu meira áberandi enda hin rísandi millistétt viljug að sýna nýtilkomið ríkidæmi sitt.

Í húsgögn frá þessu tímabili var notaður efniviður frá Evrópu eins og kirsuberjaviður, askur og eik frekar en innflutt efni eins og mahóganí.

*solveig@frettabladid.is*



NORDICPHOTOS/GETTY



Biedermeier-tímabilið náði frá 1815 til 1848 og hafði mikil áhrif á bókmenntir og listir en einnig arkitektúr og húsgagnagerð.


Púl er kúl
kúlu fyrir kúlu verður byrjandinn að meistara



Hágæða 6 vasa púlborð á einstöku verði
www.billiard.is
Suðurlandsbraut 10 Reykjavík
Sími 568 3920 & 897 1715

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

PARKET...FLÍSAR...PARKET...FLÍSAR
ÚTSALA
Plastparket frá 890 kr/m²
Þúsundir fermetra af flísum með 20-70% afslætti
Eikarparket 14 mm 3 stafa verð kr 2.290 kr/m²
ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

**Óákveðni og viljaleysi** getur haft slæm áhrif á heilsu. Með viljastyrk og ákveðni er hægt að horfast í augu við vandamálin en við það minnka þau og hverfa jafnvel.



# Margt nýtt í teygjum

***Við íþróttaiðkun og hreyfingu eru teygjur nauðsynlegar og verða framfarir í þeim eins og öðrum íþróttagreinum.***



Haraldur Magnússon



Nú um helgina verður haldið námskeið í teygjum hjá Íþróttaakademíunni í Reykjanesbæ í samvinnu við Sportmenntun. Þar verða kennd fjögur mismunandi form af teygjum og sum hver í fyrsta skipti hér á landi. Kennari á námskeiðinu er Haraldur Magnússon osteópati og einkaþjálfari en hann setti saman námskeiðið upp úr teygjuhluta IAK-einkaþjálfaranámsins. Hann segir námskeiðið einkum ætlað fagfólki í heilsugeiranum, til dæmis einkaþjálfurum og íþróttakennurum, en námskeiðið sé einnig opið fróðleiksfúsum og þeim sem nota teygjur mikið í þjálfun sinni.

„Þetta er nýtt námskeið og ekki bara verið að kenna þessar hefðbundnu teygjur," segir Haraldur. „Þarna verður mikið nýtt efni og allavega ein af þessum teygjum hefur aldrei verið kennd á Íslandi áður en það eru sjálfsbandvefs-losandi teygjur sem eru mikið notaðar erlendis hjá atvinnumönnum. Svo eru það PNF-teygjur sem hafa heldur ekki verið kenndar einkaþjálfurum hér áður og svo hreyfiteygjur sem eru sérhæfðar teygjur, ætlaðar áður en maður fer að hreyfa sig. Við förum líka yfir þessar gömlu góðu stöðuteygjur því þótt fólk hafi teygt í tíu ár þá er alltaf hægt að læra eitthvað nýtt við teygjuna sem bætir árangurinn."

Haraldur segir þörf á svona námskeiði til að viðhalda teygjum og endurnýja tækni við teygjuæfingar hjá þjálfurum því þær eru nauðsynlegur hluti af allri hreyfingu.

„Þörfin liggur eiginlega í því að við erum alltaf að gera sömu gömlu teygjurnar. Það er búin að vera mikil þróun erlendis sem hefur hreinlega ekki komið hingað og það er orðin þörf á nýjungum."

Námskeiðinu verður skipt upp í fræðilegan hluta þar sem farið verður yfir lífeðlisfræðilegan þátt teygja og í verklegan hluta þar sem farið verður kerfisbundið í gegnum teygjurnar.

„Íþróttakennarar og þjálfarar teygja mikið út frá vöðvafræði. Við viljum kenna fólki að skilja teygjurnar og kenna því hvernig það getur gert þær áhrifaríkari. Við förum ýtarlega í hverja teygju og sýnum hvernig hægt er að ná betri árangri með því til dæmis bara að beita sér öðruvísi og betur í teygjunni."

*heida@frettabladid.is*

**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
**Tana® Cosmetics**

**NÝTT!!**
**Plokkari með ljósi**





SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

**Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar**



SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

*ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*
**ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir**

**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

**Fullkomin blanda!**

Udo's choice 3•6•9 olíublandan er fullkomin blanda af lífsnauðsynlegum fitusýrum. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsu okkar. Udo's 3•6•9 olíublandan er sérvalin blanda náttúrulegra, óunninna, lífsnauðsynlegra fitusýra.



**Í fitusýrum er að finna tvo undirstöðuþætti sem eru okkur lífsnauðsynlegir á sama hátt og prótín, kolvetni, vítamín og steinefni. Omega fitusýrur byggja upp ónæmiskerfið á marga vegu og hafa jákvæð áhrif á:**

- *Hjarta og æðakerfi*
- *Kólesteról í blóði*
- *Blóðþrýsting*
- *Liði*
- *Orkuflæði líkamans*
- *Minni og andlega líðan*
- *Námsárangur*
- *Þroska heila og miðtaugakerfi fósturs á meðgöngu*
- *Rakastig húðar*

*Udo's Choice fæst í apótekum og heilsubúðum*

heilsa –hafðu það gott

visir.is
"...ég sá það á vísi"

allt bílar
Alla laugardaga

LOFTHREINSITÆKI



-betra loft -eyðir ryki
-dregur úr ofnæmisvökum
Verð frá 5.990
ís-húsið

Upledger á Íslandi

**Upledger stofnunin á Íslandi heldur fyrsta áfangann í námi í höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferð, CSTI, 6. - 9. mars næstkomandi í Reykjavík.**

Námskeiðið er haldið á RadissonSAS hótel Sögu.
Hádegismatur og kaffiveitingar innifalið í námskeiðsgjaldi.
Upplýsingar og skráning í síma 466-3090 eða á www.upledger.is





**Róðaravél Infiniti R100**

Alsjálfvirkt loft- og segulviðnám
Stór LCD skjár
15 sjálfvirkar aðgerðir á skjá
3 púlstengdar aðgerðir
Sterkur álrammi
Hægt að brjóta saman fyrir geymslu

69.930
verð áður 99.900

GAP
WWW.GAP.IS
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 10-14

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Lr-kúrinn er tær snilld. Léttist um 22 kg á 6 mánuðum. www.dietkur.is Dóra 869 2024.

LR hennings kúrinn. Fljótvirkur og átakalaus. Léttist um 16 kíló á 4 mán! Uppl. í s. 891 6717.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 844 9083.

Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.

Viltu heilnudd? Hafðu samband í síma 823 7541.

## Námskeið

Jóga & Velliðan á Reykholti www.icelandyoga.com S: 435-1260

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu borðstofuborð og 4 stólar einnig 2 sófaborð. Uppl í s. 869 2631.




## Dýrahald



Til sölu Amerískir Cocker Spaniel hvolpar. Blíðir heimilishundar og miklar félagsverur. Uppl. í s. 661 9876 og á www.draumora.com

Kattasýning Kynjakatta verður 8. og 9. mars. Síðasti skráningardagur er 11. febrúar. Nánari upplýsingar á www.kynjakettir.is

Svört labrador tík 10 mán, vantar gott heimili. Uppl. í s. 892 2219.

Gefins 9 mánaða kettlingalæða, kassavön og blíð. Uppl. í s. 894 0212.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

Tek að mér hross í hirðingu í vetur. Allar Uppl. í s. 616 1569.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði







**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Húsnæði í Köben til leigu.**
Til leigu er húsnæði í Kaupmannahöfn, 20 fm herbergi í kjallara sér inngangur, bað og eldunaraðstaða. Húsnæðinu fylgir vinna við þrif á húsi. Laust nú þegar. Upplýsingar hjá Hörpu 822 3890 eða harpa@surprizetravel.is

10 fm Kj.herbergi í Einholti til leigu, Aðgangur að WC og sturtu. uppl. 8644083

Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

63m2, 2 herbergja íbúð á Ásvallagötu til leigu. 125.000 á mán. Uppl í síma 616 8863 eftir kl. 17. Laus strax

73m2, 4 herbergja íbúð við Hlemm til leigu. 150.000 á mánuði. Laus Strax. Uppl í síma 616 8863 eftir kl 17.

Til leigu í Mosfellsbæ 2 herb. íbúð. Frá 1 mars 85 þús./mán, með rafmagn og hita. S. 566 6415 & 896 0415.

Hef til leigu íbúð í Garðabæ í 2 -3 mán. frá og með 15. feb. Upplýsingar í síma 820 6763.

2 herb. 67 fm reyklaus kjallaríbúð til leigu í Vesturbæ Kóp. Leiga 65 þ. á mán. m/ rafmagni og hita. S. 564 1685 e.kl. 16.

Til leigu 6 herb. íbúð, hentar vel fyrir verktaka. Er staðsett í 105. Uppl. í s. 821 0800.

Til leigu lítið herb. á sv. 105 fyrir róleg. og reglus. einstakl. með sameig. eldh. og baðh. Uppl. í s. 895 1441 e. kl. 14. arg@hive.is

## Húsnæði óskast

Óska eftir herbergi í Reykjavík, er reyklaus 45 karlmaður. Allt kemur til greina. Sími 822 2905, langtíma leiga.

Óska eftir íbúð á raunhæfu verði. Verður að vera 3 herb. S. 862 0788.

4ra manna fjölsk. óskar eftir 3-4 herb. íbúð. Góð meðmæli, öruggar greiðslur, reyklaus. Uppl. í s. 863 8817.

## Fasteignir



Loksins!! Tæki sem aðstoðar við gluggaísetninguna!!50%færri menn!!60% minni skemmdir - Hýsi ehf - sími 534 6050- www.hysi.is

## Sumarbústaðir

Óska eftir sumarbústaðalóð í skiptum fyrir Ford Pickup 150 árg. '05 + pen. Uppl. í s. 820 7065.




## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni.**
**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf: dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsdags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**Hrói Höttur**
**Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki í sal og útkeyrslu. Um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, milli kl. 10- 14 eða sendið umsókn á eva@hroi.is**

**Hreingerning**
**Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar, hreingerningar og bónvinnu. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

Ferskar Kjötvörur óskar eftir starfsmönnum í kjöt og fiskborð Hagkaupa um helgar og seinnipart á virkum dögum. Nánari upplýsingar veitir Ómar í s. 660 6300 eða Rúnar s. 699 4000.

**Part time work from your home!**
**Due to our expansion program, we are currently looking for part time Work from home Account Manager and Sales representatives, it pays $450 per week plus benefits. Please contact us for more details. Requirements - Should be a computer Literate. Must have access to the internet. And age 19 years and above. Must also be Efficient and Dedicated. If you are interested and need more information. Contact Mark Lambert email: m_lam01@yahoo.com**

**Kornið Borgartúni.**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu frá kl. 05.30-13:30. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Kornið auglýsir**
Kornið Bíldshöfða óskar eftir eldri konum til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 8-17. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

**MEST ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í bílskúrshurðaframleiðslu fyrirtækisins. Umsækjendur þurfa að vera handlagnir, stundvísir og reglusamir. Upplýsingar um starfið veitir Þorbjörn í síma 825-0762 eða á netfangið: thorbjornj@mest.is.**

**Borgaskóli**
**Skólaliði óskast í afleysingar í mötuneyti skólans frá 12. febr. til 14. mars. 100% vinna og góð vinnuaðstaða. Upplýsingar hjá Ingu Þ. Halldórsdóttur, skólastjóra eða Árdísi Ívarsdóttir, aðstoðarskólastjóra í síma 577 2900 eða borgask@borgaskoli.is.**

**Kökuhúsið Auðbrekku**
**óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu. Fullt starf. Vinutími 10-17.30 Upplýsingar gefur Örvar í síma 693 9093 og Björk í s. 693 9091.**

**Helgarvinna**
**Starfsfólk óskast í NK Kaffi Kringlunni laugardaga og sunnudaga. Uppl. á staðnum og í s. 568 9040 & 693 9091.**

Reglusama og metnaðargjarna sölumenn vantar til starfa hjá traustu fyrirtæki, miklir tekjumöguleikar fyrir rétta aðila, aðeins 18 ára og eldri, upplýsingar í síma 823 5436 eða á netfanginu atvinna@visir.is

**Bar/ skemmtistaður**
Óskar eftir starfsfólki í fulla vinnu og vaktarvinnu. Áhugsamir hafi samband í síma 697 8333 & 848 4924.

## Atvinna óskast

Smiður óskar eftir aukavinnu. Tek að mér flest verkefni. Góð vinnubrögð og gott verð. S. 695 9922.

Viðskiptamenntuð kona á þrítugs aldri með mikla skrifstofureynslu og reynslu af einkarekstri óskar eftir 50-100% starfi hjá traustu og góðu fyrirtæki. Upplýsingar í síma 892 9599.

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413.






NORÐLENSKA

# GÆÐASTJÓRI
## AKUREYRI

Norðlenska matborðið er eitt stærsta og öflugasta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði kjötvöru. Norðlenska er með starfsstöðvar á Akureyri, á Húsavík, í Reykjavík og á Höfn í Hornafirði. Gæðamál eru í öndvegi hjá fyrirtækinu og um það vitna m.a. fjölmörg verðlaun sem framleiðsluvörur og starfsfólk Norðlenska hafa unnið til í matvælakeppnum, bæði innanlands og utan.

www.nordlenska.is

Norðlenska óskar eftir að ráða gæðastjóra.
Kostur ef viðkomandi getur hafið störf fljótlega.

**Starfssvið**
- Ábyrgð á gæða- og öryggismálum í öllum starfsstöðvum Norðlenska
- Stefnumótun og áætlanagerð tengd gæðamálum
- Rekstur og dagleg umsjón gæðakerfa
- Gerð og uppfærsla vörulýsinga
- Eftirlit með umgengni á vinnustöðum
- Upplýsingagjöf og fræðsla um gæðamál
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði gæðamála æskileg
- Reynsla og þekking á matvælavinnslu
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund og fagleg framkoma
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120




# Besti afþreyingarvefurinn 2007

Samtök vefiðnaðarins völdu **visir.is** besta afþreyingarvefinn fyrir árið 2007.

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn sem hlýtur verðlaunin Afþreyingarvefur ársins 2007 er í senn fræðandi, áhugaverður, yfirgripsmikill og vinsæll en hefur um leið mikið afþreyingargildi. Vefurinn inniheldur allt sem góður afþreyingarvefur þarf að hafa, vel unninn texta, gott myndmál, útvarpsefni, sjónvarpsefni, sem og síaukna aðkomu notenda, sem er eitt af því sem skiptir sífellt meira máli hjá framsæknum vefjum í dag. Vefurinn verður að teljast inni í daglegum rúnti íslenskra netverja enda einn af fjölsóttustu vefjum landsins."

visir.is

**...ég sá það á visir.is**



Íslensku vefverðlaunin
Besti afþreyingarvefurinn
200

Sjá vef Samtaka vefiðnaðarins – svef.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Eyrarbraut 2 á Stokkseyri.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.br., auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Eyrarbraut 2 á Stokkseyri.

-Fyrirhugað er að byggja grunnskóla á lóðinni, sem er 8.797,2 m2 að stærð og nýtingarhlutfall allt að 0,30.

Teikningar og greinagerð munu liggja frammi á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Árborgar Austurvegi 67, Selfossi frá og með fimmtudeginum 7. febrúar til og með fimmtudagsins 06. mars 2008.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillögunni.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 20. mars 2008 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 - Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar

http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi: skipulag@arborg.is

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

**Selfossi, 5. febrúar 2008.**

**Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.**

Akureyri – www.akureyri.is – Öll lífsins gæði

## Aðalskipulag Akureyrar 2005 - 2018. Tillaga að breytingu vegna nýs verslunar og þjónustusvæði í Naustahverfi.

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018 samþykkta í bæjarstjórn 22. janúar 2008.

Breytingin gerir ráð fyrir að opið svæði til sérstakra nota, 3.21.7 O , íþróttasvæði í Naustahverfi, er minnkað úr 9,8 ha í 7,3 ha. Nýtt 2 ha svæði fyrir verslun og þjónustu, 3.21.18 V er gert norðan þess.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 7. febrúar til 25. mars 2008, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarbæjar: http://www.akureyri.is undir: Auglýsingar og umsóknir/ Skipulagstillögur.

Samhliða þessari auglýsingu er auglýst tillaga að deiliskipulagsbreytingu skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þar sem skilgreindar eru tvær lóðir á svæði 3.21.18 V fyrir verslun og bensínstöð annars vegar og hins vegar fyrir þjónustusvæði. Athugasemdafrestur hennar er frá 7. febrúar til 25. mars 2008.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 þriðjudaginn 25. mars 2008 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

7. febrúar 2008

**Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar.**

Akureyri – www.akureyri.is – Öll lífsins gæði

## Sjúkrahúsið á Akureyri (FSA) við Eyrarlandsveg. Tillaga að deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að deiliskipulagi Sjúkrahúss Akureyrar við Eyrarlandsveg, samþykkta í bæjarstjórn 22. janúar 2008.

Deiliskipulagið nær til svæðis sem afmarkast af Þórunnarstræti til vesturs, Lystigarði til norðurs og grænu svæði til austurs og suðurs. Tillagan felur í sér að ákvörðuð eru mörk lóðar Sjúkrahúss Akureyrar og gerð grein fyrir byggingasvæði þess til framtíðar sem og svæði fyrir líknardeild.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 7. febrúar til 25. mars 2008, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarbæjar: http://www.akureyri.is undir: Auglýsingar og umsóknir/Skipulagstillögur.

Samhliða þessari auglýsingu er auglýst breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018, skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þar sem stofnanasvæði 2.52.8 S er stækkað lítillega og íbúðarsvæði 2.61.4 Íb er minnkað að sama skapi. Athugasemdafrestur hennar er frá 7. febrúar til 25. mars 2008.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 þriðjudaginn 25. mars 2008 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

7. febrúar 2008

**Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar.**

ATVINNA

## Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

## Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.

**Kraftafl ehf**

FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

## TIL STYRKTARFÉLAGA KRÝSUVÍKURSAMTAKANNA

Aðalfundur Krýsuvíkursamtakanna, verður haldinn í Seljakirkju þriðjudaginn 19.febrúar, kl.20.00.

**Dagskrá:**
- Venjuleg aðalfundarstörf
- Lagabreytingar

**Stjórnin**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Akureyri – www.akureyri.is – Öll lífsins gæði

## Aðalskipulag Akureyrar 2005 - 2018. Tillaga að breytingu vegna stækkunar stofnanasvæðis Sjúkrahúss Akureyrar.

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 21 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018 samþykkta í bæjarstjórn 22. janúar 2008.

Breytingin gerir ráð fyrir að stofnanasvæði 2.52.8 S fyrir Sjúkrahús Akureyrar stækkar úr 7,8 ha í 7,9 ha og er mörkunum breytt í suðaustur horni þess. Íbúðarsvæði 2.61.4. Íb minnkar að sama skapi.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 7. febrúar til 25. mars svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarbæjar: http://www.akureyri.is undir: Auglýsingar og umsóknir/Skipulagstillögur.

Samhliða þessari auglýsingu er auglýst tillaga að deiliskipulagi skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. þar sem mörk lóðar fyrir Sjúkrahús Akureyrar er skilgreind og gerð grein fyrir byggingasvæði til framtíðar og svæði fyrir líknadeild. Athugasemdafrestur hennar er frá 7. febrúar til 25. mars 2008.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 þriðjudaginn 25. mars 2008 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

7. febrúar 2008

**Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar.**

Akureyri – www.akureyri.is – Öll lífsins gæði

## Naustahverfi, svæði norðan Tjarnarhóls, Akureyri. Tillaga að deiliskipulagsbreytingu.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Naustahverfis, svæðis norðan Tjarnarhóls, samþykkta í bæjarstjórn 22. janúar 2008. Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu skv. 1. mgr. 26. gr. sömu laga.

Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af Miðhúsabraut, Kjarnagötu, Tjarnarhóls og golfvallar. Tvær nýjar lóðir eru skilgreindar, annars vegar fyrir verslun og bensínstöð og hins vegar lóð fyrir þjónustusvæði. Verslunarhús má byggja á 1-2 hæðum og bensínstöð verður sjálfsafgreiðslustöð með tilheyrandi mannvirkjum. Þjónustuhús verður á einni hæð og á að þjóna íþróttavöllum og þjónustusvæði. Bílastæði fyrir stóra bíla verða gerð og gert er ráð fyrir upplýstum höggmyndagarði við Kjarnagötu.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 7. febrúar til 25. mars 2008 svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarbæjar: http://www.akureyri.is undir: Auglýsingar og umsóknir/Skipulagstillögur.

Samhliða þessari auglýsingu er auglýst breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018, skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þar sem opið svæði til sérstakra nota, 3.21.7 O er minnkað og nýtt svæði fyrir verslun og þjónustu skilgreint. Athugasemdafrestur hennar er frá 7. febrúar til 25. mars 2008.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 þriðjudaginn 25. mars 2008 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

7. febrúar 2008

**Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar.**



Þú sparar kr. 40.000

10 STYKKI

## Innbyggð vefmyndavél

**Asus A7CC-7S020C**
1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi • 1GB vinnsluminni • 120GB harðdiskur • DVD+/-RW skrifari • 17" skjár, ATI X1450 512MB skjákort • Þráðlaust a/b/g netkort • Bluetooth • Innbyggð vefmyndavél • Windows Vista Home Premium • Mús og taska fylgir

**109.989 kr.**
Fullt verð ~~149.989~~

## 7.2 milljónir pixela

**29.989 kr.**
Fullt verð ~~38.988~~

Þú sparar kr. 9.000




**Sony DSCW70**
Stafræn myndavél • 7.2 milljóna punkta upplausn • Super HCCD myndflaga • Carl Zeiss Vario-Tessar linsa • 3x optical aðdráttarlinsa • 2.5" LCD litaskjár • 58MB innbyggt minni • Lithium-Ion rafhlaða & hleðslutæki • Rafhlaða endist 400 myndir á hleðslu • MemoryStick Duo kortarauf

## Margmiðlunarhátalarar

35 STYKKI



**Logitech Z-2300**
2.1 hátalarakerfi • THX viðurkennt • 200W RMS • 20 sm bassakeila • Fjarstýring

Þú sparar kr. 5.000

**19.989 kr.**
Fullt verð ~~24.989~~

## Myndband og DVD



Þú sparar kr. 5000

**Philips DVP3350V**
Fjölkerfa DivX DVD spilari og Nicam stereó myndbandstæki • Progressive Scan • Dolby Digital • DVD afspilun og VCR upptaka samtímis • Longplay og NTSC afspilun • RCA tengi að framan • 2 Scart með RGB og SVHS tengi • Component (Y, Pr, Pb) tengi • RCA • Audio útg. • Optical og Coaxial tengi

**14.989 kr.**
Fullt verð ~~19.989~~

## DVD með hörðum disk



Þú sparar kr. 11.000

**Philips DVDR3570H**
Fjölkerfa DVD spilari með upptöku á innbyggðan 160GB harðan disk • Beint á DVD af harða disknum með einum takka • Allt að 180 tíma upptaka á harðan disk • Tekur upp á DVD+R/RW,DVD-R/RW og DVD Dual Layer • Færa má efni á milli DVD, USB og HDD • FlexTime (hlé á útsendingu) • Dolby Digital • i-Link (DV, Firewire, IEEE1394) og USB 2.0 tengi • 2 Scart, Component, SVHS og CVBS og Digital Coaxial tengi

**28.989 kr.**
Fullt verð ~~39.989~~

## Stýripinni

**Logitech Extreme 3D Pro**
Stýripinni fyrir USB • 12 forritanlegir takka • Nákvæmt snúnings grip • 8-átta switch • Vigtuð undirstaða • PC eða MAC



20 STYKKI

**2.989 kr.**
Fullt verð ~~4.989~~



**259.989 kr.**
Fullt verð ~~299.989~~

37 tommur

Þú sparar kr. 40.000

## LCD breiðtjald

**Philips 37PFL9732D**
37" LCD Full HD 1080p breiðtjald • Full HD 1080p • Upplausn: 1920x1080 punktar • Perfect Pixel HD • Ambilight Surround baklýs • Digital Natural Motion HD og Progressive Scan • HD Ready • Skerpa: 8.000:1 • 100Hz Clear LCD • Ljósskynjari og Active Control • Innbyggður digital DVB-T móttakari • 32w Nicam stereó með wOOx bassa • 2 Scart, 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Coax út og USB tengi • Textavarp



**329.989 kr.**
Fullt verð ~~399.989~~

42 tommur

Þú sparar kr. 70.000

## Plasma breiðtjald

**Pioneer PDP428XD**
• 42" plasma breiðtjaldssjónvarp • HD Ready • Intelligent Brightness Control • Mynd í mynd (PIP) • Kuro - dýpri svartur • Skerpa: 16.000:1 • DVB-T - stafrænn móttakari með C.I. rauf fyrir afruglarakort • HD Digital Film Direct 24 • 3 x HDMI, Component, S-Video, RCA AV, 3 x SCART, RCA Audio, USB, PC tengi ofl.

## Vefmyndavél

20 STYKKI



**Creative Live Cam Optia**
Passar á flesta LCD skjái • Virkar með Skype og MSN • Transparent hvít hönnun • USB tengt

**3.489 kr.**
Fullt verð ~~4.989~~

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

Þú sparar kr. 10.000




30 STYKKI

# GSM sími með MP3

# 9.989 kr.

Fullt verð ~~19.989~~

**Samsung X830**
Tri-Band GSM með Diktafóni • Með 256 þús. lita TFT skjá • 3 klst. í tali - 120 í bið • 1.3 megapixel myndavél • Hreyfimyndataka - afspilun • MP3/VMA stereó spilari • Bluetooth stereó tónlist • Fjölradda og MP3 tónar • Titrari • Innbyggt 1GB minni • Bluetooth, USB kapaltengi • EDGE og GPRS, WAP, xHTML, Java netst., SMS/MMS/EMS




GSM / INNEIGN

Með öllum GSM fylgir frí áskrift hjá SKO og 2000 kr. inneign!

## Dæmið er einfalt - hlutirnir eru ódýrari í Max




Nýtt á DVD

Nýtt á CD




Þú sparar kr. 300

**1.989 kr.**
Fullt verð ~~2.289~~

**1.689 kr.**
Fullt verð ~~1.989~~

Þú sparar kr. 300

MAX RAFTÆKI

Opið til kl. 22 í kvöld

Tilboðin gilda til 13. 02. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Atvinnuréttindi fyrir alla eða suma

**UMRÆÐAN**
Atvinnumál


PAUL NIKOLOV

„Tryggt verði að útlendingar á vinnumarkaði njóti sambærilegra réttinda og íslenskt launafólk og að allar ráðningar erlends verkafólks séu í samræmi við gildandi kjarasamninga.“ Þetta er meðal þess sem stendur í stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Út af þessu hef ég, ásamt fleiri þingmönnum, flutt frumvarp um breytingu á lögum sem varða útlendinga og réttarstöðu þeirra um að atvinnuleyfi sé afhent einstaklingum en ekki fyrirtækjum.

Nýlega kom fram í fjölmiðlum að ríkisstjórnin hefur verið gagnrýnd fyrir að taka ekki nóg tillit til erlends fiskverkafólks í mótvægisaðgerðum sínum. Það er nógu erfitt þegar manni er sagt upp vegna samdráttar. Vandamálið með það að vera með tímabundið atvinnuleyfi er að sem stendur er útlendingur með atvinnuleyfi bundinn af því að vinna aðeins á einum stað eða sækja aftur um atvinnuleyfi ef hann vill vinna annars staðar. Svona umsóknarferli er ósveigjanlegt og erfitt fyrir bæði umsækjendur og atvinnurekendur. En það þýðir líka að ef manni er sagt upp vegna samdráttar skiptir það engu máli ef hann ætlaði sér að vera áfram á Íslandi, ár eftir ár, þangað til hann mætti sækja um íslenskan ríkisborgararétt (eins og marktækt hlutfall ætlar að gera) eða ef hann ætlaði að vera hér aðeins um skeið – ef maður hefur tímabundið atvinnuleyfi er maður bundinn af því að vinna aðeins á einum stað. Án starfs þarf maður að fara á brott. Ég vil líka benda á að flestir landsmenn eiga ekki erfitt með að fá atvinnuleysisbætur ef maður missir vinnuna. Maður sem er hér með tímabundið atvinnuleyfi á hins vegar ekki rétt á atvinnuleysisbótum. En jafnvel þótt svo væri þá getur það verið hindrun fyrir þann sem ætlar að sækja um ríkisborgararétt að hafa sótt um atvinnuleysisbætur – samkvæmt lögum um íslenskan ríkisborgararétt getur útlendingi verið hafnað ef hann hafði þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi síðastliðin þrjú ár fyrir umsókn.

Ég tel ósanngjarnt að fara svona illa með fólk, og það er líka ekki gott fyrir Ísland að tapa duglegu fólki þegar hér sárvantar vinnufólk. Tímabundið atvinnuleyfi afhent einstaklingum myndi leysa þennan vanda. Það myndi líka hjálpa til við að veita atvinnurekendum nauðsynlegt aðhald. Þeir sem fara illa með starfsfólk sitt eiga þá á hættu að missa það en hinir sem virða réttindi þess eiga auðveldara með að fá til sín gott starfsfólk. Þar fyrir utan mundi þetta fyrirkomulag gera atvinnumarkaðinn sveigjanlegri og þannig bæta efnahag þjóðarinnar. Því miður er ríkisstjórnin ekki sammála sem stendur.

Í frumvarpinu sem ríkisstjórnin hefur lagt fram er tímabundið atvinnuleyfi enn þá skilgreint sem leyfi veitt útlendingi til að starfa tímabundið á innlendum vinnumarkaði hjá tilteknum atvinnurekanda. Mér finnst það löngu tímabært og þverpólitískt mál að atvinnuleyfi sé afhent einstaklingum, og er í samræmi við bæði stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda og grunnréttindi íslensks verkafólks.

*Höfundur er varaþingmaður Vinstri grænna.*

# Sandkassinn við Sæmundargötu

**UMRÆÐAN**
Stúdentapólitík

Stúdentapólitík í Háskóla Íslands hefur lengi legið undir ámæli fyrir að vera sandkassaleikur fyrir upprennandi landspólitíkusa og framapotara. Röskva hefur forðast að dragast í þann leik af þeirri einföldu ástæðu að hagsmunamál stúdenta eru yfir slíkt hafin. Á vegum Stúdentaráðs fer fram mikilvæg vinna, yfirleitt í sjálfboðastarfi, sem snertir daglegt líf allra nemenda við Háskóla Íslands – og fleiri. Í skiptum fyrir vinnu sína fer Röskvufólk ekki fram á annað en að ná árangri í málefnum sínum.


AGNAR BURGESS


BERGÞÓRA SNÆBJÖRNSDÓTTIR

Hagsmunabarátta stúdenta við HÍ er áberandi í byggingum skólans þessa dagana. Ástæðan er árlegar kosningar til Stúdentaráðs sem fara fram í dag og á morgun (6. og 7. febrúar). Röskva hefur farið með stjórn Stúdentaráðs undanfarið ár og er stolt af því sem áorkað hefur verið á þeim tíma. Í kosningabaráttu okkar hefur áhersla verið lögð á að stúdentar nýti kosningaréttinn til að veita okkur umboð til áframhaldandi góðra verka. Það að auki höfum við lagt fram málefnaskrá með áherslum Röskvu á komandi kjörtímabili.

Í aðdraganda kosninganna hefur borið á því að aðrar stúdentafylkingar við HÍ hafi gert lítið úr vinnu Stúdentaráðs. Best væri ef slíkt væri eingöngu yfirsjón viðkomandi en þegar rangfærslum er ítrekað haldið fram, þrátt fyrir leiðréttingar, verður greinilegt að verið er að draga hagsmunabaráttu stúdenta í sandkassann. Þegar andstæðingar Röskvu ljúga þar að auki vísvitandi um málefni Röskvu er auðvelt að sjá hvernig nemendur missa trú á starfi Stúdentaráðs.

Árangur Stúdentaráðs undir stjórn Röskvu er greinilegur á kjörtímabilinu sem er að líða. Frítt í strætó, hærri og betri námslán, mun betri einkunnaskil og næstum tvöföldun á fjölda stúdentaíbúða er meðal þess sem Stúdentaráð undir stjórn Röskvu hefur komið í gegn með baráttu sinni fyrir hönd stúdenta. Við vonum að stúdentar átti sig á að hagur þeirra hafi vænkast á undanförnu ári fyrir tilstuðlan vinnu Röskvu, þeir sjái í gegnum rangfærslur annarra fylkinga og kjósi á grundvelli staðreynda, ekki staðhæfinga.

*Höfundar eru frambjóðendur Röskvu til Stúdentaráðs.*





# Besti afþreyingarvefurinn 2007

Samtök vefiðnaðarins völdu **visir.is** besta afþreyingarvefinn fyrir árið 2007.

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn sem hlýtur verðlaunin Afþreyingarvefur ársins 2007 er í senn fræðandi, áhugaverður, yfirgripsmikill og vinsæll en hefur um leið mikið afþreyingargildi. Vefurinn inniheldur allt sem góður afþreyingarvefur þarf að hafa, vel unninn texta, gott myndmál, útvarpsefni, sjónvarpsefni, sem og síaukna aðkomu notenda, sem er eitt af því sem skiptir sífellt meira máli hjá framsæknum vefjum í dag. Vefurinn verður að teljast inni í daglegum rúnti íslenskra netverja enda einn af fjölsóttustu vefjum landsins.“

visir.is
...ég sá það á visir.is



Sjá vef Samtaka vefiðnaðarins – svef.is

# Áminning skólameistara og góð stjórnsýsla

**UMRÆÐAN**
Framhaldsskólar

Tilefni þessarar greinar er frétt þess efnis í Fréttablaðinu 31. janúar síðastliðinn að tveir skólameistarar hafi verið áminntir fyrir brot í starfi og þrír aðrir skólameistarar hafi fengið tiltal vegna sömu saka. Ástæðan sé ýktar tölur um fjölda nemenda sem luku prófi í viðkomandi skólum. Jafnframt er því haldið fram að umræddir skólameistarar hafi með þessu framferði dregið sínum skólum fé á kostnað annarra framhaldsskóla.

Það kemur ekki á óvart að ágreiningur um talningu nemenda sé rótin að þeim ágreiningi sem er uppi á milli viðkomandi skólameistara og ráðuneytisins. Fyrir það fyrsta hefur skort á að reglur um frágang gagna vegna talningar nemenda séu skýrar og í öðru lagi hefði mátt standa mun betur að því að upplýsa okkur sem eigum að vinna eftir þessum reglum, einkum þegar teknar hafa verið einhliða ákvarðanir um breytingar á framkvæmdinni. Þá hefur frá upphafi reiknilíkans skort á svör við þeirri spurningu hver eigi að greiða fyrir þá nemendur sem skólarnir hafa sannanlega verið að þjóna en eru ekki viðurkenndir við þá talningu sem ræður öllu þegar kemur að fjárveitingum til skólanna.

Í umræddri grein í Fréttablaðinu er því haldið fram að umræddir skólameistarar hafi með framferði sínu aflað sínum skólum fjár á kostnað annarra framhaldsskóla. Eins og staðið er að fjárveitingum til skólanna er ekki að sjá að þessi fullyrðing standist. Ekkert bendir til þess að aðrir skólar hafi borið skarðan hlut frá borði vegna þessa.


MÁR VILHJÁLMSSON

### Veiting áminningar

Formleg áminning embættismanns er afar alvarleg gjörð og getur orðið undanfari brottrekstrar úr starfi ef ekki verða gerðar breytingar á þeim atriðum sem áminning er grundvölluð á. Meðal annars vegna þessa gerir stjórnsýslan afar skýrar kröfur til þess stjórnvalds sem veitir áminningu um að málsmeðferðin sé vönduð. Það hvílir því stíf rannsóknarskylda á stjórnvaldi. Því ber í senn að vera leiðbeinandi og upplýsandi um málsatvik. Stjórnvaldi ber að gæta að andmælarétti á öllum stigum máls og við ákvörðunartöku, sem er íþyngjandi, ber stjórnvaldi skýlaust að gæta hófsemi og jafnræðis. Ákvörðun þarf að vera málefnaleg og studd skýrum rökum þar sem tiltekið er hvaða reglur hafi verið brotnar. Uppfylli stjórnvald ekki þessi ákvæði getur sá sem áminningu sætir sótt það að fá áminningu fellda niður, þá annaðhvort á grundvelli þess að ekki hafi verið nægjanlega gætt að formsatriðum í málsmeðferðinni eða vegna þess að efnisleg rök séu ekki nægjanlega sterk forsenda áminningar. Jafnframt er gert ráð fyrir því í lögunum að stjórnvald sem veitir áminningu geti upp á sitt einsdæmi ákveðið að draga hana til baka, liggi fyrir því fagleg rök.

### Góð stjórnsýsla

Það að menntamálaráðuneytið geri úttekt á þeim þáttum sem notaðir eru sem grundvöllur fjárveitinga til framhaldsskóla er í sjálfu sér ágætt. Með því er ráðuneytið m.a. að sinna eftirlitshlutverki sínu og framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar um breyttar kröfur til forstöðumanna ríkisstofnana. Það eru vaxandi kröfur í þjóðfélaginu um árangursstjórnun í ríkisrekstri og er það gott. Til þess að þau markmið gangi eftir þarf í senn að færa vald og ábyrgð til stjórnenda ríkisstofnana og laga starfsaðstæður þeirra sem mest að aðstæðum stjórnenda einkafyrirtækja. Margt jákvætt hefur verið gert í þessum málum á undanförnum árum en enn þá mega forstöðumenn ríkisstofnana búa við það að starfa eftir gömlum og úreltum lögum og reglugerðum. Þá mega skólameistarar framhaldsskólanna búa við það ástand að regluverki fjárveitinga til skólanna hefur verið breytt ítrekað, án þess að upplýsingar um þær breytingar skili sér til skólanna. Ósamræmi er á milli ákvæða um valdsvið og ábyrgð skólameistara í lögum og reglum og þeirra tilmæla sem komið hafa frá fagráðuneytinu. Dæmi um þetta eru ákvæði um talningu nemenda og einkunnagjöf í einstökum námsgreinum. Þetta ósamræmi, og stundum óskýr og frekar óformleg tilmæli embættismanna, á án vafa sinn þátt í því að nú hefur tveimur skólameisturum verið veitt áminning í starfi. Tilmæli ráðuneytis verða að vera skýr og byggja á skýrum ákvæðum laga og reglugerða. Í það minnsta verður að vera fullt samræmi á milli bókstafsins og framkvæmda.

### Eftirlitshlutverk ráðuneyta

Meginmarkmið eftirlitshlutverks ráðuneytisins hlýtur að vera að bæta stjórnsýsluna, styrkja faglegt starf og stuðla að jákvæðum breytingum í skólastarfi. Ráðuneytið þarf sjálft að ganga fram fyrir skjöldu með vönduðum vinnubrögðum og góðri stjórnsýslu. Það á ekki að vera uppi efi um að svo sé. Það á ekki að leika vafi á því hvort íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun hvílir á traustum grunni. Það má ekki vera uppi efi um að það hafi verið gætt hófsemi og jafnræðis við ákvörðunartöku sem byggi á grundvelli reglna sem í senn eru skýrar og öllum ljósar.

*Höfundur er rektor Menntaskólans við Sund.*




* Innifalið í verði: Flug aðra leið og flugvallarskattar. Ferðatímabil: 7. feb.–31. des.
ÍSLENSKA SIA.IS ICE 40996 02/08


# Hafnfirðingar – Gaflarar

**UMRÆÐAN**
Aldarafmæli Hafnarfjarðar

Frá því um aldamótin 1900 hafa fiskveiðar ekki einungis verið meginatvinnuvegur Hafnfirðinga heldur sú starfsemi, sem skapaði vöxt bæjarins í upphafi og fram yfir miðja síðustu öld. Fiskveiðar voru undirstaða annarra atvinnuvega í Hafnarfirði þ..e verslunar og iðnaðar, en að landbúnaði hefur fremur lítið kveðið.


GISSUR V. KRISTJÁNSSON

Síðasti áratugur 19. aldar var Hafnfirðingum erfiður. Þá var aflaleysi við Faxaflóa og fyrir aldamótin fækkaði fólki að mun í Hafnarfirði. Skömmu eftir aldamótin færðist nýtt líf í útgerð í Hafnarfirði. Útgerðarmenn keyptu þilskip og fjölgaði fólki þar um 977 íbúa á árabilinu 1900–1907. Þessi íbúafjölgun varð til þess, að Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi með lögum um bæjarstjórn í Hafnarfirði, sem voru staðfest af konungi 22. nóvember 1907 og voru númer 75. Samkvæmt þessum lögum öðlaðist Hafnarfjörður kaupstaðarréttindi 1. júní 1908.

Þilskipaveiðar Hafnfirðinga voru komnar í ákveðið horf um 1890. Venjulega byrjuðu kútterveiðar 1. marz fyrir Suðurlandi þ.e. á Selvogsbanka, Eyrarbakka „bugt“ og á Vestmannaeyjamiðum. Var þá oftast verið að heiman í hálfan mánuð og stundum þriggja vikna tíma. Um vertíðarlok 11. maí var staldrað við í Hafnarfirði nálega vikutíma og voru skipin þá venjulega hreinsuð. Vortúr var farinn eftir lokin og var þá siglt vestur fyrir land og fiskað þar fram að Jónsmessu. Þá var haldið heim til Hafnarfjarðar, og voru skipin hreinsuð um botninn. Að þessu loknu var siglt norður fyrir land og hét sú ferð „miðsumarstúr“. Var þá fiskað úti fyrir Vesturlandi og á Húnaflóa. Venjulega var komið úr þessari för í ágústmánuði og þá farinn svonefndur „hausttúr“ vestur fyrir land og ekki komið heim aftur fyrr en um og eftir miðjan september. Þilskipunum var þá lagt við vetrarfestar úti á firðinum og þau síðan hreinsuð bæði utan og innan og máluð.

Þeir sem voru sjómenn á þessum skipum stunduðu ekki verkamannavinnu, en áttu oft nokkrar kindur og höfðu kartöflugarða í hraunbollunum ofan við bæinn, en það gerðu margir Hafnfirðingar.

Flestir sjómenn í Hafnarfirði lifðu við langar útivistir. Þess vegna voru synir og dætur sjómanna oft kennd við mæður sínar.

Í Hafnarfirði hafa aðeins verið tvær áttir þ.e. vestur og suður og ein vindáttin suðvestanátt eða „útsynningur“. Þegar lengra var milli vertíða t.d. frá hausti til vors og í gæftaleysi var fátt um að vera hjá sjómönnum og varð það siður hjá þeim, að hittast og spjalla, stóðu þeir þá undir húsgöflum í kring um verslanir og veitingastaði. Stóðu sjómennirnir þá við gafla og hliðar þessara húsa í skjóli undan suðvestanáttinni. Á gömlum myndum af Flygenringshúsi (Vesturgötu 2), en þar var veitingastaðurinn Björninn, má sjá för í málninguna eftir að sjómennirnir höfðu hallað sér upp að húsinu.

Þessir menn voru kallaðir Gaflarar og voru flestir þeirra aðfluttir þurrabúðarmenn.

Gaflarar og útgerðarmenn í Hafnarfirði lögðu grunninn að vexti Hafnarfjarðar á sínum tíma. Það hafa margir tekið við árinni og fleytt þróuninni áfram í Hafnarfirði, togarasjómenn, bátasjómenn, álversmenn o.s.frv. Verslun, iðnaður og þjónusta hafa samhliða vaxið og allt þetta hefur bætt lífskjör Hafnfirðinga mann fram af manni.

Því legg ég til, að allir Hafnfirðingar fyrr og síðar megi telja sig Gaflara frá og með 1. janúar 2008, því þeir hafa allir tekið þátt í þróuninni, einmitt þegar við minnumst 100 ára kaupstaðarafmælis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Ég óska bæjarstjórn Hafnarfjarðar og öllum Hafnfirðingum/Göflurum til hamingju með afmælisárið.

*Höfundur er lögfræðingur.*









# Við stöndum upp úr

## Fréttablaðið er með 57% meiri lestur en 24 stundir og 90% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.




**Allt sem þú þarft...** **...alla daga**

Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 18–49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2007 – janúar 2008.

Filon/SIA

# Háskóli er bara hugtak

**UMRÆÐAN**
Frumvarp um framhaldsskóla


ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

Ný framhaldsskólalög eru nú í deiglunni. Umsagnaraðilar eru óðum að kunngjöra athugasemdir sínar við frumvarpið og nokkuð ljóst að sínum augum lítur hver á silfrið.

Ekki ætla ég mér þá dul að fjalla í stuttu máli um lagafrumvarpið í heild sinni, enda hafa til þess bærir aðilar skilað inn ítarlegum greinargerðum þar að lútandi. Mér rennur hins vegar blóðið til skyldunnar að fjalla um eitt ákvæði þess sem ég tel að feli í sér athyglisverða nýjung í skólastarfi. Mér er málið skylt enda hef ég tjáð mig á svipuðum nótum áður.

Ég er að tala um 20. grein frumvarpsins. Samkvæmt henni er framhaldsskólum heimilt að bjóða nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á framhaldsskólastigi. Þetta nám getur veitt sérstök eða aukin réttindi, það skal metið í einingum „og þegar við á í námseiningum háskóla“ segir þar. Ráðherra skal staðfesta námsbrautarlýsingar fyrir slíkt nám og heiti viðkomandi prófgráða.

**Frumgreina- og háskólakennsla við framhaldsskóla**

Að því er best verður séð mun þetta ákvæði opna framhaldsskólunum þá leið að taka upp undirbúnings- eða frumgreinanám fyrir háskóla, jafnvel nám á grunnháskólastigi. Sé þetta réttur skilningur er um að ræða merkilega nýjung sem gefur möguleika á nýjum tengingum milli framhaldsskólanna og háskólastigsins í landinu.

Ég hef lengi verið talsmaður þess að menntamálaráðuneytið heimili íslenskum framhaldsskólum að bæta við námsframboð sitt eftir stúdentspróf og taka upp kennslu á grunnháskólastigi. Á málþingi um uppbyggingu háskólanáms á Vestfjörðum vorið 2004 færði ég fyrir þessu rök. Sömuleiðis í Morgunblaðsgrein stuttu síðar. Á þeim tíma mætti hugmyndin hóflegri tortryggni – sem vonlegt er – því allar breytingar í skólastarfi þurfa að sjálfsögðu yfirvegun og umhugsun. Það gleður mig því sannarlega að sjá þennan möguleika settan fram í því lagafrumvarpi um framhaldsskólana sem nú liggur fyrir þinginu.

Hlutverk framhaldsskóla landsins er í stöðugri þróun og endurskoðun. Á undanförnum árum hafa skilin milli grunnskóla og framhaldsskóla orðið óljósari með tilkomu almennra námsbrauta við framhaldsskólana sem segja má að séu nokkurs konar brú milli skólastiga. Það er því vissulega tímabært að huga að tengingunum hinumegin líka, þ.e. á milli framhaldsskólans og háskólastigsins.

**Hvað er háskóli?**

Lögum samkvæmt er háskóli stofnun sem „jafnframt sinnir rannsóknum ef svo er kveðið á í reglum um starfsemi hvers skóla“. Háskóla er ætlað að „veita nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum, nýsköpun og listum og til þess að gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu þar sem æðri menntunar er krafist. Háskólum er ætlað að miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar“ (lög nr. 136/1997, 2. gr.).

Allir háskólar gera ákveðnar kröfur til þess að nemendur tileinki sér ákveðin vinnubrögð í rannsóknar- og námsaðferðum, sem og að þeir búi yfir ákveðinni undirstöðuþekkingu sem alla jafna er kennd á fyrstu stigum háskólanáms. Þeir sem lokið hafa meistara- eða kandídatsprófi úr háskóla eru þannig færir um að kenna á háskólastigi. Það eru því fyrst og fremst þekkingarkröfur sem gerðar eru til háskólakennara. En eins og við vitum er það ekkert skilyrði að sjálf háskólakennslan fari fram innan veggja stofnunar sem nefnist háskóli – háskóli er auðvitað bara hugtak.

Fram hefur komið að Háskóli Íslands hefur á undanförnum árum átt fullt í fangi með að sinna sívaxandi nemendafjölda, þar sem mestur þunginn hvílir á svokölluðu grunnnámi háskólastigsins. Í raun og veru er ekkert því til fyrirstöðu að þessar undirstöðugreinar séu kenndar annarsstaðar, t.d. í framhaldsskólunum, og þá sem eðlilegt framhald stúdentsprófs. Er enginn vafi á því að það myndi efla mjög menntastarf á landsbyggðinni að koma upp grunnháskóladeildum við framhaldsskólana, einkum á stöðum þar sem formlegar háskólastofnanir eru ekki til fyrir og íbúar ennfremur of fáir til þess að standa undir slíkum stofnunum.

Með því að festa ofangreint ákvæði í lög um framhaldsskóla má segja að opnast hafi nýjar dyr milli skólastiga og einnig nýjar leiðir í menntunarmöguleikum á landsbyggðinni. Það er fagnaðarefni.

*Höfundur er sérfræðingur og verkefnastjóri við Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands.*






# Álit Mannréttindanefndar SÞ I

**UMRÆÐAN**
Fiskveiðistjórn


HELGI ÁSS GRÉTARSSON

Margt hefur verið ritað um réttlæti og ranglæti kvótakerfisins við stjórn fiskveiða. Að jafnaði hefur verið byggt á þeirri forsendu að því hafi verið komið á árið 1984, kvótanum hafi verið úthlutað með hliðsjón af þriggja ára veiðireynslu og síðan hafi menn ekki komist inn í kerfið nema með því að kaupa af þeim sem þá fengu veiðileyfum og kvótum úthlutað. Á þessum grundvelli hafa ófáir gagnrýnt kerfið og talið það ósanngjarnt. Aðrir hafa talið þessa skipan réttlætanlega og byggt á mikilvægi eignarréttarins fyrir frjáls viðskipti með takmörkuð gæði.

Vandinn við þessa nálgun er að forsendurnar eru einfaldanir á mun flóknari veruleika. Illu heilli rötuðu þessar einfaldanir í niðurstöðu Hæstaréttar í svokölluðu veiðileyfamáli frá árinu 1998 og nú aftur fyrir Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna sem í nýlegu áliti sínu taldi að íslenska ríkið hefði brotið gegn réttindum tveggja kvótalausra íslenskra sjómanna samkvæmt hinni almennu jafnræðisreglu 26. gr. alþjóðlegs samnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

**Málsatvik og röksemdir kvótalausu sjómannanna**

Atvik málsins sem fjallað var um í áliti Mannréttindanefndarinnar voru þau að tveir menn voru til sjós á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983 (viðmiðunartímabil). Þeir hófu útgerð 24 brl. vélbáts árið 1998. Enginn kvóti fylgdi bátnum og höfnuðu stjórnvöld því að úthluta útgerðarfyrirtæki mannanna kvóta á grundvelli gildandi laga. Þeir veiddu án kvóta árið 2001 og með dómi Hæstaréttar 20. mars 2003 var þeim refsað fyrir brot á lögum um stjórn fiskveiða.

Í kvörtun mannanna til Mannréttindanefndarinnar var í fyrsta lagi byggt á því að sá aðstöðumunur, sem væri á milli þeirra annars vegar og hins vegar þeirra sem stunduðu útgerð á viðmiðunartímabilinu, væri brot á hinni almennu jafnræðisreglu. Í öðru lagi var byggt á því að samkvæmt lögum væru Íslandsmið sameign íslensku þjóðarinnar en þrátt fyrir það væri kvótum úthlutað ótímabundið til eigenda skipa sem annaðhvort hefðu stundað útgerð á viðmiðunartímabilinu eða öðlast slíka kvóta fyrir kaup, erfðir eða önnur aðilaskipti. Kvörtunin snerist því í hnotskurn um aðgengi að fiskveiðum á Íslandi og hvort það hefði fullnægt hinni almennu jafnræðisreglu að útgerðum fiskiskipa hefðu verið veittar ótímabundnar og framseljanlegar aflaheimildir á grundvelli þeirra viðmiða sem gert var með lögum um stjórn fiskveiða nr. 38/1990.

**Á hvaða forsendum á að svara hinni lagalegu spurningu?**

Til að leita svara við þessari lagalegu spurningu verður að leggja til grundvallar réttar upplýsingar sem leiða má af framkvæmd laga sem hafa gilt um stjórn fiskveiða fyrir og eftir daga kvótakerfisins. Þegar Mannréttindanefndin ákvað að taka málið efnislega fyrir í júlí 2006 kom fram hvaða lagastaðreyndir nefndin taldi hafa gilt um stjórn fiskveiða á Íslandi síðan árið 1984. Íslenska ríkið greip til efnislegra varna með því að skila greinargerð í janúar 2007 og svo virðist sem ríkinu hafi ekki heppnast að leiðrétta þann ófullnægjandi skilning sem Mannréttindanefndin hafði um lagastaðreyndir málsins.

Að mati undirritaðs voru tveimur grundvallaratriðum um íslenska fiskveiðistjórnkerfið ekki gerð viðunandi skil í vörn íslenska ríkisins. Í fyrsta lagi var ekki lýst hversu auðveldlega menn gátu hafið fiskveiðar í atvinnuskyni á tímabilinu 1984-1990 og að það atvinnufrelsi hafi leitt til umframveiði miðað við heildaraflaviðmið ráðherra og ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar. Í öðru lagi var réttarstaða hafalmenninga hér á landi ekki nægilega útskýrð né að ekki hafi verið myndaður lagalegur eignarréttur þjóðarinnar eða ríkisins yfir nytjastofnum á Íslandsmiðum. Þessu tveimur atriðum verða gerð nánari skil í næstu greinum.

*Höfundur er sérfræðingur við Lagastofnun Háskóla Íslands.*





SHLOMO MINTZ
fiðluleikari leikur 24 *Caprísur Op. 1*
eftir **NICCOLÓ PAGANINI**
*laugardaginn 9. febrúar kl. 17.00 í* **GRAFARVOGSKIRKJU**
*miðar seldir á* ***midi.is*** *og við innganginn*
*miðaverð:* ***4.000*** *(****2.500*** *fyrir tónlistarnema, selt við innganginn)*



GYLFI Þ. GÍSLASON RÁÐHERRA FÆDDIST 7. FEBRÚAR ÁRIÐ 1917.

*„Á Íslandi hefur gerst saga lítillar þjóðar, einu þjóðar í Vestur-Evrópu sem man til upphafs síns.“*

***Gylfi Þorsteinsson Gíslason hagfræðingur var þingmaður Alþýðuflokks og ráðherra menntamála um árabil, síðar prófessor við H.Í. Hann andaðist 18. ágúst 2004.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 7. FEBRÚAR 2003

## *Samið við Impregilo*



STARFSMENN IMPREGILO.

Hinn 7. febrúar árið 2003 samþykkti stjórn Landsvirkjunar að heimila forstjóra fyrirtækisins, Friðriki Sophussyni, að undirrita og afhenda ítalska verktakafyrirtækinu Impregilo veitingabréf fyrir gerð Kárahnjúkastíflu og aðveituganga virkjunarinnar. Þetta þýddi að fyrirtækið gat farið að undirbúa hinar viðamiklu framkvæmdir við Jökulsá á Fjöllum.

Heildarupphæð samningsins hljóðaði upp á 38 milljarða króna, án virðisaukaskatts og var sú upphæð svipuð tilboði Impregilo, að teknu tilliti til breytinga, aukaverka og aðlögunar ýmissa atriða, bæði til lækkunar og hækkunar. Meðal þess sem bætt var inn í af hálfu Landsvirkjunar var ákvæði sem átti að tryggja enn betur en útboðsgögnin að farið yrði í öllu að íslenskum kjarasamningum og vinnulöggjöf. Auk þess var samið um að Impregilo ynni sem aukaverk heilboraðan hluta veituganga fyrir Jökulsá í Fljótsdal yfir í aðveitugöngin, samtals um tíu kílómetra af fjórtán. Þeir samningar voru upp á rúma 3,5 milljarða.

## MERKISATBURÐIR

**1900** Verkamannaflokkurinn er stofnaður í Bretlandi.
**1914** Charlie Chaplin birtist í fyrsta sinn sem litli flækingurinn.
**1940** Walt Disney gefur út teiknimyndina um Gosa.
**1942** Húsmæðraskóli Reykjavíkur tekur til starfa undir stjórn Huldu Á. Stefánsdóttur.
**1962** Bandaríkin banna allan inn- og útflutning frá Kúbu.
**1971** Konur fá kosningarétt í Sviss.
**1992** Evrópusambandið er stofnað.

DONG QING GUA: HELDUR UPP Á KÍNVERSKU ÁRAMÓTIN

# Ég vil frekar nota orðið mús



**DONG QING.** Hún fullyrðir að gott ár sé í vændum, ár endurnýjunar og fjórra hugmynda.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hin kínverska Dong Qing Gua er í símanum þegar blaðamann ber að í Heilsudrekanum en hellir samt umsvifalaust kínversku tei í bolla og býður. Þýður fuglasöngur berst að eyrum og við augum blasa kínverskir listmunir af ýmsum stærðum og gerðum en eftir litla stund er símtalinu lokið. „Þó klukkan sé bara ellefu fyrir hádegi hér er gamlárskvöld gengið í garð heima í Kína. Þess vegna eru vinir mínir og ættingjar byrjaðir að hringja,“ segir Dong Qing brosandi og kveðst fá ótrúlega góða strauma úr austrinu gegnum símann.

Það er ár rottunnar sem er að hefjast. „Ég vil frekar nota orðið mús,“ segir Dong Qing og fullyrðir að gott ár sé í vændum. Ár endurnýjunar og frjórra hugmynda. Hún tekur vel í að lýsa hefðbundnum kínverskum áramótum og segja frá sínum hætti við að halda upp á þau. Eftir að hafa komið okkur vel fyrir á dýnu inni í leikfimisalnum með tebollana hefjum við spjallið.

„Kínversk áramót eru virkileg stórhátíð. Meira að segja íslensku jólin blikna algerlega í samanburðinum,“ segir Dong Qing stolt. „Það er tveggja vikna frí í skólum og flestum fyrirtækjum því allir eru að fagna nýja árinu og njóta þess að fara í heimsóknir og vera saman. Bisnesslífið lamast og þegar ég hef pantað vörur frá Kína undanfarna daga segja kaupsýslumennirnir: „Við afgreiðum þetta eftir tvær til þrjár vikur, þegar nýárið er búið.““ Hún segir íslenska áramótaskaupið líka fátæklegt miðað við það kínverska sem standi í fjóra tíma. „Í kínverska skaupinu er bara boðið upp á úrvalslistamenn, bestu leikara landsins, bestu söngvara og bestu dansara,“ lýsir hún en hvað skyldi vera á borðum? „Á gamlárskvöld er mest borðað Dim Sum. Það er réttur sem er búinn til úr kringlóttum hveitikökum með kjöti og grænmeti á og er síðan pakkað saman.“ Hún segir sprengjugleði Kínverja líka mikla á gamlárskvöld og kemur það varla á óvart þar sem Kínverjar fundu upp flugeldinn. „Það er allt klikkað, heyrist ekki mannsins mál,“ segir hún hlæjandi.



Dong Qing hefur búið á Íslandi í rúm sextán ár og hún getur ekki slakað á í hálfan mánuð eins og landar hennar heima. Af því að áramótin ber upp á miðja viku ætlar hún að vera með opið hús í Gallerí Kína í Ármúlanum um helgina. „Ég mun fræða fólk um hvað sem er í sambandi við Kína, menningu, list og tungumál. Hvernig best er að stilla hlutum upp samkvæmt hinni kínversku Feng Shui-speki, til dæmis. Þar verður líka kínverskur læknir sem mun veita hollráð um heilsuna og orkuflæðið, taka púls á gestum og gefa góð ráð um val á tei. „Temenningin í Kína er mörg þúsund ára gömul og við notum mat og drykk mikið til lækninga. Mér finnst svo gaman að miðla fróðleik um Kína og leyfa Íslendingum að kynnast kínversku andrúmslofti,“ segir þessi lífskúnstner að lokum. **gun@frettabladid.is**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ólöf Þórarinsdóttir**

til heimilis að Brúnavegi 5, 104 Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 1. febrúar, verður jarðsungin frá kirkju Óháða safnaðarins föstudaginn 8. febrúar kl. 15.00.

**Ólafur Hafþór Guðjónsson**
**Níels Ólafsson**
**Björg Ólafsdóttir** **Magnús Magnússon**
**Daníel Ólafsson**
**Guðjón Hafþór Ólafsson** **Þuríður Edda Skúladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Kristínar Jensdóttur Þór**

**Guðrún Þór**
**Jónas Þór** **Anna Bára Árnadóttir**
**Ólöf Helga Þór** **Björn Marteinsson**
**Arnaldur Þór Jónasson** **Jóhanna Jóhannesdóttir**
**Katrín Sif Þór**
**Elsa María Þór** **Magnús Eyjólfsson**
**Gunnar Sveinn Magnússon** **Inga Hrönn Kristjánsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



†

*Faðir okkar og tengdafaðir*

**Haukur Hafstað**

verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 9. febrúar kl. 14.00. Jarðsett verður að Reynisstað.

**Þórólfur H. Hafstað** **Þuríður Jóhannsdóttir**
**Ingibjörg H. Hafstað** **Sigurður Sigfússon**
**Ásdís H. Hafstað** **Sveinn Klausen**
**Steinunn H. Hafstað** **Eiríkur Brynjólfsson**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar og systir mín,*

**Jóhanna Elín Árnadóttir**

Furugrund 30, Kópavogi,

lést mánudaginn 4. febrúar á Líknardeild Landakots.

**Einar Jónsson**
**Bjarni Bergmann Sveinsson**
**Úndína Bergmann Sveinsdóttir**
**Ásmundur Bergmann Sveinsson**
**Árni Bergmann Sveinsson**
**Rúnar Bergmann Sveinsson**
**Jón Þór Bergmann Sveinsson**
**Róslind Bergmann Bordal**
**Sigrún Friðgeirsdóttir**
**Haukur Örn Björnsson**
**Úndína Árnadóttir**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ósk Norðfjörð Óskarsdóttir**

frá Hrísey, Dvergabakka 34, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 7. febrúar kl. 15.

**Pétur Geir Helgason**
**Óskar Geir Pétursson** **Jóhanna Jónsdóttir**
**Rúnar Þór Pétursson**
**Guðmunda J.N. Pétursdóttir** **Hinrik H. Friðbertsson**
**Heimir Már Pétursson** **Jean François**
**Ósk Norðfjörð Þrastardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Helgi Þorvaldsson**

Gamla-Hrauni, Eyrarbakka,

lést föstudaginn 1. febrúar. Útförin fer fram frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 9. febrúar kl. 14.00.

**Aðstandendur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingarsendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**


**FEBRÚARTILBOÐ**

á legsteinum og fylgihlutum

**10-50%** afsláttur



***MOSAIK*** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is




**1.679** kr/kg. áður 2.798 kr/kg.
Goða ungnauta roast beef




**496** kr/kg. áður 740 kr/kg.
Ísfugl heill ferskur kjúklingur




**483** kr/kg. áður 568 kr/kg.
Goða hamborgarar 2 x 175 gr.




**299** kr/kg. áður 399 kr/kg.
Daloon vorrúllur 3 tegundir




**98** kr/pk. áður 179 kr/pk
Nettó samlokubrauð




**199** kr/pk. áður 329 kr/pk.
Vilko pönnu og vöffluduft




**149** kr/stk. áður 252 kr/stk.
Drottningar og bláberjasultur




**359** kr/pk. áður 479 kr/pk.
Kristall sítrónu og hreinn 0,5 ltr. - kippa

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 7. febrúar til 10. febrúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn








## STUÐ MILLI STRÍÐA í hópi með heimsins mestu snillingum

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** ÆTLAÐI AÐ VERÐA STÓRSKÁLD, MYNDLISTARMEISTARI OG ROKKGOÐ



Þegar ég útskrifaðist úr menntaskóla þóttist ég viss um það ætti fyrir mér að liggja að verða heimsþekktur snillingur á borð við Mozart, Newton, Hugo, Darwin og Einstein.

Ég hafði þó hvorki skorað óvenju hátt á greindarprófum né sýnt fram á yfirburðarhæfileika á einhverju sviði sem barn. Gat þó að sögn móður minnar þulið upp helstu litina aðeins ársgamall. En það að geta bunað út sér „bvlár, gulvör, röddvur og fóvlubvlár“ á methraða hlaut nú að vera vísbending um að í mér hafði leynst undrabarn, sem aldrei fékk notið sín.

Eftir útskrift var ég því staðráðinn í að láta reyna á snilli mína og leitað ýmissa leiða til að sýna umheiminum hvers megnugur ég var; sótti meðal annars um inngöngu í Myndlista- og handíðaskólann og blaðamannastarf á helstu blöðum og tímaritum. Einsetti mér svo að ná markmiðinu fyrir þrítugt og hafði þar snillinga á borð við Beethoven og Laxness til hliðsjónar sem höfðu löngu fyrir þrítugt aflað sér virðingar og vinsælda á meðal samferðarmannana.

En þá kom reiðarslagið. Ekkert blaðanna vildi ráða mig og ég náði heldur ekki að komst inn í skólann. Meistaraverkið sem átti að brjóta blað í íslenskri bókmenntasögu og afla mér Íslensku bókmenntaverðlaunanna gekk ekki sem skyldi. Svo gat ég ekki fyrir mitt litla líf haldið lagi þótt ég æfði mig á hverjum degi með mjaðmahnykkjum fyrir framan spegil í von um að verða næsti Bono. Botninum var loks náð þegar ég drattaðist til að skrá mig í það sem ég taldi musteri meðalmennskunnar: HÍ.

Í HÍ lærði ég smám saman að sætta mig við þann möguleika að það ætti kannski ekki fyrir mér að liggja að verða snillingur. Ég var í raun alveg kominn á þá skoðun þar til um daginn þegar auglýsing sýndi að ég hefði enn sjens á að sýna hvað í mér býr og það ætla ég svo sannarlega að gera. Annað hvort er það heimsfrægð eða dauði.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 07-1347
EKKI DEYJA ÚR ÞREYTU
LEGGÐU ÞIG Í 15 MÍNÚTUR
Syfja er talin geta verið jafn hættuleg ökumönnum og ölvun við akstur. Á árunum 1998–2006 létust 16 manns í 10 umferðarslysum þar sem ökumenn sofnuðu undir stýri.
Það sem helst ber að varast:
• Skortur á gæðasvefni.
• Akstur á þeim tíma sólarhringsins þegar fólk er vant að sofa.
• Svefntruflanir, t.d. kæfisvefn.*
• Vaktavinnufólki er hættara við að sofna undir stýri en öðrum.
Fimmtán mínútur eru ekki langur tími en getur haft úrslitaáhrif á það hvort líf þitt verði lengra. Ef þú finnur fyrir syfju við akstur leggðu þá bílnum á öruggum stað og hvíldu þig í u.þ.b. 15 mínútur.
Farðu inn á www.15.is og kynntu þér málið!
*Kæfisvefn er sjúkdómur sem veldur því að fólk sofnar án minnsta fyrirvara.
Hægt er að greina hann með svefnrannsóknum. Sjá nánar á www.15.is
UMFERÐARSTOFA



FORBOÐIN ÁST Frá æfingu Íslensku óperunnar á hinni sívinsælu La Traviata.

# Sungið um ást í meinum

**Íslenska óperan frumsýnir annað kvöld óperuna La Traviata eftir ítalska tónskáldið Giuseppe Verdi. Óperan er ein sú þekktasta og vinsælasta sem fyrirfinnst í tónbókmenntunum.**

Söguþráður óperunnar er á þann veg að yfirstéttarpilturinn Alfredo Germont og fylgdarkonan Víóletta verða ástfangin, þvert á vilja Giorgios Germont, föður Alfredos, sem er vandur að virðingu sinni og kærir sig ekki um að sonur sinn sé í slagtogi við fylgdarkonu. Giorgio reynir allt hvað hann getur til að koma upp á milli elskendanna og tekst það að lokum enda er sagan hreinræktaður harmleikur.

Það er valinn maður í hverju rúmi í þessari uppsetningu Íslensku óperunnar. Leikstjóri verksins er Jamie Hayes, hlutverk Alfredos er í höndum Jóhanns Friðgeirs Valdimarssonar, Tómas Tómasson fer með hlutverk Giorgios og Sigrún Pálmadóttir syngur hlutverk Víólettu nema í tveimur sýningum, þá hleypur Hulda Björk Garðarsdóttir í skarðið.

„Þetta er æðislegt hlutverk sem gaman er að syngja, ekki síst vegna þess að tónlistin í þessari óperu er svo vel samin. Verdi tekst að framkalla svo miklar tilfinningar með tónlist sinni og því er auðvelt að lifa sig inn í hlutverkið af lífi og sál,“ segir Sigrún, spurð um hlutverkið. „Víóletta er náttúrulega harmræn persóna og það er mikið drama í kringum þetta hlutverk og í kringum verkið í heild sinni. En það er smá rómantík líka, þetta er ekki bara sorg.“

Hlutverk Víólettu er frumraun Sigrúnar hjá Íslensku óperunni, en fram að þessu hefur hún mestmegnis starfað erlendis. Hún segir gaman að upplifa stemninguna í kringum hérlenda óperuuppsetningu. „Mér finnst ríkja nokkur eftirvænting í kringum sýninguna hér vegna þess að minna ber á slíku erlendis. Munurinn er náttúrulega til kominn vegna þess að hér er einfaldlega minna að gerast í óperuheiminum og því er uppsetning sem þessi stórfrétt í íslensku menningarlífi. En það er gaman að verða vör við þessa eftirvæntingu.“

Greinilegt er að eftirvæntingin er mikil þar sem miðar á þær tíu sýningar sem áætlaðar höfðu verið seldust upp fyrir nokkru og því þurfti að bæta við tveimur aukasýningum til að anna eftirspurninni. Sigrún er að vonum ánægð með þessa stöðu mála. „Það er ljóst að íslenskir óperuunnendur eru búnir að bíða eftir stóru og þekktu stykki. Það er náttúrulega nauðsynlegt að setja slík verk reglulega upp svo að fólk fái tækifæri til að upplifa þau, en ég tel ekki síður mikilvægt að setja líka upp minna þekkt verk enda nauðsynlegt að hafa breidd og fjölbreytni í efnisvali í óperuheiminum eins og annars staðar.“

vigdis@frettabladid.is





HEIMSDAGUR Á VETRARHÁTÍÐ

Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og félagsmiðstöðinni Miðbergi
Laugardaginn 9. febrúar kl. 13-17

Fjölbreyttar listsmiðjur fyrir börn og unglinga tengdar menningu framandi landa. Salsa danssmiðja, hristugerð, Origami pappírsföndur, japönsk leturgerð, skuggaleikhús-smiðja, töfrabrögð, Oki Haiku Dan fjöllistasmiðja og margt, margt fleira...

Skuggaleikhússýning Helgu Arnalds, "Sólarsaga", hefst kl. 13:30 í bókasafninu í Gerðubergi.

Listsmiðjurnar eru opnar frá kl. 13.00 - 16.00. Lokadagskrá í samkomusal Gerðubergs kl. 16.00 - 17.00 þar sem afrakstur smiðjanna er sýndur.

Auk smiðjanna verða fjölbreyttar uppákomur á göngum Gerðubergs og Miðbergs.

Vetrarhátíð í Reykjavík

Heimsdagurinn er samstarfsverkefni Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs, félagsmiðstöðvarinnar Miðbergs, Kramhússins, Alþjóðahússins, Borgarbókarsafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu.

Nánari upplýsingar um dagskrána er að finna á www.gerduberg.is




Wham og George Michael í 25 ár

Næstu sýningar
23. febrúar
7. og 15. mars
5., 12. og 19. apríl

George Michael slær í gegn á Broadway
★★★★ mbl.is
Helga Þórey Jónsdóttir gagnrýnandi Morgunblaðsins sagði um Wham og George Michael tónlistarsýninguna: "Á heildina litið er sýningin besta skemmtun og ég mæli með henni".

Glæsileg tónlistar- og danssýning
Glæsileg tónlistarsýning í tilefni 20 ára afmælis Broadway. Wham, **George Michael í 25 ár** og heitustu söngvararnir í dag, **Friðrik Ómar og Jogvan** fara fyrir hópi dansara og stórhljómsveitar.

Verð á kvöldverði, sýningu og dansleik
Svæði I - 7400 kr Svæði II - 6900 kr

Stórdansleikur með Eurobandinu, Friðrik Ómari og Regínu Ósk fram á nótt

Miðasala í síma 533 1100 (virka daga kl. 12-18)

BROADWAY
Skrautfjöðrin í skemmtanalífinu

LA TRAVIATA
GIUSEPPE VERDI
SIGRÚN PÁLMADÓTTIR | JÓHANN FRIÐGEIR VALDIMARSSON | TÓMAS TÓMASSON

| | | | |
|---|---|---|---|
| FRUMSÝNING 8. febrúar | UPPSELT | laugardagur 1. mars | UPPSELT |
| sunnudagur 10. febrúar | UPPSELT | miðvikudagur 5. mars | örfá sæti laus |
| föstudagur 15. febrúar | UPPSELT | föstudagur 7. mars | UPPSELT |
| sunnudagur 17. febrúar | UPPSELT | sunnudagur 9. mars | UPPSELT |
| miðvikudagur 20. febrúar | UPPSELT | | |
| föstudagur 22. febrúar | UPPSELT | | |
| sunnudagur 24. febrúar | UPPSELT | Kynning á La traviata í boði VÍÓ kl. 19.15. | |
| föstudagur 29. febrúar | örfá sæti laus | Bergþór Pálsson annast kynningarnar. | |

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 mánudaga - föstudaga. Miðasala á netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

Þjóðleikhúsið um helgina
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



Baðstofan forsýn. 6/2 uppselt, frumsýning lau. 9/2 uppselt, 10/2 örfá sæti laus
Vígaguðinn sýn mið. 6/2 uppselt, fös. 8/2, lau. 9/2
Kynning á Vetrarhátíð 7/2 kl. 21 allir velkomnir
norway.today sýn. 7/2 uppselt, boðssýn. 8/2
Ívanov sýn. 7/2, 8/2, 9/2 og 10/2 uppselt

# Tabori í útvarpi

Í kvöld heldur áfram hátíð Útvarpsleikhússins sem helguð er þýska leikskáldinu Georg Tabori en kl. 22.20 verður fluttur fyrri hluti af verki hans Andvaka í leikgerð og í leikstjórn Maríu Kristjánsdóttur. María hefur tekið saman þátt um Tabori og var hann fluttur fyrir viku, en flutningur á síðari hluta Andvöku er á dagskrá eftir viku. Þá er væntanlegur endurflutningur á einu hans frægasta verki: Móðir mín hetjan í leikstjórn Hallmars Sigurðssonar. Með aðalhlutverkin fara Þorsteinn Gunnarsson og Guðrún Þ. Stephensen og meðal annarra leikenda eru Bríet Héðinsdóttir, Baldvin Halldórsson o.fl.

George Tabori fæddist í Ungverjalandi 24. maí 1914. Ungur fór hann til Þýskalands til náms en flúði þaðan þegar nasistar komust til valda, enda gyðingur. Hann fluttist til Englands og fékk þar ríkisborgararétt. Faðir hans lést í útrýmingarbúðum nasista í Auschwitz en móður hans tókst að flýja. George Tabori flutti til Bandaríkjanna 1947 og starfaði þar næstu tuttugu árin. Hann vann þar við að koma á framfæri verkum sínum sem og vina sinna Bertolds Brechts og Max Fritz. George Tabori sneri aftur til Þýskalands 1971 og starfaði þar og í Austurríki sem höfundur og leikstjóri allt til dauðadags.

Leikendur í Andvöku eru þau Erlingur Gíslason, Hjálmar Hjálmarsson og Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir. Þar segir frá konu í Þýskalandi sem leigir skömmu eftir stríð erlendum farandverkamanni svefnstað eina nótt, en ýmislegt heldur vöku fyrir þessum tveimur einmana sálum. Verkið er aðgengilegt á vef ríkisútvarpsins í hálfan mánuð eftir að flutningur kvöldsins er afstaðinn. - pbb



**LEIKLIST** Leikskáldið George Tabori.

# Draugar, sjálfsmynd og tíska

Það verður ýmislegt um að vera á Þjóðminjasafni Íslands á Safnanótt annað kvöld. Aðgangur að safninu verður ókeypis og húsið stendur opið frá kl. 19 og fram yfir miðnætti. Draugar láta að sér kveða; hin alíslenska Skotta segir börnum sögur af draugum og vættum kl. 19.30 og 20.30 og Atli Rafn Sigurðarson leikari segir hrollvekjandi draugasögur kl. 21, 22 og 23.

Að auki opna á safninu tvær ljósmyndasýningar kl. 20, en sýningarnar hverfast báðar um klæðaburð Íslendinga, á ólíkum tímum þó. Sýningin Tvö-þúsund-og-átta verður opnuð á Veggnum, en á henni má sjá ljósmyndir Veru Pálsdóttur af fatatísku nútímans eins og hún birtist utan á fastagestum skemmtistaðarins dauðadæmda, Sirkuss. Hugmyndin að sýningunni kviknaði þegar fregnir af lokun staðarins bárust; vel þótti við hæfi að reyna að varðveita stemninguna sem þar ríkti með myndaþætti enda fastagestir staðarins oft æði skrautlegir í útliti. Vera Pálsdóttir gekk því í verkið og fangaði fatatísku staðarins með myndavélinni.

Ljósmyndasýningin Til gagns og til fegurðar – sjálfsmyndir í ljósmyndum og klæðnaði 1860 til 1960 verður einnig opnuð annað kvöld. Æsa Sigurjónsdóttir listfræðingur er höfundur sýningarinnar, en rannsóknir hennar á útliti og klæðaburði Íslendinga í ljósmyndum frá 1860 til 1960 eru kynntar á sýningunni og í samnefndri bók sem kemur út við þetta tilefni. Á sýningunni er bent á hvernig Íslendingar hafa notað ljósmyndir, þjóðbúninga og tísku til að búa til mynd af sér. Ljósmyndirnar á sýningunni eru vísbending um hvernig Íslendingar litu út og sýna hvernig þá langaði til að vera.

Gestir Þjóðminjasafnsins geta því notað Safnanótt til þess að kynna sér óaðfinnanlegan fatasmekk þjóðarinnar í nútíð og fortíð. - vþ




**TÍSKAN Á SIRKUS** Ein af myndum Veru Pálsdóttur.





Salurinn

**MYRKIR MÚSÍKDAGAR 2008**
HELGIN 8.-10. FEBRÚAR

**FÖST. 8. FEBRÚAR KL. 20**
ADAPTER OG ÁSGERÐUR JÚNÍUSDÓTTIR

**FÖST. 8. FEBRÚAR KL. 22**
RAFTÓNLEIKAR

**LAUG. 9. FEBRÚAR KL. 14**
HNÚKAÞEYR OG AÞENA

**LAUG. 9. FEBRÚAR KL. 20**
CAMILLA SÖDERBERG BLOKKFLAUTUR OG RAFHLJÓÐ

**SUNN. 10. FEBRÚAR KL. 20**
BRYNDÍS HALLA GYLFADÓTTIR OG ANNA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR

BYR SPARISJÓÐUR

SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

**> ARRESTED DEVELOPMENT Í KVIKMYND**

Allt útlit er fyrir að sjónvarpsþættirnir Arrested Development rati á hvíta tjaldið eins og hefð er fyrir með vinsæla sjónvarpsþætti frá Ameríku. Jason Bateman, einn aðalleikarinn úr þáttunum, segir að leikhópurinn voni það besta og trúi því að farið verði af stað á næstunni.



# bíó

bio@

# Rambo ríður húsum með vélbyssu

Einhver fræknasta hetja kalda stríðsins, sjálfur John Rambo, er mættur til leiks eftir þó nokkra fjarveru. Enda hefur lítið verið fyrir hermanninn að gera eftir að honum tókst nánast einum síns liðs að klekkja á kommum í austri með aðstoð talibana. Rambo hefur komið sér vel fyrir í Taílandi þar sem hann siglir um fljót með ferðamenn og fangar snáka til að eiga fyrir salti í grautinn. Rambo er fyrir löngu búinn að fá nóg af hvers kyns drápum og stríðsrekstri en vandamálin eiga það til að elta hann uppi. Hann fær nefnilega tilboð frá hópi kristinna trúboða um að fylgja þeim inn í Búrma en ástandið í landinu er eldfimt og stríð getur brotist út hvenær sem er.

En ferðin gengur vel, til að byrja með, eða allt þar til hópurinn er tekinn til fanga af harðsvíruðum hershöfðingja sem pyntar og myrðir hluta hópsins. Rambo þarf því að dusta rykið af svitabandinu og hnífnum góða og sýna að lengi lifir í gömlum glæðum.

Að venju er sjálfur Sylvester Stallone einhver undarlegasta en um leið vinsælasta kvikmyndastjarna síðari tíma. Leikarinn, sem er nánast ótalandi, hefur náð að safna í kringum sig einhverjum dyggasta aðdáendahópi sem um getur og telur hann að allt sem Sly komi nálægt sé meistaraverk og fjórða Rambo-myndin sé engin undantekning. Engu skiptir þótt gagnrýnendur hafi að mestu leyti verið sammála um að nýja myndin um John Rambo sé stórt og ruglingslegt blóðbað.



**SNÚINN AFTUR** Rambo er mættur aftur og þarf að takast á við búrmíska sadista sem slátra kristnum trúboðum.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

**Meet the Spartans**

Að venju þykir stórum hópi ungs fólks alltaf gaman að því þegar gert er grín að vinsælustu kvikmyndum síðasta árs. Og Meet The Spartans er af þeim meiði. Þótt sumum þyki kvikmyndir af þessari gerð hin mesta peningasóun og mikill viðbjóður þá eru aðrir sem veltast um af hlátri yfir kvikmyndagerð síðasta árs sem sýnd er í spéspegli. Carmen Elektra flækist síðan um hvíta tjaldið með beran barminn.

*Leikstjóri: Jason Friedberg og Aaron Seltzer*

*Aðalhlutverk: Sean Maguire og Carmen Elektra*

*Dómur IMDB: 2,4 /10*



**Ps. I love You**

Rómantíkin svífur yfir vötnum í kvikmyndinni Ps. I love you. Hin unga Holly Kennedy lifir hinu fullkomnu lífi með eiginmanni sínum. En sorgin tekur völd þegar hann deyr úr alvarlegum veikindum. Holly uppgötvar hins vegar að eiginmaðurinn sálugi hefur skilið eftir tíu skilaboð um hvernig hún eigi að finna hamingjuna á ný.

*Leikstjóri: Richard LaGravenese*

*Aðalhlutverk: Gerard Butler og Hillary Swank*






TILBOÐ 7.–15. FEBRÚAR

+ Nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandair.is eða í síma 50 50 100

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 40996 02/08




* Innifalið í verði: Flug aðra leið og flugvallarskattar. Ferðatímabil: 2. mars–31. des.


# Tvíhöfðar í Hollywood

**Kvikmyndabræðurnir Joel og Ethan Coen eru hálfgert fyrirbæri í kvikmyndaborginni Hollywood og nýjasta kvikmynd þeirra, No Country for Old Men sem frumsýnd verður um helgina, sýnir að enga bresti er að finna í samstarfi þeirra.**



**TÝPISK COEN-MYND** No Country for Old Men er sögð vera dæmigerð Coen-mynd; ofbeldi, peningar, illskan og magnaðar landslagssenur eru áberandi.

Þrjú ár skilja þá bræður að, Joel er eldri en Ethan yngri. Aldursmunurinn hefur þó ekki komið að sök enda þykja þeir hafa svo svipaða sýn á kvikmyndir sínar að leikarar hafa sagt að þeir geti spurt þá sömu spurningarinnar hvorn í sínu lagi en fengið nákvæmlega sama svarið frá þeim báðum.

**Upphafið að öllu**

Foreldrar þeirra eru báðir prófessorarar; faðir þeirra í hagfræði en móðirin í listfræði. Kvikmyndagerð átti snemma hug þeirra allan og eyddi til að mynda Joel öllum sínum sumrum í að slá garða nágranna sinna og notaði síðan launin til að kaupa 8mm tökuvél. Og svo hófust þeir handa við að endurgera þær kvikmyndir sem þeir sáu annaðhvort í sjónvarpi eða í kvikmyndahúsum.

Leiðir þeirra skildust hins vegar eftir að þeir kláruðu framhaldsskólann. Þeir fóru reyndar ekki langt frá hvor öðrum, Joel tók háskólapróf í kvikmyndagerð við háskólann í New York en Ethan nam heimspeki við Princeton-háskólann í New York. Joel hélt strax að námi loknu af stað út í hinn harða kvikmyndagerðarheim og gat sér gott orð fyrir klippingu. Vann meðal annars sem aðstoðarklippari hjá Sam Raimi þegar hann gerði Evil Dead. En árið 1984 urðu eiginleg straumhvörf í lífi þeirra þegar þeir skrifuðu handritið fyrstu kvikmyndinni, Blood Simple. Kvikmyndinni hefur verið haldið á lofti sem brautryðjendaverki í heimi spennumynda og oftar en ekki þurfa svokallaðar nútíma film-noir kvikmyndir að bera sig saman við hana.

**Samstiga bræður**

Blood Simple reyndist upphafið að einhverju ótrúlegasta og frjóasta samstarfi sem Hollywood hefur getið af sér. Kvikmyndir á borð við Barton Fink, Miller's Crossing, Fargo og Big Lebowski segja meira en mörg orð. Samstarfi Coen-bræðranna má að einhverju leyti líkja við samstarf Pauls McCartney og Johns Lennon. Reglurnar eru skýrar; Joel er leikstjóri, Ethan framleiðandi og saman skrifa þeir handritið. Eða þannig er það í það minnsta á kreditlistanum. Hins vegar þegar út í kvikmyndagerðina sjálfa er komið þá hverfur þessi lína og leikarar vita jafnvel ekki hvor þeirra er framleiðandi og hvor leikstjóri.



**FRJÓIR OG Í FULLU FJÖRI** Coen-bræðurnir ætla sér síður en svo að slá slöku við og eru með tvær kvikmyndir á teikniborðinu.

Sögurnar sem Coen-bræður hafa sagt kvikmyndahúsagestum eru byggðar upp á fjórum meginstoðum; peningum, ofbeldi, landslagi og óstjórnlegri illsku. Þessi atriði koma til að mynda öll fyrir í nýjustu kvikmyndinni No Country For Old Men þótt aðdáendur þeirri kunni að sakna kolsvartrar kímni bræðranna þegar kemur að ofbeldinu eins og í Fargo, þegar kvikmyndasalurinn skellti upp úr á meðan Peter Stormare bútaði niður eitt fórnarlamba sinna.

Og þó að margir kvikmyndagerðarmenn séu smeykir við velgengni sína og vilji gefa aðdáendum sínum frí frá sjálfum sér eru Coen-bræðurnir í miklu stuði um þessar mundir. Á teikniborðinu eru tvær kvikmyndir; Burn after Reading sem fjallar um CIA og netstefnumót og skartar George Clooney, Brad Pitt og John Malkovich í aðalhlutverkum, og hin heiti A Serious Man og á að fara í fullt árið 2009.

# Óskarshátíð verður haldin

Sid Ganis, forseti Óskarsakademíunnar, segir að það leiki enginn vafi á því að verðlaunahátíðin verður haldin 24. febrúar þrátt fyrir að verkfall handritshöfunda verði enn þá í gangi.

Hann er jafnframt bjartsýnn á að búið verði að leysa deiluna í tæka tíð. „Hlutirnir líta virkilega vel út," sagði Ganis í hádegisverðarboði þar sem tilnefndir Óskarsverðlaunahafar voru samankomnir. Samkvæmt kvikmyndablaðinu Variety er góður möguleiki á að verkfallinu ljúki í byrjun næstu viku gangi allt að óskum.



**CLOONEY** George Clooney var á meðal þeirra sem mættu í hádegisverðinn.



15 %
afmælisafsláttur
af öllum
nýjum vörum
út þessa viku.
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
7ára
Mörkinni - Kópavogi - Grafarvogi - Hafnarfirði - Keflavík - Selfossi - Laugavegi

> ÞAÐ KEMUR SÉR VEL …

… að eiga eins og eina krukku af góðu, sterku sinnepi í eldhúsinu. Það má nota í alls konar sósur og maríneringar, eða bara eitt og sér fyrir þá sem þora. Í verslunum er svo hægt að fá allt frá grófkornóttu dijonsinnepi til sinneps með estragoni. Um að gera að prófa sig áfram.



**matur&vín**

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN VALUR FREYR EINARSSON LEIKARI

# *Salat með froskakjöti skrítnasta máltíðin*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Ætli það hljóti ekki að vera kaffi ef ég get leyft mér að flokka það sem mat.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Það er bara síðasta máltíð sem konan mín eldaði fyrir mig. Hún er frábær kokkur. Það voru einhverjar ungnautalundir, alveg rosalega fínar.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Nei, ég er nú frekar lítið matvandur. Ég sæki nú samt ekki sérstaklega í þennan súra þorramat. Í Baðstofunni, sem er frumsýnd um helgina, þarf ég að djöflast í svona súru dóti. Það tekur á.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Það er alltaf eitthvert nammi falið einhvers staðar, inn á milli kornflekspakka og pastapakkninga – svona svo að maður verði aldrei uppiskroppa þegar sykurþörfin kemur yfir mann.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Þegar ég er í vinnutörn eins og núna og maður er þreyttur eftir vikuna fæ ég þörf fyrir stóra, blóðuga steik. Ég hef fundið fyrir því síðustu helgar, þar tekur maður stórar, góðar máltíðir tvo daga í röð. Annaðhvort með kjöti eða góðum, feitum fiski.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Það eru svo mörg börn hér að það er alltaf til mjólk, smjörvi og ostur. Þetta hefðbundna.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Þá myndi ég hafa með mér harðfisk, það er próteinbomba og endist von úr viti. Það heldur manni gangandi allan daginn.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Einhvern tímann smakkaði ég froskakjöt í salati. Kjötið var svona eins og hlaup einhvern veginn. Það var ekkert mjög frekt á bragðið en mjög skrítið undir tönn.



# Blini fyrir alla

Rússnesku blini-kökurnar eru vinsælar um allan heim, og þá sérstaklega sem fingramatur í mannfagnaði eða í hlutverki forréttar. Þó að hægt sé að kaupa kökurnar tilbúnar er ekki mikil fyrirhöfn að búa þær til sjálfur. Burtséð frá tímanum sem deigið þarf til að lyfta sér er baksturinn ekki heldur sérlega tímafrekur. Þessa uppskrift er að finna á síðunni epicurious.com.

Hrærið saman vatn, ger og sykur í lítilli skál og látið standa í um 5 mín. þar til blandan freyðir.

Bætið hveiti, bókhveiti og salti við blönduna. Hrærið mjólk, 3 msk. af smjöri og eggjum saman við. Breiðið plastfilmu yfir skálina og komið fyrir í ofnskúffu með um 2,5 cm af heitu vatni. Látið hefast á hlýjum stað í um 1½ til 2 tíma. Hrærið deigið aftur.

Hitið pönnu og berið smjör á hana. Notið um 1 msk. af deigi fyrir hverja blini. Steikið og snúið þar til kökurnar eru gullinbrúnar á báðum hliðum, í um 2 mínútur. Haldið heitu.



**RÚSSNESKT BLINI** Blini-kökurnar eru oftar en ekki bornar fram með sýrðum rjóma og kavíar. NORDICPHOTOS/GETTY

**Blini**
- ¼ bolli heitt vatn (um 40°C)
- 1 ¼ tsk. þurrger
- 1 ½ msk. sykur
- ½ bolli sigtað hveiti
- ½ bolli sigtað bókhveiti eða heilhveiti
- ¼ tsk. salt
- 1 bolli hituð nýmjólk (um 40°C)
- ¼ bolli smjör, brætt og kælt
- 2 stór egg, hrærð

Berið fram með sýrðum rjóma, reyktum laxi eða kavíar og mögulega fínt söxuðum lauk.







# Fallegt salat með kjötinu

**Tangódansarinn Bryndís Halldórsdóttir kann vel að meta góðan mat. Hún gefur uppskrift að óvenjulegu salati með granateplum.**

„Þetta er virkilega gott salat, og mjög fallegt á diski," segir Bryndís, sem snaraði fram uppskrift að salati með parmaskinku og granateplafræjum fyrir lesendur Fréttablaðsins. „Það er auðveldlega hægt að nota salatið sem forrétt en ég mæli með því að bera það fram með góðu, heilsteiktu nauta rib-eye," bendir Bryndís á.

Kjötið er þá forsteikt á pönnu en látið klára sig í ofni. Því er þá pakkað inn í álpappír og látið jafna sig í um tíu mínútur. „Ég mæli ekki með því að það sé meira steikt en medium rare, og bara kryddað með salti og pipar. Einhvern tíma hef ég líka nuddað kjötið með ferskri salvíu, hún gefur dálítinn villikeim," segir Bryndís, sem kveðst hafa lært að meta gott kjöt á ferðum sínum til Suður-Ameríku.

„Við erum svolítið gjörn á að drekkja þessu í sósu og alls konar óþörfu meðlæti. Ég mæli frekar með því að nota smá ólífuolíu og balsamedik með kjötinu. Það nýtur sín best eitt og sér, án sósu og með sem minnstu meðlæti. Maður þarf ekki annað en gott kjöt, salat og gott rauðvín," segir Bryndís og hlær við.

Hún hefur í nógu að snúast þessa dagana, því á laugardaginn stendur Tangófélagið fyrir tangómaraþoni í samvinnu við Vetrarhátíð í Reykjavík. Maraþonið stendur frá 12 á hádegi til sex um morgun, og fer fram í Iðnó. „Þetta snýst um það að dansa við þá sem manni finnst skemmtilegast að dansa við, eins lengi og mann lystir. Við munum veita verðlaun á sunnudeginum fyrir mesta úthaldið, en dansgleðin er aðalatriðið," útskýrir Bryndís. Maraþonið verður brotið upp með tónleikum og kennslu fyrir bæði byrjendur og lengra komna. „Það verður opið hús hjá okkur, svo öllum er velkomið að koma inn og fylgjast með og taka þátt í kennslunni," segir Bryndís. Frekari upplýsingar er að finna á tango.is.

Skerið granatepli í sundur og fjarlægið fræin með skeið. Blandið innihaldi salatsins saman. Bryndís segir bæði mozzarellaost og parmesanost fara vel með salatinu. Þeytið saman innihaldi salatdressingar og dreypið yfir salatið. Berið fram með kjöti og kartöflum eftir smekk.

sunna@frettabladid.is



**LEYFIR KJÖTINU AÐ NJÓTA SÍN** Tangódansarinn Bryndís Halldórsdóttir lærði að meta gott kjöt á ferðum sínum í Suður-Ameríku. Hún segir nóg að bera það fram með góðu salati og rauðvíni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Salat með granateplum**
- Rucola eða blandað salat með rucola
- Parmaskinka
- Mozzarella eða parmesanostur
- Fræ úr granatepli

Dressing:
- 1 msk ólífuolía
- 1 msk fljótandi hunang
- 1 msk balsamedik

# Núðlur á kínversku nýári

Í dag gengur kínverska nýárið í garð, og með því hefst ár rottunnar. Tímamótunum fylgja margar ævafornar matarhefðir, sem fjölmargir Asíubúar halda í heiðri á ári hverju. Margir réttanna hafa þó annan og meiri tilgang en að bragðast vel á góðri kvöldstund, því þeir hafa margir táknræna merkingu.

Kínverskar núðlur eru vel þekktar um heim allan. Ekki vita þó allir að þær standa fyrir langlífi, og gömul hjátrú segir til um að slæmt sé að skera þær. Þær eru því snæddar heilar á nýju ári. Heill kjúklingur er einnig vinsæll yfir hátíðirnar, þar sem hann stendur fyrir sameiningu fjölskyldunnar. Vorrúllur, sem eru ekki heldur alveg óþekktar hér á landi, merkja hins vegar auðæfi, þar sem þær þykja líkjast gullstöngum að lögun.

Aðrir matréttir eru vinsælir vegna heita sinna. Kantónska orðið yfir salatblöð hljómar eins og orðið fyrir aukna lukku og því er algengt að bera fram rétti vafna í salatblöð. Tangerínur og appelsínur eru einnig vinsælar, þar sem orðin eru svipuð þeim yfir gæfu og auð. Þá er fiskur nánast ómissandi, en heiti hans, „yu", hljómar eins og orðin fyrir ósk og allsnægtir.

Þeir sem vilja taka þátt í hátíðahöldunum að einhverju leyti gætu því gætt sér á einhverjum ofannefndum réttum og horft björtum augum fram á veginn.



**LANGLÍFI** Heilar núðlur merkja langlífi samkvæmt kínverskri þjóðtrú. Þær eru því vinsæll réttur við nýársborðhald í austri. NORDICPHOTOS/GETTY

NOTAÐIR BÍLAR

Notaðir 4x4 bílar. Fislétt bílakaup.
Engin ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í 2 daga. Komdu strax.

# 4x4

# Fislétt kaup

## Lægra verð. Lægri afborgun.*
## Aðeins 47 4x4 bílar í 2 daga.
## Komdu strax.

**Opið kl. 9-18**




**Nýttu þér tilboðin**
**Tökum notaðan uppí notaðan**

Hyundai Santa Fe 2,4 bsk. skrd. 08/2001 ek: 105.000 km.
~~Verð 1.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.090.000 kr. Engin útborgun.
26.001 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. ZO928.

### Fislétt bílakaup - afborgun undir 30.000 kr. á mánuði




VW Golf Comfort 1,8 bsk. skrd. 07/2000 ek: 109.000 km.
~~Verð 710.000 kr.~~ Tilboðsverð 610.000 kr. Engin útborgun.
18.884 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. BR318.




Ford Ranger XL 2,5 bsk. skrd. 04/2005 ek: 86.000 km. Dísel.
~~Verð 1.620.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr. Engin útborgun.
24.946 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. YV499.




Hyundai Santa Fe 2,7 ssk. skrd. 04/2002 ek: 109.000 km.
~~Verð 1.720.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr. Engin útborgun.
29.305 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. FT732.




Suzuki Grand Vitara 2,0 bsk. skrd. 09/2005 ek: 38.000 km.
~~Verð 1.890.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.760.000 kr. Engin útborgun.
29.754 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. LR845.

### Fislétt bílakaup - afborgun 30.000 - 35.000 kr. á mánuði




Jeep Grand Cherokee 4,0 ssk. skrd. 01/2000 ek: 156.000 km.
~~Verð 1.180.000 kr.~~ Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
30.461 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. SI716.




Isuzu Trooper 3,0 bsk. skrd. 08/1999 ek: 170.000 km.
~~Verð 920.000 kr.~~ Tilboðsverð 720.000 kr. Engin útborgun.
32.326 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. DY937.




Ford Escape XLT 3,0 ssk. skrd. 04/2004 ek: 49.000 km.
~~Verð 2.190.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.990.000 kr. Engin útborgun.
33.605 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. NA671.




Ford Escape XLT 3,0 ssk. skrd. 06/2006 ek: 66.000 km.
~~Verð 2.560.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.270.000 kr. Engin útborgun.
33.725 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. VZ302.

### Fislétt bílakaup - afborgun 35.000 - 39.000 kr. á mánuði




Ford Escape XLT 3,0 ssk. skrd. 06/2006 ek: 49.000 km.
~~Verð 2.650.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.390.000 kr. Engin útborgun.
35.100 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. SN379.




Ford Escape Limited 3,0 ssk. skrd. 07/2006 ek: 51.000 km.
~~Verð 2.910.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.620.000 kr. Engin útborgun.
38.400 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. YL430.




Ford Escape XLT 3,0 ssk. skrd. 06/2006 ek: 39.000 km.
~~Verð 2.780.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.590.000 kr. Engin útborgun.
38.532 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TX869

### Fislétt bílakaup - afborgun yfir 39.000 kr. á mánuði




Ford Explorer XLT SP 4,0 ssk. skrd. 03/2005 ek: 50.000 km.
~~Verð 2.790.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.550.000 kr. Engin útborgun.
42.986 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. TY801.




Toyota Landcr 90 VX 3,0 ssk. skrd. 12/1999 ek: 180.000 km.
~~Verð 1.990.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.890.000 kr. Engin útborgun.
58.518 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. UG928.




Ford F150 King Ranch 5,4 ssk. skrd. 02/2007 ek: 18.000 km.
~~Verð 4.250.000 kr.~~ Tilboðsverð 3.990.000 kr. Engin útborgun.
59.053 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NH855.

**Þig vantar bíl. Komdu núna.**
**Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.**
**Vertu á betri bíl frá Brimborg.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.notadir.brimborg.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is

*Engin ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 18 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki viðkomandi fjármögnunarfyrirtækis.






# Fólk

folk@frettabladid.is

*„Ég er ótrúlega góð í íshokkíi. Ég hef spilað það síðan ég var fimmtán en fólk veit ekki að ég er varnarmaður í hokkí. Mér finnst gaman að halda aftur af fólki, ýta því niður.“*

**PARIS HILTON** leynir á sér.





*„Við kyrjum á hverjum degi.“*

**COURTNEY LOVE** nýtur aðstoðar búddatrúarmannsins Orlandos Bloom við að halda sér frá vímuefnum.



*„Það hefur verið erfitt að umgangast suma vinina því þeir hafa valið sér aðra leið. En það er mjög erfitt, ég er þannig manneskja að ég vil treysta öllum.“*

**LINDSAY LOHAN** kveðst feta nýja braut í lífinu.

# Vinjettuhöfundur á Indlandi sagður vaða í villu og svíma

**Heimsborgarinn og rithöfundurinn Sigurður A. Magnússon hefur sitthvað að athuga við frásögn fagurkerans Ármanns Reynissonar af ferðum sínum um Indland. Ármann gefur ekki tommu eftir.**

„Ármann Reynisson mun eiga Íslandsmet í sjálfsauglýsingu og allt í lagi með það. Hins vegar blöskra mér rangfærslurnar sem hann lætur hafa eftir sér,“ segir Sigurður A. Magnússon rithöfundur. Vinjettuhöfundurinn segist standa við allt sem hann hefur sagt um Indlandsferð sína.

Á mánudag birti Fréttablaðið spjall við Ármann undir fyrirsögninni „Leggur Indland að fótum sér“. Ármann gerir því skóna að hafa einn Íslendinga ávarpað Banaras Hindu University í hinni heilögu borg Varanasi.

„Ég ferðaðist vítt og breitt um Indland í boði indverskra stjórnvalda í fjóra mánuði 1960-61 og skrifaði um ferðalagið bókina Við elda Indlands. Þar segir að ég hafi haldið tvo fyrirlestra við háskólann í Varanasi, eða Benares, annan um íslenska þjóðveldið, hinn um íslenskar fornbókmenntir,“ segir Sigurður.

Ármann segir sitt hvað að ávarpa háskóla og halda fyrirlestur. „Þar sló ég tvær flugur í einu höggi. Móttökunefndin þekkti ekkert til þess að nokkur Íslendingur hefði ávarpað skólann né haldið fyrirlestur. Verð ég ekki að reiða mig á þær upplýsingar?“ spyr Ármann.

Ævintýraleg för Ármanns um Indland leiddi hann á Landsbókasafn Indlands þar sem hann fann vinjettuútgáfuna I-VII „sem heita þá einu bækur íslensks rithöfundar í eigu safnsins“. Það segir Sigurður af og frá: „Ég kom þar í Kalkútta, eða Kolkata samkvæmt Ármanni, árið 1988. Fann bók mína Northern Sphinx – Iceland and the Icelanders from Settlement to Present. Og þar voru einnig nokkrar bækur eftir Halldór Laxness bæði á ensku og hindí,“ segir Sigurður. Og bætir því við að vera megi að komið hafi viðtal við Ármann í Malayala-Manorama. „En það er ekki, fremur en önnur lókalblöð á Indlandi „eitt virtasta og upplagshæsta blað“ landsins, langt í frá. Það eru blöð gefin út á ensku í Delhi, Bombay og Kalkútta sem eru „upplagshæst“,“ segir Sigurður sem vill halda staðreyndum til haga.

Ármann spyr hvort hann verði ekki að taka dr. R. Ramachandran landsbókavörð, sem þekki ekki til íslenskra bóka á safninu utan vinjettanna, trúanlegan? „Þekkt er að bækur gefnar út á 20. öld morkni niður á 20-40 árum þar sem pappír bókanna er svo lélegur. Gæti það verið skýringin?“ spyr Ármann enn. Segir vinjetturnar hins vegar á mjög vönduðum pappír sem endist um aldir. Og gefur ekki tommu eftir: Segir Manorama stofnað 1888, elsta og virtasta blað landsins og talið með þeim upplagshæstu. „Verð ég ekki að taka mark á forstjóra útgáfunnar? Hefur Sigurður komið til Kerala? Er ekki orðið langt um liðið síðan Sigurður var á Indlandi?“

jakob@frettabladid.is



**ÁRMANN** Gefur ekki tommu eftir þrátt fyrir athugasemdir Sigurðar. Þar mætast stálin stinn.

**SIGURÐUR A.** Blöskrar rangfærslurnar sem hafðar eru eftir Ármanni um ævintýralega Indlandsför hans.

# Styttist í bítlastuð

Forsala miða á umfangsmikla bítlatónleika í Laugardalshöll 22. mars er hafin. Á tónleikunum mun Rokksveit Jóns Ólafssonar ásamt fjörutíu hljóðfæraleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands flytja bítlaplötuna Sgt. Pepper´s Lonely Hearts Club Band í heild sinni.

Fram koma söngvararnir Björgvin Halldórsson, Stefán Hilmarsson, Daníel Ágúst Haraldsson, Eyjólfur Kristjánsson, Sigurjón Brink og KK. Mikið verður lagt í umgjörð tónleikanna. Verður hljóð- og ljósahönnun eins og best gerist á tónlistarviðburðum erlendis.

Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band, sem kom út 1967, er áttunda plata Bítlanna en hún hefur af mörgum verið álitin ein merkasta og áhrifamesta hljómplata allra tíma. Platan varð gríðarlega vinsæl og vakti strax athygli tónlistarheimsins fyrir magnaðar lagasmíðar, frumleika og nýjungar í upptökutækni.



**BÍTLARNIR** Forsala á bítlatónleikana í Höllinni er hafin.

Almenn miðasala á tónleikana hefst 12. febrúar kl. 10.00 á midi.is. Miðaverð er 9.000 kr. fyrir sæti á A-svæði, 8.000 kr. fyrir B-svæði og kr. 7.000 fyrir C-svæði. Aðeins er selt í sæti og er miðaframboð takmarkað.



# FERMING 2008



Jakkaföt 16.990,-
SKyrta 3.990,-
Belti 2.990,-
Bindi 2.990,-
Skór 7.990,-

Kjóll 7.990,-
Belti 3.990,-
Leggings 3.990,-
Skór 3.990,-



Kjóll 7.990,-
Leggings 5.990,-
Skór 3.990,-



Kjóll 4.990,-
Leggings 2.990,-
Skór 3.990,-
Hárspöng 4.500,-



Skyrta 3.990,-
Vesti 6.990,-
Bindi 2.990,-
Jakka 16.990,-
Skór 7.990,-

Kjóll 7.990,-
Belti 1.990,-
Leggings 3.990,-
Skór 3.990,-



Jakkaföt 16.990,-
Skyrta 3.990,-
Bindi 2.990,-
Skór 7.990,-



Jakkaföt 16.990,-
Skyrta 3.990,-
Bindi 2.990,-
Skór 7.990,-



Kjóll 7.990,-
Belti 3.990,-
Leggings 3.990,-
Skór 3.990,-



Kápa 12.990,-
Kjóll 5.990,-
Skór 2.990,-

## Taktu þátt í fermingarleik galleri sautján og retro

Þrír heppnir viðskiptavinir fá fermingarfötin sín endurgreidd að fullu og aðrir þrír fá Nintendo Wii leikjatölvu frá Ormsson.

Það eina sem þú þarft að gera er að setja kassakvittunina, nafn þitt og símanúmer í pott.

Við drögum í byrjun apríl.



galleri sautján
Kringlunni · Sími 512 1750 Laugavegi 91 · Sími 512 1718

retro
Smáralind · Sími 512 1744

Sendum í póstkröfu um land allt.

AUKAKRÓNUR 6%

# Ekkert skyldur Pétri

„Ef fólk sér myndir af okkur þá er ég lítill og feitur og hann hár og mjór, þannig að ég efast um að það fari að ruglast eitthvað,“ segir tónlistarmaðurinn Hlynur Ben, sem heldur tónleika á Gauknum í kvöld til að kynna sína fyrstu sólóplötu, Telling Tales.

Kollegi hans Pétur Ben hefur notið mikilla vinsælda hérlendis undanfarið og Hlynur játar að hann sé oft spurður hvort þeir séu skyldir. „Ég var meira að segja spurður hvort ég hefði tekið þetta nafn til að stela plötusölu frá Pétri,“ segir hann og tekur fram að hann sé ekki heldur skyldur Jónínu Ben: „En ég lít mikið upp til þeirra beggja,“ segir hann og hlær. „Þetta verða mjög skemmtilegir tónleikar og ég hlakka til að sýna fólkinu bandið mitt. Þetta eru ekki þekktustu einstaklingarnir á landinu en þeir eru alveg fantaspilarar.“ - fb



**HLYNUR BEN** Hlynur Ben spilar á Gauknum í kvöld ásamt Múgsefjun og Hrauni.

# Trúi varla að Dylan nenni að koma aftur til Íslands

**Eins og kom fyrst fram í DV vinnur nú atburðafyrirtækið Hr. Örlygur að því að fá Bob Dylan til að spila á Vorblóti í Reykjavík í lok maí.**



**STRAX ORÐINN FÚLL HUNDFÚLL Á LEIFSSTÖÐ** Bob Dylan hengir haus við komuna til landsins 1990.

„Það er því miður ekkert staðfest með hingaðkomu Dylans, en jú, við erum að vinna í þessu,“ segir Diljá Ámundadóttir hjá Hr. Örlygi. „Það væri auðvitað frábært ef hann kæmi og við vonumst til að geta gefið endanlegt svar á allra næstu dögum.”

„Ég trúi nú varla að hann nenni að koma aftur,“ segir Sigurður G. Sigurðsson, sem rak klúbb Listahátíðar þegar Bob Dylan kom hingað árið 1990. Meðal verkefna Sigurðar var að hanga fyrir framan hurð Dylans á Hótel Esju og „passa að enginn kæmi að drepa hann“. Miklar sögur spunnust um veru Dylans á Íslandi, meðal annars var sagt að bókuð hefðu verið herbergi á nafni Dylans á flestum hótelum bæjarins og svo sátu starfsmenn Listahátíðar fyrir framan tóm herbergin til að villa um fyrir tilræðismönnunum sem Dylan sá í hverju horni. Sigurður segir sögurnar ögn magnaðri en sannleikann. „Það var svo sem mikil paranoja í gangi, en ég held að hann hafi aðallega húkt einn uppi á herberginu sínu á Hótel Esju og hundleiðst. Hann vildi ekki hitta einn einasta Íslending. Síðan leit hann varla upp úr gítarnum allan tímann á tónleikunum í Höllinni.“

Tónleikarnir 1990 þóttu ekki góðir og kannski vill Dylan koma aftur til að bæta íslenskum aðdáendum vonbrigðin. Sigurður sá hann stuttu eftir Hallartónleikana á tónleikum í Kristjaníu. „Þá var hann miklu betri og var meira að segja að ræða um það hvað það hefði verið skemmtilegt á Íslandi. Það var nú ekki að sjá á honum þegar hann var hér.“



**DYLAN FALDI SIG FYRIR TILRÆÐISMÖNNUM Á HÓTEL ESJU** Sigurður G. Sigurðsson vaktaði hurðina.

Mikla athygli vakti þegar Bob Dylan hjólaði frá Hótel Esju og niður í Laugardalshöll. „Það voru mikil læti þegar hann kom hjólandi að Höllinni og fólk var rekið á bak við bíla og svoleiðis,“ segir Sigurður. Hann hefur skýringu á ruglinu í kringum dvöl Dylans á Íslandi. „Hún er einföld. Á þessum tíma var fólk bara ekki vant því að flytja inn svona stórstjörnur og lét eftir allri vitleysunni í þeim. Menn eru eflaust orðnir sjóaðri í þessu núna.“

Og Sigurður er nokkuð spenntur fyrir tónleikum hér, ef af verður. „Það verður gaman að sjá karlinn aftur þótt ég nenni ekki að vakta hann í þetta skiptið.“

gunnarh@frettabladid.is

# Gloria fyrsta smáskífulagið

Hljómsveitin Andreas and the Gloryholes hefur gefið út sitt fyrsta smáskífulag sem nefnist Gloria. Lagið, sem er til sölu í verslun 12 Tóna, verður á fyrstu plötu sveitarinnar sem er væntanleg á næstunni.

„Lagið er um konu sem kemur síðan í ljós að er ekki kona og náunga sem verður fyrir sjokki lífs síns,“ segir forsprakkinn Andreas Constantinou og hlær. Hljómsveitin var stofnuð fyrir um það bil ári og í fyrra spilaði hún víða, þar á meðal í Hljómalind og á Sirkus. „Okkur hefur gengið vel. Hljómsveitin er enn þá fersk og ung og hljómurinn er mjög hrár og spennandi,“ segir Andreas, sem ólst upp í Bretlandi en hefur stjórnað dansflokkum hérlendis í tvö ár.

Í textum sveitarinnar er lögð áhersla á líf samkynhneigðra og önnur mannleg málefni og á tónleikum blandar sveitin saman tónlist og listdansi. „Við erum með þrjá listdansara sem gera eitthvað skrítið á meðan við spilum, það er mismunandi eftir tónleikastöðum.“

Næstu tónleikar Andreas and the Gloryholes og þeir fyrstu á árinu verða haldnir í kvöld kl. 21 hjá Samtökunum 78 á Laugavegi 3. Sérstakur gestur verður Hafsteinn Þórólfsson, sem keppti í undankeppni Eurovision hérlendis á síðasta ári. - fb



**ANDREAS AND THE GLORYHOLES** Hljómsveitin Andreas and the Gloryholes hefur gefið út smáskífulagið Gloria.


TVISVAR Á DAG OG EKKI SKOLA

Burstaðu tennurnar tvisvar á dag og ekki skola tannkremið burt - bara skyrpa. Flúor í tannkremi veitir virka vörn gegn tannskemmdum.

LÝÐHEILSUSTÖÐ - lifið heil



Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




midi.is

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ATONEMENT | kl. 10.10 | 12 |
| CLOVERFIELD | kl. 10.10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 10.10 | 7 |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| WALK HARD | kl. 4 - 6 - 8 -10 | 14 |
| CLOVERFIELD | kl. 4 - 6 - 8 -10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| WALK HARD | kl. 6 - 8 -10 | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| THE MIST | kl. 10.30 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 | 10 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| ATONEMENT | kl. 6 - 9 | 12 |
| CHALIE WILSONS WAR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 8 -10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| ATONEMENT | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| CLOVERFIELD | kl. 6 - 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| SWEENEY TODD | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | 16 |
| SWEENEY TODD | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| UNTRACEABLE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 5:40 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 10:30 | 14 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| UNTRACEABLE | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |
| ALIENS VS. PREDATOR 2 | kl. 10:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| SWEENEY TODD | kl. 5:40D - 8D - 10:30D | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 8:20 - 10:30 | 16 |
| CLOVERFIELD | kl. 10:30 | 14 |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 5:40 | 7 |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 6:10 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| SWEENEY TODD | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 10 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 8 | 7 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |
| ALIEN VS. PREDATOR 2 | kl. 10:10 | 16 |
| BUTTERFLY ON A WHEEL | kl. 8 | 16 |
| RUN, FAT BOY, RUN | kl. 10:10 | L |



FEBRÚAR
TILBOÐ
NÝ OG SPENNANDI TILBOÐ ÚT ALLAN FEBRÚAR
500GB
SPILARI
Frábær margmiðlunar-spilari með 720P Upscaling ofl. ofl.
19.900
25DVD
DISKAR
25 STK Verbatim 16x DVD+R diskar
Hvergi á betra verði!
1.890
100% PIXLAR
22”
LCD SKJÁR
• 22” WideScreen LCD skjár
• 700:1 tryggir myndgæðin
• 5ms viðbragðstími í leikina
• 1680x1050 WideScreen
• VGA og DVI HDCP Digital
acer
23.900
iP4500
FRÁ CANON
Mest seldi prentari á íslandi á ótrúlegu verði
9.990
Packard Bell
ME35
• Intel Core 2 Duo T2330
• 3GB DDR2 667MHz minni
• 160GB 5400RPM diskur
• 15.4” Diamond View skjár
• 256MB ATI X1250 skjást.
• Vista Home Premium
79.900
FARTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
VERÐ FRÁ 28.900
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

## > Tækifæri til bikarhefnda

Fimm leikir fara fram í Iceland Express-deild karla í kvöld. Stórleikur kvöldsins er þegar Íslandsmeistarar síðustu tveggja ára mætast í Ljónagryfjunni í Njarðvík. Njarðvík sló KR á dögunum út í bikarnum og leita Vesturbæingar örugglega hefnda í kvöld alveg eins og Borgnesingar sem sækja Fjölnismenn heim í Grafarvoginn aðeins fjórum dögum eftir að Fjölnir sló Skallagrím út úr undanúrslitum Lýsingarbikarsins á þeirra eigin heimavelli. Aðrir leikir kvöldsins eru ÍR-Keflavík í Seljaskóla, Grindavík-Tindastóll í Röstinni í Grindavík og Snæfell-Hamar í Hólminum.



# sport

sport@frettabladid.is

**LÚKAS KOSTIC, LANDSLIÐSÞJÁLFARI U-21 LIÐS KARLA:** ER AFAR ÓSÁTTUR MEÐ TAPIÐ GEGN KÝPUR Í GÆRDAG

# *Það vantaði dugnaðinn, hlaupin og baráttuna*

U-21 árs karlalandslið Íslands í fótbolta beið lægri hlut gegn Kýpur, 2-0, í undankeppni Evrópumótsins 2009 á Pafiakoleikvanginum í Paphos á Kýpur. Ísland er sem stendur í þriðja sæti riðilsins með sex stig eftir sex leiki og hefði komist upp í annað sæti riðilsins með sigri gegn Kýpur. Þess í stað komust Kýpverjar upp að hlið Íslands með sex stig eftir sex leiki og hafa þeir tekið öll sín stig gegn Íslendingum.

„Við töpuðum gegn Kýpur heima á Íslandi í fyrsta leik undankeppninnar í ágúst á síðasta ári og mér fannst við hafa vaxið með hverjum leik síðan þá og ég er því mjög vonsvikinn með að tapa aftur gegn Kýpur," sagði Lúkas Kostic, þjálfari U-21 liðsins og bætti við:

„Við spiluðum 4-3-3 leikkerfið og sóttum stíft í fyrri hálfleik og sköpuðum okkur nóg af færum. Arnór Smárason átti gott skot sem fór í stöngina snemma leiks og eftir það komust bæði Arnór og Birkir Bjarnason, sem spilaði einn í framlínunni framan af, inn fyrir vörnina og einir á móti markverði Kýpur en náðu ekki að skora. Við vorum því töluvert betri í fyrri hálfleik en síðan í seinni hálfleik fengum við á okkur réttmæta vítaspyrnu á 56. mínútu sem Kýpur skoraði úr. Strákarnir sofnuðu svo á verðinum eftir það og tveimur mínútum síðar var staðan orðin 2-0 þegar Kýpur skoraði eftir hornspyrnu," sagði Lúkas sem var ekki nógu ánægður með hugarfar sinna manna við mótlætið.



„Við breyttum yfir í 4-4-2 leikkerfið og Hjálmar Þórarinsson kom þá í sóknina eftir að Kýpur skoraði seinna markið og við reyndum að sækja en náðum sem fyrr ekki að nýta færin. Þetta er sennilega í fyrsta skiptið sem ég er ekki ánægður með hugafarið hjá strákunum og þeir voru að klikka á einföldum hlutum eins og stuttum sendingum. Mér fannst ákveðnir menn heldur ekki bregðast nógu vel við mótlætinu þegar við fáum þessi mörk á okkur og ég fór yfir þessi atriði í búningsklefanum strax eftir leik með strákunum. Það vantaði dugnaðinn, hlaupin og baráttuna sem höfðu verið aðalsmerki okkar fram að þessum leik."


N1 DEILD KARLA
Fimmtudagur 7. febrúar
Stjarnan - Valur
Mýrin kl. 20:00

vísir.is
"...ég sá það á vísi"


Olga Færseth íhugar framtíðina þessa dagana::

# Áfram í KR eða hættir

**FÓTBOLTI** Markamaskínan Olga Færseth hjá KR er enn óákveðin hvort hún ætli sér að halda áfram að spila í Landsbankadeildinni eða leggja skóna á hilluna frægu, en hún hefur ekki verið í leikmannahópi í tveimur fyrstu leikjum Vesturbæjarliðsins í Reykjavíkurmótinu.

„Það er í raun ekkert komið á hreint í þessum málum og ég er enn að velta þessu fyrir mér en mun taka ákvörðun á allra næstu dögum. Það er hins vegar alveg klárt að ég mun ekki leika fyrir annað lið en KR ef ég ætla að halda áfram," sagði Olga sem er langmarkahæsti leikmaður efstu deildar kvenna með 265 mörk og hefur 111 mörk í forskot á Ástu B. Gunnlaugsdóttur, fyrrum leikmann Breiðabliks, og Helenu Ólafsdóttur, þjálfara sinn hjá KR og fyrrum leikmann KR, en Ásta og Helena skoruðu 154 mörk á sínum tíma.

Olga, sem verður 33 ára á þessu ári, hóf að leika í efstu deild árið 1992 og hefur síðan þá leikið 202 leiki. Hún lék sextán leiki í Landsbankadeildinni síðasta sumar og skoraði í þeim sextán mörk og hlaut bronsskóinn fyrir vikið. **- óþ**


Ekki missa af Fool for Love!
Gagnrýnendur eru á einu máli ★★★★

"fátt sem geislar jafnmikilli ástríðu á sviði núna"

"Magnús Guðmundsson sýnir frábæran leik sem Martin."
M.E. Morgunblaðið

"Sveinn Ólafur Gunnarsson fer vel með hlutverk Eddies, hann er yfirmátar svalur og jafnframt ástríðufullur".

"til hamingju!"
Víðsjá. RÚV

"heilsteypt flott listarverk þar sem lögn leikstjórans er svo skýr að ekkert verður að vafamáli."

"stúlkuna túlkar Þóra Karítas með mikilli nánd og styrk."

"samspil leikaranna er frábært."

"KK rammaði sýninguna inn, var límið, var ryþminn, var lagið sem menn dilluðu sér við."

"vonandi að unnendur góðrar leiklistar láti ekki þessa sýningu framhjá sér fara"
E.B. Fréttablaðið

Tryggðu þér miða núna í síma 551 4700 eða á midi.is

Silfurtunglið, Austurbæ.
Síðustu sýningar:
fim 7/2 kl 20
lau 9/2 kl 20
fös 15/2 kl 20
lau 16/2 kl 20





AUSTURBÆR
PEPSI




**Á SKOTSKÓNUM** Tryggvi Guðmundsson skoraði fyrsta markið á landsliðsþjálfaraferli Ólafs Jóhannessonar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Mikill léttir að ná loksins sigri

**Íslenska landsliðið í knattspyrnu vann sinn fyrsta sigur og skoraði í fyrsta sinn undir stjórn Ólafs Jóhannessonar er liðið lagði Armena á Möltu, 2-0.**

**FÓTBOLTI** Ísland lauk þátttöku sinni á fjögurra þjóða æfingamóti á Möltu í gær með því að leggja Armeníu, 2-0, með mörkum frá Eyjapeyjunum Tryggva Guðmundssyni og Gunnari Heiðari Þorvaldssyni. Liðið vann þar með einn leik á mótinu en tapaði tveimur – gegn Hvít-Rússum og Möltu.

Þetta var fyrsti sigur landsliðsins undir stjórn Ólafs Jóhannessonar og einnig í fyrsta skipti sem liðið skorar mark undir hans stjórn. Ólafur hafði beðið í 315 mínútur eftir marki þegar Tryggvi skoraði og er þetta næstlengsta bið þjálfara frá upphafi eftir fyrsta markinu eins og sjá má á töflunni hér að neðan.

„Þetta var frekar öruggur sigur hjá okkur. Armenarnir fengu eiginlega engin færi og við vorum talsvert betri aðilinn. Ég átti ekki von á Armenunum sterkari enda eru þeir ekkert betri en við. Þessi leikur var svipaður og leikurinn gegn Rússunum fyrir utan að við nýttum færin okkar núna sem er mjög jákvætt," sagði Ólafur kampakátur og augljóst að þungu fargi var af honum létt eftir frekar dræma byrjun í starfi.

„Auðvitað er þetta mikill léttir og talsvert skemmtilegra að vinna leiki en tapa þeim. Strákarnir sýndu líka frábæran karakter eftir mjög lélegan leik gegn Möltu. Við vildum ekki tapa öllum leikjunum hérna. Þetta mót er annars að skila því sem ég vildi og er mjög sáttur við að við höfum farið á þetta mót. Ég er búinn að kynnast mörgum mönnum, sjá hvernig þeir eru í hóp og nú verð ég að vinna úr þessu öllu í framhaldinu," sagði Ólafur en hann sagði innkomu ungu leikmannanna hafa verið sérstaklega ánægjulega.

„Ég veit hvað flestir hinir geta en vildi kynnast þeim betur, sjá hvernig þeir virkuðu í hópnum og annað. Það er búinn að vera frábær andi í hópnum allan tímann og menn stóðu í lappirnar þrátt fyrir tap í fyrstu tveim leikjunum og komu grimmir í lokaleikinn. Við vissum að við gætum lagt öll þessi lið og ánægjulegt að enda mótið á sigri eftir allt saman," sagði Ólafur en landsliðið mætir næst Færeyingum í Kórnum í mars.

henry@frettabladid.is

### BYRJUNARLIÐ ÍSLANDS

**Svona stillti Ólafur Jóhannesson liðinu upp gegn Armeníu í gær:**

| | |
|---|---|
| Markvörður: | Kjartan Sturluson |
| H. bakvörður: | Birkir Már Sævarsson |
| V. bakvörður: | Hermann Hreiðarsson |
| Miðvörður: | Atli Sveinn Þórarinsson |
| Miðvörður: | Ragnar Sigurðsson |
| Tengiliður: | Bjarni Guðjónsson |
| Tengiliður: | Stefán Gíslason |
| Tengiliður: | Jónas Guðni Sævarsson |
| H. kantur: | Eyjólfur Héðinsson |
| V. kantur: | Tryggvi Guðmundsson |
| Framherji: | Gunnar H. Þorvaldsson |

### LENGSTA BIÐ ÞJÁLFARA EFTIR FYRSTA MARKINU:

**Þessir landsliðsþjálfarar hafa þurft að bíða lengst eftir fyrsta markinu sem landsliðsþjálfarar:**

| | |
|---|---|
| Júrí Ilitchev, 1978 | 375 mínútur |
| Ólafur Jóhannesson, 2007-08 | 315 |
| Tony Knapp, 1984 | 210 |
| Duncan McDowell, 1972 | 205 |
| Eyjólfur Gjafar Sverrisson, 2006 | 193 |

# Landsins stærsta

# Skósprengja

## Aðeins 4 dagar eftir

Lágmark

**50%**

afsláttur

Allt að

**90%**

afsláttur

## Opnunartímar

Mán - fös 11-18
lau 11-16
sun 12-16

### Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

# Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109



**MÖGNUÐ MONIQUE** Monique Martin lék meidd í gær en skoraði samt 35 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Iceland Express-deild kvenna:

## Öruggur sigur hjá KR

**KÖRFUBOLTI** KR-konur unnu öruggan tíu stiga sigur á Grindavík, 81-71, í DHL-Höllinni í gær. Sigurinn færði Keflavík einnig tveggja stiga forskot á toppnum eftir 11 stiga sigur liðsins í Hveragerði, fyrsta útisigurinn í deildinni í rúmar ellefu vikur.

Monique Martin lék meidd í þessum leik en lét það þó ekki hægja meira á sér en að hún skoraði 35 stig í leiknum en annars voru margir leikmenn liðsins að spila vel í gær. Grindavíkurstúlkur voru kannski komnar með hugann við bikarúrslitaleikinn því liðið náði aldrei takti í leiknum í gær.

KR hafðið frumkvæðið allan tímann, var yfir 24-18 eftir fyrsta leikhluta, með 12 stiga forskot í hálfleik, 45-33 og KR-konur náðu síðan mest 17 stiga froskoti í lokaleikhlutanum áður en Grindavíkurliðið náði að laga stöðuna í lokin. - óój

# Andersson út – Dagur inn

**Það er endanlega útséð með að Svíinn Magnus Andersson taki við íslenska handboltalandsliðinu. Það staðfestir Andersson. HSÍ mun nú beina sjónum sínum að Degi Sigurðssyni sem er eini íslenski þjálfarinn sem HSÍ hefur talað við.**

**HANDBOLTI** Í gær varð endanlega ljóst að ekkert yrði af því að Svíinn Magnus Andersson tæki við íslenska landsliðinu. Félag hans, FCK, var ekki hrifið af því að hann tæki við íslenska landsliðinu samhliða þjálfun FCK og sérstaklega þar sem Ísland gæti verið á Ólympíuleikum næsta sumar en leikarnir koma beint ofan í undirbúning félagsliða Evrópu fyrir komandi tímabil.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun HSÍ næst beina sjónum sínum að Degi Sigurðssyni þó svo að nokkrir erlendir þjálfarar séu búnir að hafa samband og sýna starfinu áhuga.

Dagur hefur helst íslenskra þjálfara verið nefndur í starfið ásamt þeim Aroni Kristjánssyni og Geir Sveinssyni. Þeir Aron og Geir sögðust ekkert hafa heyrt í HSÍ en Dagur játti því að hafa átt spjall við forráðamenn sambandsins fyrir um tíu dögum.

Það mun væntanlega koma í ljós á næstu dögum hvort Dagur og HSÍ nái saman en Dagur hefur ákveðnar hugmyndir um hvernig skal sinna starfinu. Svo hefur hann reyndar sagt að hann sé ekki í leit að starfi enda nýtekinn við spennandi starfi sem framkvæmdastjóri Vals.

Það leyndi sér ekki að Magnus Andersson var nokkuð svekktur með að hlutirnir höfðu ekki gengið upp er Fréttablaðið náði tali af honum í gær.





**DAGUR NÆSTUR Í RÖÐINNI** HSÍ mun nú freista þess að ná samningum við Dag Sigurðsson eftir að ljóst var að Magnus Andersson gæti ekki tekið við landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR & FCK

„Það er alveg ljóst að ég verð ekki næsti landsliðsþjálfari Íslands. Ég get staðfest það núna,“ sagði Andersson en hann hefur ekkert viljað tjá sig um viðræður sínar síðustu daga en fékkst þó til þess að segja nokkur orð í gær.

„Ég er samningsbundinn FCK og get ekki tjáð mig mikið um þessar viðræður. Ég get samt ekki neitað því að mér fannst starfið mjög spennandi og hafði mikinn áhuga á því. Ég hefði ekki getað sinnt landsliðsþjálfarastarfinu af fullum krafti sökum skuldbindinga minna við FCK og ég held að það sé betra fyrir HSÍ að fá einhvern sem getur sinnt starfinu 100 prósent. Við sjáum samt hvað gerist í framtíðinni en tíminn hentar mér ekki því miður núna,“ sagði Andersson og vildi ekki loka hurðinni á þann möguleika að þjálfa landsliðið síðar. henry@fretta-

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild kvk:*

**KR-Grindavík** **81-71**
**Stig KR:** Monique Martin 35, Hildur Sigurðardóttir 14, Sigrún Ámundadóttir 12, Helga Einarsdóttir 9, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 8, Guðrún Ósk Ámundadóttir 3.
**Stig Grindavíkur:** Tiffany Roberson 24, Petrúnella Skúladóttir 10, Ólöf Helga Pálsdóttir 9, Íris Sverrisdóttir 9, Ingibjörg Jakobsdóttir 8, Joanna Skiba 5, Lilja Ósk Sigmarsdóttir 4, Jovana Lilja Stefánsdóttir 2.

**Fjölnir-Valur** **69-87**
**Stig Fjölnis:** Slavica Dimovska 23 (9 frák., 8 stoðs.), Birna Eiríksdóttir 19, Gréta María Grétarsdóttir 10 (10 frák., 4 stolnir), Efemía Sigurbjörnsdótir 8, Hrund Jóhannsdóttir 4, Bryndís Gunnlaugsdóttir 3, Aðalheiður Óladóttir 2.
**Stig Vals:** Molly Petermen 27 (11 frák., 6 stoðs.), Tinna Björk Sigmundsdóttir 24 (hitti úr 6 af 8 3ja stiga, 6 stolnir), Lovísa Guðmundsdóttir 15 , Þórunn Bjarnadóttir 10 , Berglind Ingvarsdóttir 7, Hafdís Helgadóttir 2, Eva Dís Ólafsdóttir 2.

**Hamar-Keflavík** **65-76**
**Stig Hamars:** La K. Barkus 34, Jóhanna Sveinsdóttir 8, Hafrún Hálfdánardóttir 7, Fanney Guðmundsdóttir 6, Írís Ásgeirsdóttir 3.
**Stig Keflavíkur:** Birna Valgarðsdóttir 18, Susanne Bierner 15, TaKesha Watson 13, Margrét Sturludóttir 11, Ingibjörg Vilbergsdóttir 7, Rannveig Randversdóttir 7, Pálína Gunnlaugsdóttir 5.

*Vináttulandsleikir:*

| | |
|---|---|
| **England-Sviss** | **2-1** |
| Jenas, Wright-Phillips - Derdiyok. | |
| **Tyrkland-Svíþjóð** | **0-0** |
| **Króatía-Holland** | **0-3** |
| - Heitinga, Huntelaar, Hesselink. | |
| **Pólland-Tékkland** | **2-0** |
| Lobodzinski, Lewandowksi. | |
| **Austurríki-Þýskaland** | **0-3** |
| - Hitzsperger, Klose, Gomez. | |
| **Írland-Brasilía** | **0-1** |
| - Robinho. | |
| **Ítalía-Portúgal** | **3-1** |
| Toni, Pirlo, Quagliarella - Quaresma. | |
| **Wales-Noregur** | **3-0** |
| Fletcher, Koumas 2. | |
| **Spánn-Frakkland** | **1-0** |
| Capdevila. | |








**FYRSTA MARKIÐ** Jermaine Jenas skorar hér fyrsta mark Englands undir stjórn Fabios Capello. Joe Cole átti mestan heiður af markinu en hann lagði það glæsilega upp. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Fyrsti leikur Capellos með enska landsliðið:

# Capello byrjar með góðum sigri á Sviss

**FÓTBOLTI** Það var talsverð eftirvænting fyrir leik Englendinga og Sviss á Wembley í gær enda var Ítalinn Fabio Capello að stýra enska landsliðinu í fyrsta skipti síðan hann tók við liðinu af Steve McClaren.

Leikurinn fer nú seint í sögubækurnar fyrir leiftrandi fótbolta og mikið skemmtanagildi. Leikurinn var daufur og tilþrifalítill. Til að mynda hafði lítið gerst í fyrri hálfleik áður en Jermaine Jenas kom enska liðinu yfir skömmu fyrir hlé. Markið skrifast að stórum hluta á Joe Cole sem lagði glæsilega upp fyrir Jenas sem gat ekki annað en skorað.

Englendingar virtust hafa öll tök á leiknum áður en táningurinn Erden Derdiyk jafnaði metin eftir um klukkutíma leik. Hann sneri þá vel í teignum og lagði boltann smekklega fram hjá David James sem stóð í enska markinu. Jöfnunarmarkið virtist kveikja á enska liðinu því aðeins þremur mínútum síðar lagði fyrirliðinn Steven Gerrard upp laglegt mark fyrir Shaun Wright-Phillips sem var nýkominn inn á sem varamaður.

Eftir markið datt leikurinn niður á nýjan leik. Liðunum gekk lítið sem ekkert að skapa sér færi og Englendingar hrósuðu sigri sem var frekar fyrirhafnarlítill.

Óskabyrjun hjá Capello en það duldist engum sem á horfði að hann á mikið verk fyrir höndum að reisa þetta enska landslið við en það hefur lítið getað í háa herrans tíð. - hbg



**HARÐUR** Fabio Capello lét nokkrum sinnum vel í sér heyra á hliðarlínunni en reyndi að vera sem jákvæðastur í sínum fyrsta leik. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

REYKJAVÍK

Nóatún

# FARTÖLVU VEISLA

SELFOSS · EGILSSTAÐIR · AKRANES · KÓPAVOGUR · KEFLAVÍK · AKUREYRI

## Í ÖLLUM VERSLUNUM TÖLVULISTANS

## ACER ASPIRE 5520-40

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 1.9Ghz AMD Turion64 X2 M TL-58<br>1MB flýtiminni, 533FSB |
| Minni | 2GB DDR2 667MHz<br>Hraðvirkt minni fyrir Vista |
| Harður diskur | 160GB SATA hljóðlátur diskur<br>5400RPM og 8MB buffer |
| Skrifari | 8xDVD±RW DL skrifari<br>Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjár | 15,4" WXGA WideScreen skjár<br>Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | 256MB DDR Geforce 8400 GS<br>styður TurboCache allt upp í 896 |
| Hátalarar | Hljóðkerfi með 2 hátölurum<br>Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Þráðlaust | 54Mbps þráðlaust netkort<br>Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000<br>Einnig innbyggt 56k mótald |
| Stýrikerfi | Windows Vista Home Premium<br>Öruggara og öflugra |
| Annað | Aðeins 2.8kg með rafhlöðu<br>Rafhlöðuending allt að 2.5 tímar |

**WINDOWS VISTA**
Tölvan er uppsett með Windows Vista Home Premium ásamt öllum uppfærslum og er tilbúin til notkunar

**8XDVD ± SKRIFARI**
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les, skrifar DVD og venjulega geisladiska

**VEFMYNDAVÉL**
Skýr og góð 0.3MP Acer CrystalEye vefmyndavél innbyggð í skjáinn sem virkar vel með msn og skype

FRÁ 2.947 KR Á MÁNUÐI

**VERÐ 89.900**

## ACER 5520G-6A

FRÁ 2.947 KR Á MÁNUÐI

1.8Ghz AMD Turion64 X2 TK55 - 1MB flýtiminni
1GB DDR2 minni • 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
DVD±/DL skrifari • 15.4" WXGA WideScreen CrystalBrite skjár
256MB ATI Radeon X1250 skjákort • 5 in 1 kortalesari
Þráðlaust b/g netkort • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 89.900**

## MSI PR200 BLEIK

FRÁ 3.847 KR Á MÁNUÐI

1.5GHz Core 2 Duo T5250 - örgjörvi með 2MB flýtiminni
2GB DDR2 667MHz minni • 160GB SATA harður diskur
DVD±/DL skrifari • 12,1" WXGA WideScreen skjár
Intel GMA X3100 PCI-Ex skjákort • 4 in 1 kortalesari
Bluetooth • 1.3MP myndavél • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 119.900**

## ACER 5920G-60 MN

FRÁ 4.747 KR Á MÁNUÐI

2.2GHz Intel Core 2 Duo 7500 örgjörvi
2GB minni • 250GB harður diskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
512MB Geforce 8600GT skjákort
Windows Vista Home Premium

**VERÐ 149.900**

## ACER 5720G-10

FRÁ 3.547 KR Á MÁNUÐI

1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi
2GB minni • 250GB harður diskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
256MB DDR Geforce 8400 DX skjákort
Windows Vista Home Premium

**VERÐ 109.900**

## ACER A7720G-60 G3

FRÁ 5.647 KR Á MÁNUÐI

2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500 örgjörvi
2GB minni • 500GB harður diskur
DVD skrifari • 17" WXGA skjár
512MB DDR Geforce Go 8600 skjákort
Windows Vista Home Premium

**VERÐ 179.900**

## ACER A7720G-60 G5

FRÁ 4.747 KR Á MÁNUÐI

2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500 örgjörvi
2GB vinnsluminni • 320GB harðdiskur
DVD skrifari • 17" WXGA X-black
256MB DDR Geforce 8400 skjákort
Windows Vista Home Premium

**VERÐ 149.900**

Logitech Alto lyklaborð með fartölvu stand — **VERÐ 9.990**

Logitech KINETIC 15.4 bakpoki grár — **VERÐ 9.990**

15.4" Dicota Zen Spirit svört hliðartaska — **VERÐ 3.990**

15.4" Dicota PerfectSkin svart fartölvuskin — **VERÐ 2.990**

Office Home and Student 2007 CD — **VERÐ 14.900**

Logitech V150 Laser mús fyrir fartölvur — **VERÐ 3.990**

Logitech VX Revolution mús fyrir fartölvur — **VERÐ 6.990**

Bitdefender Internet Security v10 vírusvörn — **VERÐ 1.990**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.

**TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ** 2%

REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | AKUREYRI • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | EGILSSTAÐIR • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | AKRANES • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765
SELFOSS • AUSTURVEGI 34 • S: 414 1745 | ÞJÓNUSTUDEILD • HÁTÚN 6A • S: 414 1720

## > Val Kilmer

Val Kilmer brotnaði á hægri handlegg við tökur á myndinni The Doors þar sem hann hoppaði af sviði og áhættuleikari náði ekki að grípa hann. Eftir slysið fékk Val Kilmer óvenjulega mikinn og skrítinn beinvöxt á hægri olnboga. Þetta sést greinilega í kvikmyndum sem hann hefur leikið í og þá sérstaklega í myndinni Heat. Val Kilmer leikur í kvikmyndinni Spartan sem er sýnd á Stöð 2 Bíó kl.22 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FÉKK KULDAHROLL INNI Í STOFU

# Að takast á við sjálfan sig

Sjósundfólkið í Kastljósinu á þriðjudagskvöld eru hetjur í mínum augum. Að geta hlaupið úti í frosti og snjó á sundfötunum einum saman og því næst stokkið út í jökulkaldan sjóinn er eitthvað sem einungis heljarmenni geta framkvæmt.

Hugsanlega er þessi hópur, sem syndir í Nauthólsvík tvisvar í viku, haldinn einhvers konar masókisma því á meðan á þessum ósköpum stendur getur vellíðanin ekki verið mikil. Eftir á getur vel verið að mönnum líði betur þegar þeir eru komnir ofan í heitan pottinn en ekki get ég þó séð að neitt sé þess virði að svamla svona um í kuldanum.

Fyrir utan vellíðunartilfinninguna eftir á, sem allir viðmælendur Kastljóssins töluðu um, þá snýst sjósund vafalítið um að takast á við sjálfan sig og finna hvar þolmörk sálar og líkama liggja. Bara það að leggja út í svona ævintýri hlýtur að krefjast mikils sjálfsaga og að halda dampi og klára hvert sund viku eftir viku hlýtur að gefa mönnum óbilandi sjálftraust varðandi allt annað sem þeir taka sér fyrir hendur.

Einn viðmælandinn nefndi einmitt að þótt of mikill kuldi sé eflaust ekkert heilsusamlegur sé það afar góð tilfinning að geta lokið við hvert sund. Eflaust gætu margir tekið hann sér til fyrirmyndar sem eiga erfitt með að klára einföldustu hluti sem þeir hafa byrjað á.

Þó svo að ég ætli mér ekki að gerast sjósundsgarpur í framtíðinni getur vel verið að ég endurveki tilfinninguna frá því í skólasundinu í gamla daga, skelli mér í kalda laugina og verðlauni síðan sjálfan mig með heitum og notalegum potti. Það gæti mögulegaverið þess virði, þótt það sé alveg á mörkunum.



**SJÓSUND** Sjósundsfólkið í Ríkissjónvarpinu synti í ísköldum sjónum með bros á vör.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00 Be Cool** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.00 Hollyoaks** SIRKUS



▶ **19.30 Game tíví** SKJÁREINN



▶ **21.10 Flight Of The Conchords** STÖÐ 2



▶ **22.25 Aðþrengdar eiginkonur** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** e.
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Prinsinn af Bengal** e.
**18.00 Stundin okkar**
**18.30 Svona var það** (20:22) (That 70's Show) e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 07/08 bíó leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir.
**20.45 Bræður og systur** (Brothers and Sisters II) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**21.30 Trúður** (2:10) (Klovn II) Dönsk gamanþáttaröð
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives IV) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.10 Gatan (5:6) (The Street) e.**
**00.10 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Chain Reaction** (e)
**08.00 Elizabethtown**
**10.00 Kicking and Screaming**
**12.00 Be Cool**
**14.00 Elizabethtown**
**16.00 Kicking and Screaming**
▶**18.00 Be Cool** Framhald hinnar geysivinsælu gáskafullu glæpamyndar Get Shorty.
**20.00 Chain Reaction** (e)
**22.00 Spartan**
**00.00 Æon Flux**
**02.00 Missing**
**04.00 Spartan**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar
**08.10 Wife Swap**
**08.55 The Bold and the Beautiful**
**09.15 Í fínu formi**
**09.30 Wings of Love**
**10.15 Sisters** (10:22) (e)
**11.00 Joey** (9:22)
**11.25 Örlagadagurinn** (18:30)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.45 Commander In Chief**
**15.30 Heima hjá Jamie Oliver**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Sabrina - unglingsnornin, Doddi litli og Eyrnastór, Nornafélagið, Magic Schoolbus, Doddi litli og Eyrnastór
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag og íþróttir**
**19.25 The Simpsons** (22:22) (e)
**19.50 Friends**
**20.15 Back To You**
**20.40 My Name Is Earl** (1:28) Jason Lee er að sjálfsögðu áfram í hlutverki klaufans Earls, sem rembist áfram við að bæta fyrir misgjörðir sínar með æði miðjöfnum árangri.
▶**21.10 Flight of the Conchords** (3:12) Þátturinn fjallar um tvo nýsjálenska galgopa sem fluttir eru til Bandaríkjanna í leit að frægð og frama.
**21.35 Numbers** (17:24) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði.
**22.20 All About George** (4:6)
**23.10 Pressa** (6:6)
**00.00 Touch of Pink**
**01.30 Cold Case** (3:23)
**02.15 Never Die Alone**
**03.40 The Stickup**
**05.15 The Simpsons** (22:22) (e)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 England - Sviss** e.
**13.25 Írland - Brasilía** e.
**15.05 England - Sviss** e.
**16.45 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**17.40 Inside the PGA**
**18.05 Inside Sport** (Ricky Hatton / Dwaine Chambers) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
**18.35 World's Strongest Man 2007**
**19.05Njarvík - KR Iceland Express-deildin 2008** Bein útsending frá leik Njarðvíkur og KR í Iceland Express deildinni í körfubolta.
**20.50 Utan vallar** (Umræðuþáttur) Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
**21.35 NFL** (NFL Gameday) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL-fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.
**22.05 Heimsmótaröðin í póker**
▶**23.00 Njarvík - KR Iceland Express-deildin 2008** Útsending frá leik Njarðvíkur og KR í Iceland Express deildinni í körfubolta.
**00.30 Utan vallar**

## SÝN 2

**15.40 Newcastle - Middlesbrough** Útsending frá leik Newcastle og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.
**17.20 Portsmouth - Chelsea** Útsending frá leik Portsmouth og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 English Premier League**
**20.00 Premier League World**
**20.30 PL Classic Matches**
**21.00 PL Classic Matches**
**21.30 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**22.30 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
**23.55 Coca Cola-mörkin**

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.25 Vörutorg**
**17.25 Less Than Perfect** (e)
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**19.00 Dýravinir** (e)
▶**19.30 Game tíví** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 The Office** (8:25) Óvæntar fréttir berast af sameiningu Scranton-útibúsins og Stamford-útibúsins af Dunder-Mifflin sem þýðir að leiðir Jim og Pam liggja aftur saman. Michael, Dwight og allir hinir á skrifstofunni þurfa að takast á við breytingarnar.
**20.30 30 Rock - Lokaþáttur** Það gengur á ýmsu í lokaþætti fyrstu þáttaraðar. Liz á í erfiðleikum í fjarsambandinu við Floyd. Tracy er týndur og Liz fær Kenneth til að hjálpa sér að finna hann. Jack fær mömmu sína í heimsókn. Elaine Stritch var tilnefnd til Emmy-verðlauna fyrir frammistöðu sína sem mamman. Sean Hayes úr Will & Grace leikur einnig gestahlutverk.
**21.00 House** (23:24) Sextán ára skáksnillingur kvartar yfir óbærilegum höfuðverk en fljótlega fara líffæri hans að gefa sig. Á meðan House og félagar reyna að komast að því hvað amar að honum tekst stráknum að móðga og angra alla í læknaliðinu.
**22.00 C.S.I. Miami**
**22.50 The Drew Carey Show**
**23.15 Canada's Next Top Model** (e)
**00.15 Dexter** (e)
**01.10 NÁTTHRAFNAR**
**01.10 C.S.I. Miami**
**02.00 Less Than Perfect**
**02.25 The World's Wildest Police Videos**
**03.15 Vörutorg**
**04.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnd á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





Í KVÖLD KL. 19.30
Á SKJÁEINUM

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.40
### My Name is Earl – NÝ ÞÁTTARÖÐ



Þriðja þáttaröð eins allra ferskasta og skemmtilegasta gamanþáttar síðari ára. Þátturinn sló í gegn þegar hann var sýndur á Sirkus og nú er hann kominn á Stöð 2. Jason Lee er að sjálfsögðu áfram í hlutverki flottræfilsins Earls sem rembist áfram við að bæta fyrir misgjörðir sínar með æði misjöfnum árangri.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Njarvík - KR
### Sýn kl.19.05

Það er stórleikur í Ljónagryfjunni í Njarðvík í kvöld þegar heimamenn taka á móti stjörnuprýddu liði KR í Iceland Express deildinni í körfubolta. Fyrri leikur liðanna var mikil skemmtun þar sem úrslitin réðust ekki fyrr en á lokasekúndum og það má því búast við öðrum eins spennuleik í kvöld.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Svörtu sönggyðjurnar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar: Myrkir músíkdagar 2008
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.20** Útvarpsleikhúsið: Andvaka
**23.10** Krossgötur

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (118:260)
**16.30 Hollyoaks** (119:260)
**17.00 Talk Show With Spike Feresten** (18:22)
**17.25 Special Unit 2** (7:19)
**18.15 Wildfire** (8:13) Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.
▶**19.00 Hollyoaks** (118:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**19.30 Hollyoaks** (119:260)
**20.00 Talk Show With Spike Feresten** (Guest: Bobby Lee) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfelds og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fá áhorfandann til að veltast um af hlátri.
**20.25 Special Unit 2** (7:19) (SU2) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**21.15 Wildfire** (8:13) (Wildfire 2)
**22.00 Gossip Girl** (5:22)
**22.40 Nip/Tuck** (4:14)
**23.25 The Closer** (10:15)
**00.10 Bandið hans Bubba** (1:12)
**00.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn stöðvarinnar þeir Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snædal skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Vangaveltur** Guðrún Ásmundsdóttir tjáir sig um borgarmálin.
**21.30 Nútímafólk** Þáttur í umsjón Randvers Þorlákssonar þar sem hann ræðir við Margréti Pálmadóttur, stofnanda Kvennakórs Reykjavíkur, um tónlistarferil hennar.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Horisont **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.50** Hvad er det værd? **13.20** Arbejdsliv - find et job **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Update **15.30** Pucca **15.35** Kim Possible **16.00** Barda **16.30** Fandango med Christian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Rejseholdet **20.00** TV Avisen **20.25** Ærlig talt **20.50** SportNyt **20.55** Nævningen **22.50** Blind Justice **23.30** Boogie Update

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Migrapolis **11.40** Redaksjon EN - Valg USA **12.30** Landsbylegane **13.45** Tom og Jerry **14.00** Fabrikken **14.30** Heilt vilt **15.05** Hannah Montana **15.30** Megafon **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Den lille blå dragen **17.10** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Krafttaket **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Nattsøsteren **21.30** Uti vår hage 2 **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Livets porto **23.35** P3tv live 00.35 Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Landet som Stalin tog **13.30** Norska kungafamiljen 2007 **14.30** Dubbat **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.45** Sagoträdet **17.00** Cirkuskiosken **17.20** Lycka är... **17.25** Krumelurdjur **17.30** Anden i ravioliburken **17.45** Lilla Aktuellt **18.00** Ishockey: Tre kronor live **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Ishockey: Tre kronor live **20.30** Brottet **21.30** Debatt **22.30** Rapport **22.40** Kulturnyheterna **22.50** Uppdrag Granskning **23.50** Out of Practice **00.10** Sändningar från SVT24


# Nýtt blað með Fréttablaðinu á föstudögum

**Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.**




## Sigga Heimis
Iðnhönnuður er hönnunarstjóri hjá Fritz Hansen sem framleiðir meðal annars hönnun Arne Jacobsen.

## Leikarinn Kjartan Guðjónsson
og Topp 10 listinn

## Ólöf Nordal
keypti ævintýravillu Ingólfs Guðbrandssonar í Laugarársnum.

Allt sem þú þarft...




...alla daga

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér AB-mjólk með múslí og vatnsglas með sólhattardropum og stundum líka hvönn. Þetta styrkir ónæmiskerfið, sérstaklega núna þegar kvefið er mikið í gangi. Svo drekk ég espresso-kaffi og fæ mér mjólkurkex með.“*

Lára Stefánsdóttir dansari.

# Nýtt kaffihús hjá Máli og Menningu

Mörg miðbæjarrottan var harmi slegin þegar Súfistanum í Máli og menningu við Laugaveg var lokað. Nú, eftir tæplega mánaðarlanga lokun, geta kaffiþambarar tekið gleði sína á ný því kaffihúsið verður formlega opnað í kvöld klukkan átta. Nú heitir það Te og kaffi.

„Margir hafa komið við í búðinni og haft áhyggjur af því að það verði bara boðið upp á götumál úr pappa,“ segir Kristján Freyr Halldórsson hjá markaðsdeild Pennans. „Kaffidrykkirnir verða vitaskuld bornir fram í postulínsbollum og þeir sem kjósa að taka bollann með sér út fá götumál. Ég legg til að fólk tileinki sér þetta heiti á „take-away“-bollanum, götumál. Tónlistarmaðurinn KK kenndi mér þetta. Einnig verður boðið upp á ljúffengar tertur í engu minna úrvali en var á Súfistanum, heita rétti, súpur og hollustukökur. Sem sé, allt sem prýðir alvöru kaffihús. Og svo er staðurinn gjörbreyttur og miklu flottari en hann var.“



**IÐNAÐARMENN HAMAST VIÐ AÐ INNRÉTTA NÝJA KAFFIHÚSIÐ** Kristján Freyr lofar að allt verði tilbúið í kvöld.

Löng hefð ríkir fyrir menningaruppákomum á þessum stað og Kristján segir að það verði engin breyting þar á. Strax við opnunina verður metnaðarfull dagskrá að sögn Kristjáns. „Við fáum góða gesti í heimsókn og einnig mun hið hæfileikaríka starfsfólk bókabúðarinnar halda erindi í tilefni dagsins. Árni Einarsson, fyrrverandi verslunarstjóri Máls og menningar, framkvæmdastjóri og hóteleigandi, ætlar að stikla á stóru í sögu þessa fræga húss og síðast en ekki síst fáum við hljómsveitina Rússíbana í heimsókn. Þeir hafa ekki spilað opinberlega lengi en spiluðu oft í bókabúðinni forðum. Allir gestir kvöldsins fá svo fría kaffidrykki og meðþí.“

Boðið verður upp á ýmis tilboð í bókabúðinni og kaffi fyrir gesti og gangandi þessa fyrstu opnunarhelgi nýja kaffihússins.

**- glh**



**LÁRÉTT**
**2.** lítið **6.** frá **8.** átti heima **9.** yfirgaf **11.** málmur **12.** stoðgrind **14.** samfokinn fönn **16.** utan **17.** knæpa **18.** að **20.** bardagi **21.** blóðsuga.

**LÓÐRÉTT**
**1.** slitrótt tal **3.** í röð **4.** gutla **5.** tæki **7.** pedali **10.** segi upp **13.** draup **15.** setja **16.** erlendis **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lágt, **6.** af, **8.** bjó, **9.** fór, **11.** ál, **12.** stell, **14.** skafl, **16.** út, **17.** krá, **18.** til, **20.** at, **21.** igla.

**LÓÐRÉTT: 1.** tafs, **3.** áb, **4.** gjálfra, **5.** tól, **7.** fótstig, **10.** rek, **13.** lak, **15.** láta, **16.** úti, **19.** ll.






GUÐLAUGUR ÞÓR: VERTAR EIGA EKKI BANDAMANN Í RÁÐHERRA

# Ráðherra fordæmir reykherbergi alþingismanna

„Þetta eru ekkert óljósar hótanir. Álit ráðuneytisins liggur fyrir,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra, aðspurður hvort tóbakslögin séu ekki einfaldlega gölluð með tilliti til viðurlaga þeirra. Og helst virðist sem aðgerðir gegn krám felist í sviptingu vínveitingaleyfis.

Meðan allt logaði í Reykjavík, borgaraleg óhlýðni gesta á krám sem hafa kveikt sér í sígarettu þrátt fyrir tóbakslögin, var heilbrigðisráðherra staddur í Svíþjóð. Hann er nýlega kominn heim og þetta mál er meðal annarra á hans borði. Ekki er að heyra að vertar, né gestir þeir sem telja tóbakslögin hrákasmíð, eigi sér bandamann í Guðlaugi Þór, Þó hann taki það fram að hann taki ávallt við góðum ábendingum. Hann vitnar í álit ráðuneytisins, sem sé skýrt, en þar segir að lögin séu fullnægjandi og veiti eftirlitsstjórnvöldum heimildir til að beita eftirlitsúrræðum.

Hilmar Birgisson, lögmaður Barsins við Laugaveg 22, hefur bent á að ákvæði laga 6/2002 um tóbaksvarnir sem fjallar um viðurlög á brotum mæli eingöngu fyrir um heimild til að sekta þann sem reykir en ekki umráðamann húsakynna.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON** Tekur ekki undir þau sjónarmið að tóbakslögin séu hrákasmíð.



**EIGENDUR BARSINS** Hafa verið yfirlýsingaglaðir í skjóli álits lögmanns síns en njóta ekki stuðnings ráðherra.

Guðlaugur Þór gefur í sjálfu sér ekki mikið fyrir það og telur ljóst að eina leiðin til að lögin virki sé að ábyrgðin sé hjá vertum. Þannig sé það og ráðherra vísar á heimasíðu ráðuneytisins þar sem sérfræðingur fari yfir málið. „Ég held að enginn véfengi það sem þar segir.“

Jón Magnússon hyggst leggja fram, ásamt fleiri þingmönnum, frumvarp þar sem gert er ráð fyrir því að lögin verði rýmkuð með tilliti til þess að krár geti komið upp reykherbergjum. Meðal þeirra sem látið hafa uppi stuðning við slíku er Pétur Blöndal, Sjálfstæðisflokki. Guðlaugur sér ekki fyrir sér að hann muni ljá því frumvarpi atkvæði sitt. Hefur ekki séð það og segir reyndar sér sýnast að frumvarpið sé ekki á leiðinni.

„Ég greiddi atkvæði með tóbakslögunum á sínum tíma eins og flestir þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Hugmyndafræðilega byggir það á því að reykingar snerta þriðja aðilann.“

Guðlaugur Þór segist, þó það snerti ekki þetta mál beinlínis, hafa fengið mikil viðbrögð við reykherbergi sem finna má í húsi Alþingis. „Þó heimilt sé gagnvart lögum með undanþágum að komið sé upp reykingaaðstöðu fyrir starfsfólk finnst mér fáránlegt að þingið sé með sitt eigið reykherbergi. Einhvern veginn finnst mér að löggjafasamkoman verði að ganga á undan með góðu fordæmi.“



**BARINN** Umdeilt reykherbergi Barsins sem vakti upp borgaralega óhlýðni gegn tóbakslögum.

**jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Í tilkynningu á myspace-síðu sinni segjast meðlimir Jakobínarínu ætla að ganga menntaveginn nú þegar sveitin sé að leggja upp laupana. Miðað við áralanga reynslu þeirra úr tónlistarbransanum mætti ætla að þeir hyggi á háskólanám en því fer fjarri lagi. Framhaldsskólanám er fram undan hjá þeim enda voru strákarnir einungis á grunnskólaaldri þegar hljómsveitin sló í gegn er hún vann Músíktilraunir.

**Egill „Gillz“ Einarsson**, foringi og einkaþjálfari Mercedes Club, flytjanda Hóhóhó, we say heyheyhey, er með böggum hildar. Undanúrslitakvöldið í Eurovision nálgast og honum finnst ekki ganga nógu vel að koma sínum mönnum í rétt form. Gaz-maðurinn svonefndi slasaðist á æfingu en mun líklega ná að slá bumburnar en Partý-Hanz, sem kallast rindill við hlið hans, hefur ekki náð að massa sig upp svo Agli líki. En það var fyrst þegar Gilzenegger greip Gaz-mann glóðvolgan við að háma í sig bollur að það fauk í foringjann og hefur hann nú heraga á sínum mönnum. Því hann ætlar til Serbíu í maí.



Sjónvarpsstjörnurnar **Egill Helgason** og **Ingvi Hrafn Jónsson** verða stöðugt líkari með árunum. Báðir dvelja þeir langdvölum á erlendri grundu og báðir komast að þeirri niðurstöðu, Egill á vefsíðu sinni og Ingvi á ÍNN, að Hillary og Obama muni sennilega fara saman í framboð, annað þá sem varaforsetaefni. Þetta les Ingvi úr líkamstjáningu þeirra og vitnar í bandaríska sérfræðinga en Egill telur að þau saman í Hvíta húsinu myndu breyta viðhorfum heimsbyggðarinnar til Bandaríkjanna.








# Myndir Rebekku seldar í leyfisleysi

Ljósmyndarinn Rebekka Guðleifsdóttir, sem hefur vakið mikla athygli á vefsíðunni flickr.com, uppgötvaði nýlega að myndir hennar væru seldar í leyfisleysi á síðunni iStockphoto, í eigu Getty Images. Um ræðir vinsælan myndabanka, þar sem notendur setja myndir sínar inn og aðrir borga fyrir niðurhal og afnot af þeim. Þar fann Rebekka notanda sem bauð alls 25 af myndum Rebekku til sölu. „Þetta eru ekki háar upphæðir, en svona má bara ekki viðgangast,“ segir Rebekka, sem lenti í svipuðum aðstæðum á síðasta ári, þegar breska fyrirtækið Only-Dreemin seldi myndir hennar í leyfisleysi.

„Ég hafði samband við Myndstef, og setti líka „screenshot“ af síðunni inn á Flickr-síðuna mína og varaði aðra Flickr-notendur við því að þarna gætu verið fleiri stolnar myndir,“ útskýrir Rebekka. Hún segir ótækt að fólk haldi því fram að notendur Flickr geti sjálfum sér um kennt, fyrst þeir hafi birt myndir á netinu. „Staðreyndin er einfaldlega sú að þetta er hreint og klárt lögbrot. Þótt þú hengir myndir upp til sýnis í galleríi þýðir það ekki að hver sem er megi taka þær, þó að það sé gerlegt,“ segir hún.

iStockphoto hafði samband við Rebekku og harmaði uppákomuna. Lokað var á umræddan notanda og myndirnar teknar niður. Rebekka vonar að málið verði til þess að aðstandendur svipaðra vefsíðna taki harðar á þeim sem brjóta höfundarrétt svo gróflega. „Ef það verður viðtekin venja að horfa fram hjá þessu munu listamenn á endanum missa alla von um að geta lifað af því sem þeir gera, því öllum finnst sjálfsagt að stela vinnu þeirra,“ bætir hún við.

**- sun**



**MÁ EKKI VIÐGANGAST** Myndir Rebekku Guðleifsdóttur voru seldar í leyfisleysi á síðunni iStockphoto. Hún segir slík brot á höfundarrétti ekki mega viðgangast.

MYND/REBEKKA GUÐLEIFSDÓTTIR

# Síðustu dagar!

# 20%
## auka afsláttur
af allri útsölu

Allar
útsöluvörur
**200-1600kr.**

| Upphaflegt verð | Verð með 20% auka afslætti |
|---|---|
| ~~499~~ kr. | 200 kr. |
| ~~799~~ kr. | 400 kr. |
| ~~999-1.299~~ kr. | 600 kr. |
| ~~1.499-1.699~~ kr. | 800 kr. |
| ~~1.999-2.499~~ kr. | 1.200 kr. |
| ~~2.999-4.999~~ kr. | 1.600 kr. |

Þessi auglýsing á við fatnað, skó og búsáhöld.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.



**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

# *Stjórnmálaútlitið*

Sá sem fann upp á spekinni um að ekki skuli dæma bókina eftir kápunni var augljóslega að þvaðra út um vitlausan enda. Eins og kápur segja til um innihald bóka kemur fólk upp um skoðanir sínar með útlitinu. Kápur og fólk leyna stundum á sér en það er sjaldgæft.

**AUGLJÓSAST** var þetta á uppvaxtarárum mínum. Þá skiptist fólk í tvo mjög afgerandi flokka, komma og sjalla. Kommar og sjallar litu mjög ólíkt út. Kommarnir síðskeggjaðir og síðhærðir í gæruúlpum en sjallarnir vatnsgreiddir í svörtum jakkafötum, með lakkrísbindi og oftar en ekki með hornspangargleraugu í svartri umgjörð á nefinu. Heima hjá mér var þetta fólk kallað „smjörkúkar“ og enn þann dag er það fyrsta orðið sem mér dettur í hug þegar ég sé fulltrúa þessa hóps.

**NÚ** eru gamlir kommar og smjörkúkar að reyna að semja um það hvort láglaunafólk eigi að fá 142.000, 145.000 eða 150.000 á mánuði í staðinn fyrir þessar 125.000 sem það fær í dag. Þótt menn hafi lítillega breyst sér maður strax hver tilheyrir hvaða hópi. Það er annars merkilegt að fyrir fjórum mánuðum var allt hér í geðveikri uppsveiflu og útrásin í fullum blóma, en nú, þegar láglaunafólk vill fá örlítið stærri mylsnu af góðæristertunni, er allt að fara til fjandans. Heppileg tilviljun.

**STJÓRNMÁLAÚTLITIÐ** sést einnig á unga fólkinu í Háskólanum. Maður þarf ekki að líta nema einu sinni yfir framboðslistana til að sjá hver tilheyrir Röskvu og hver tilheyrir Vöku. Reyndar er skemmtilegt að sjá að hornspangargleraugun sem enginn sannur smjörkúkur gat verið án sjást nú líka stundum á vinstrafólki og heita þá nördagleraugu.

**UNDRUNIN** og reiðin vegna valdaskiptanna í borginni um daginn voru ekki síst tengd útliti aðalleikaranna. Við höfðum Dag, glæsilegan ungan mann með vandað hár, sem slútti tignarlega fram á ennið, löðrandi í ilmandi hárvörum. Hann gæti leikið James Bond hvenær sem er. Í staðinn höfðu tveir glærir karlar, sem báðir gætu leikið vonda karlinn í Bond-mynd, ruðst fram á sviðið með frekju. Hollywood-mótuð undirmeðvitundin hvíslaði að borgarbúum: Vondu karlarnir unnu og James Bond var gerður útlægur. Eðlilega varð allt vitlaust. Nú er bara að sjá hvort höll vondu karlanna springi ekki í loft upp eins og í öllum alvöru Bond-myndum.

**LEIÐRÉTTING**

## Sorrí Páll

Í Bakþönkum á þriðjudag varð mér á að eigna Páli Magnússyni útvarpsstjóra ummæli sem Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður lét falla í frétt um RÚV. Ummælin voru þessi: „Ég er þeirrar skoðunar að RÚV eigi ekki að vera á auglýsingamarkaði. Það eru til margar röksemdir fyrir tilvist ríkisfjölmiðils en þær eiga ekki við um tilvist hans á auglýsingamarkaði. Við megum ekki láta ríkisvaldið þrengja á einkaaðilum á þessum markaði frekar en öðrum.“ Ummæli Páls, sem átti að vísa til, eru að það væri „betra fyrir stofnunina sjálfa og hún væri betur í stakk búin til að uppfylla skyldur sínar ef hún væri ekki á auglýsingamarkaði“. Beðist er velvirðingar á þessu.

**- Karen D. Kjartansdóttir**

